


SJÚKRALIÐINN

2. TÖLUBLAÐ 28. ÁRGANGUR JÚNÍ 2014



Samið til
eins árs

– sjá umfjöllun um kjaramál
á bls. 4-7





Frankvæmdastjórn Sjúkraliðafélags Íslands (SLFI):
Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður.
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður.
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri.
Jóhanna Traustadóttir, ritari.

Skrifstofa félagsins:
Skrifstofa Sjúkraliðafélags Íslands er að Grensásvegi 16, 108 Reykjavík.
Sími 553 9493 eða 553 9494.
Símaþrá, fax 553 9492.

Heimasíða félagsins er www.slfi.is
Skrifstofan er opin mánudaga til föstudaga frá kl. 08:00 til 12:30 og 13:00 til 16:00. Starfsfólk félagsins annast alla almenna skrifstofuþjónustu, upplýsingamiðlun tülkun kjarasamninga og erindrektur fyrir félagið og félagsmenn. Skrifstofan sér um sjóði félagsins svo sem félagssjóð, orlofssjóð, Minningar- og styrktarsjóð, Vinnudeilu- og verkfalls- sjóð auk þess sem hún afgreiðir erindi Starfsmenntasjóðs BSRB og Styrktarsjóðs BSRB. Ennfremur sér skrifstofan um úthlutun á orlofsbúðum og orlofshúsum félagsins í umboði Orlofsnefndar.

Starfsfólk á skrifstofu Sjúkraliðafélags Íslands
Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður,
[netfang: kristin@slfi.is](mailto:kristin@slfi.is)
Gunnar Örn Gunnarsson,
framkvæmdastjóri,
[netfang: gunnar@slfi.is](mailto:gunnar@slfi.is)
Birna Ólafsdóttir, skrifstofustjóri,
[netfang: birna@slfi.is](mailto:birna@slfi.is)
Hanna Hilmarsdóttir, bókarí,
[netfang: hanna@slfi.is](mailto:hanna@slfi.is)
Lilja Laxdal, skrifstofumaður,
[netfang: lilja@slfi.is](mailto:lilja@slfi.is)
Sigríður Ríkhardsdóttir, skrifstofumaður
[netfang: sigga@slfi.is](mailto:sigga@slfi.is)

Sjúkraliðinn:
Sjúkraliðinn er gefinn út af Sjúkraliðafélagi Íslands í 3.300 eintökum.

Ábyrgðarmaður:
Kristín Á. Guðmundsdóttir

Ritnefnd:
Bára Hjaltadóttir. Netfang: fells1@mi.is
María Busk. Netfang: mbusk@rang.is
Þórhildur Una Stefánsdóttir. Netfang: thoruna@gmail.com
Varamaður: Kolbrún Matthíasdóttir.
Netfang: kolbrunmatt@internet.is

Umsjón:
Gunnar Örn Gunnarsson

Prentvinnsla og umbrot:
Stafræna prentsmiðjan ehf,
Hafnarfirði

Merkur dómur um fæðispeninga

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) vann nýverið mál fyrir Félagsdómi gegn íslenska ríkinu. Deilan snerist um skyldu ríkisins til að greiða fæðispeninga þegar matstofa vinnustaðar er ekki opin.

Dómurinn var kveðinn upp 3. febrúar síðastliðinn og er líka stefnumarkandi fyrir sjúkraliða sem hafa samskonar ákvæði í sínum kjarasamningi.

Málið var höfðað fyrir hönd hjúkrunarfræðings á Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Dómkröfur stefnanda (Fíh) voru þær að viðurkennt yrði fyrir dómi að stefndi (HSu) hefði brotið gegn gr. 3.4.3 í kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, með því að hafa ekki greitt hjúkrunarfræðingi hjá stefnda fæðispeninga þegar hún var á vakt en matstofa vinnustaðar var ekki opin, frá og með 1. mars 2012.

Samningsákvæði 3.4.3 hljóðar svo: „Starfsmaður á vakt þegar matstofa vinnustaðar er ekki opin skal fá það bætt með fæðispeningum sem nema 380 kr. enda sé vinnuskylda

starfsmanns a.m.k. 1 klst. fyrir og 1 klst. eftir umsamda matartíma á viðkomandi vakt sbr. tímasetningar matartíma í gr. 3.2.1”

Frankvæmdin hjá HSu var þannig að starfsmönnum gafst kostur á að panta mat fyrir kvöld- eða næturvakt á innra neti stofnunarinnar, en pöntun þurfti að berast fyrir klukkan 13:00. Matarbakkinn fór upp á deild viðkomandi starfsmanns með kvöldmatnum fyrir deildina. Á öllum deildum er hægt að hita matinn upp og aðstaða til að setjast niður og borða, eins er matstofan/ matsalurinn alltaf opin og hægt að matast þar ef fólk vill, en þar er ekki hægt að nálgast leirtau eða hnífapör.

Það er mat dómsins að þeirri aðstöðu sem hér er lýst og stefnanda stendur til boða fullnægi ekki því að geta talist vera matstofa. Verði því að líta svo á að matstofa sé ekki opin þegar stefnandi er við störf á kvöld- og næturvöktum. Þar með hafi stofnunin brotið gegn grein 3.4.3 í kjarasamningi Fíh. Auk þess var íslenska ríkinu gert að greiða Fíh 250.000 krónur í málskostnað.

Ekki verkfall á Ísafold

Samkomulag hefur náðst milli Sjúkraliðafélags Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd Garðabæjar um laun sjúkraliða sem starfa á hjúkrunarheimilinu Ísafold. Með samkomulaginu færast sjúkraliðar af kjarasamningi félagsins við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu yfir á kjarasamning félagsins við sveitarfélögin.

Samningurinn gildir afturvirkur frá 1. mars 2013.

Um hríð leit út fyrir að sjúkraliðar á Ísafold þyrftu að fara í verkfall, en 93,75% þeirra höfðu samþykkt verkfallsboðun. Samkomulag náðist áður en til þess kom og var það samþykkt með miklum meirihluta í leynilegri kosningu.

Sumarlokun skrifstofu Sjúkraliðafélagsins

Skrifstofa Sjúkraliðafélags Íslands verður lokuð frá 21. júlí til og með 4. ágúst 2014 vegna sumarleyfa starfsmanna.

Þeir sem nauðsynlega þurfa aðstoð vegna orlofshúsa geta náð í umsjónarmann í símanúmerinu sem skráð er á leigusamninga.

Gleðilegt sumar! Starfsmenn Sjúkraliðafélagsins

Á DAGSKRÁ 2

- Merkur dómur um fæðispeninga
- Ekki verkfall á Ísafold
- Sumarlokun skrifstofunnar

FORMANNSPISTILL 3

- Einkarekstur dregur ekki úr rekstrarkostnaði

KJARAMÁL 4-7

- Aðeins samið til eins árs
- Nýr kjarasamningur við ríkið
- Samið við Reykjavíkurborg
- Samkomulag eftir verkfall hjá SFV

FULLTRÚAÞINGIÐ 8-19

- Neyðarkall frá öllum starfsstéttum
- Skortur á sjúkraliðum
- Alvarlegar afleiðingar fækkunar sjúkraliða
- Ályktanir 23. þings SLFÍ

STARFSUMHVERFIÐ 20-22

- Líðan sjúkraliða og hjúkrunarstjórnun

SJÚKRALIÐASTARFIÐ 23

- Sjúkraliðafélagið toppar allt

FÉLAGSLÍF 24-25

- Ferðalag okkar til Glasgow

RITGERÐIR**SJÚKRALIÐANEMA** 26-29

- Málstofa sjúkraliðanema FB
- Stöðug hugsun um mat, þyngd og útlit
- Konur þriðjungur sjúklinga á Vogu
- Ofskynjanir og ranghugmyndir

SJÚKRALIÐAÐEILDARNAR 30-37

- Fjölbreytt starfsemi Reykjavíkurdeildar
- Betra að hafa kennslu á staðnum
- Öbreytt staða eftir mikla óvissu
- Góð þátttaka í ferð til Eyja
- Góð mæting trúnaðarmanna
- Ánægja með mastersritgerð
- 43 í deildinni á Norðurlandi vestra
- Hvammstangi í Vesturlandsdeild
- Hræðslustjórnun á sumum svæðum

ÍSLANDSMEISTARAMÓTIÐ 38-39

- Nemar frá VMA sigruðu

AUGLÝSINGAR 40

- Haustleiga húsa og íbúða
- Gönguferðir í sumar

FORSÍÐUMYNDIN

Sigurvegarnir á Íslandsmóti í hjúkrun: Helga Margrét Jóhannesdóttir og Anna Fanney Stefánsdóttir.

Einkarekstur dregur ekki úr rekstrarkostnaði



Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, skrifar

Kjaradeilu Sjúkraliðafélags Íslands og SFR - starfsmannafélags í almannajónustu við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) lauk með samningi sem undirritaður var 22. maí. Við samningsgerðina kom í ljós að mikið vantar upp á að stofnanir innan SFV séu rétt skilgreindar lagalega, hvort um sé að ræða opinberan rekstur eða fyrirtæki á almennum markaði, og þá hver réttarstaða starfsmanna er. Innan Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu er þeirri hugmyndafræði flaggað þegar hentar að um sé að ræða einkarekin fyrirtæki sem sjá um rekstur hjúkrunarheimilanna þrátt fyrir að bróðurpartur af rekstrarfénu sé sóttur í almenna sjóði.

Stéttarfélagin gera kjarasamninga við „samninganefnd“ sem að öllu leyti er háð samþykki fjármálaráðuneytisins. Með þessu fyrirkomulagi er samninganefndum stéttarfélaganna haldið frá raunverulegum viðsejanda.

Hætt er við að einkarekstur aukist innan heilbrigðisþjónustunnar á Íslandi og núverandi heilbrigðisráðherra boðar aukin umsvif í þeim málum. Spyrna þarf við fótum ef ekki á illa að fara.

Sjálfsfagnastofnanir hafa sprottið upp sem samningsaðilar ríkis eða sveitarfélaga og oftast með beinum samningum án undangengins útboðs. Ástæðurnar eru einkum þær að stjórnmalamenn telja að samningar við sjálfsfagnastofnanir séu á einhvern hátt réttlætlanlegri en samningar við einkaaðila, það sé með öðrum orðum ekki verið að einkavæða eða fela einkaaðilum framkvæmdina. Algengt viðhorf er að þar sem sjálfsfagnastofnanir greiða ekki arð af rekstri þá geti þær veitt þjónustuna með hagkvæmari hætti en til dæmis hlutafélag. Þarna er um mikinn misskilning að ræða. Þær stofnanir sem vinna innan heilbrigðiskerfisins njóta greiðslu úr ríkissjóði til að standa undir bróðurparti af rekstrinum og jafnvel algjörlega. Með tímanum hafa þessar stofnanir byggt upp umtalsvert eigið fé í formi eigna eða jafnvel fjármuna og eru sumar þessara stofnanna meðal stærstu fasteignaeigenda hér á landi.

Benda má á að eðli og umfang sjálfsfagnarstofnana þarf að skoða, m.a. í tengslum við gæði þeirrar þjónustu sem þar er veitt. Stjórnvöld eiga að bera ábyrgð á þeirri þjónustu sem aldráðir njóta á Íslandi og geta ekki og eiga ekki að komast upp með að úthýsa rekstrinum og ábyrgðinni. Ríkið og sveitarfélög hafa í vaxandi mæli skorast undan þeirri miklu ábyrgð sem þjónusta við aldráða er með því að fela hana fyrirtækjum sem hafa það augnamið eitt að græða á rekstrinum. Leiðin sem er farin er að minnka gæði þjónustunnar með því m.a. að ráða inn ófaglært fólk í stórum hópum og koma þannig opinberum aðilum undan því að manna samkvæmt kröfum Embættis landlæknis.

Á aðalfundi BSRB sem haldinn var 16. maí sl. var Rúnar Vilhjálmsson, prófessor í félagsfræði við hjúkrunarfræðideild HÍ með erindi. Í erindinu kom fram að íslenska heilbrigðiskerfið hefði fjarlægst kjörmyndina af svokölluðu félagslegu heilbrigðiskerfi á undanförunum árum. Það ætti sér m.a. skýringar í því að ákveðin verkefni hefðu verið færð til innan kerfisins og meira væri um að einkaaðilar sinntu afmörkuðum þáttum heilbrigðisþjónustunnar. Benti Rúnar jafnframt á rannsóknir sem sýna að einkaframkvæmdir í heilbrigðisþjónustu draga almennt ekki úr heildarkostnaði við að reka heilbrigðisþjónustu þótt öðru væri gjarnan haldið fram. Afleiðingar meiri fyrirtækjareksturs innan heilbrigðisþjónustunnar væru gjarnan hærrí komugjöld og meiri ósveigjanleiki innan heilbrigðiskerfisins.

Mikið vantar upp á að stofnanir innan SFV séu rétt skilgreindar lagalega

Kjaraviðræður sjúkraliða leiða til samninga

Nýir samningar gilda bara í eitt ár

„Þar sem stefnt var að því núna að gera einungis samning til eins árs var ekki hjá því komist að taka mið af samningi ASÍ um 2,8% hækkun launa. Segja má að það hafi verið niðurstaðan varðandi samningana við ríkið og Reykjavíkurborg, en þegar allt er tekið saman, það er launaliðurinn og önnur samningsatriði, þá eru kjarabæturnar í heild sinni meiri,“ segir Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands um nýgerða kjarasamninga.

Tíðindamaður Sjúkraliðans hitti Kristínu að máli skömmu áður en blaðið fór í prentun og spurði hana um gang kjaramálaviðræðna síðustu vikna og mánaða.

„Við erum búin að semja bæði við ríkið og Reykjavíkurborg, sem gekk fyrst til samninga við okkur, og þessar viðræður voru allar á friðsamlegum nótum,“ sagði Kristín. „Þriðji stærsti samningsaðili okkar eru sveitarfélögin, en samningurinn við þau rennur ekki út fyrr en í júní þannig að sú vinna er rétt að hefjast. Hins vegar gengu samningaviðræður við sjálfseignarstofnanir sem eru innan Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) erfiðlega og þar kom til verkfalla sem aftur leiddu til þess að samkomulag náðist 22. maí síðastliðinn.“

- *Sagt var frá mikilli vinnu við kröfugerð Sjúkraliðafélagsins í desemberblaði Sjúkraliðans, en hverju hafa viðræður síðustu mánaða skilað?*

„Já, sjúkraliðar lögðu mikið á sig á síðasta ári til að vanda undirbúningi fyrir komandi kjarasamningagerð. Eins og fram hefur komið í Sjúkraliðanum var samkomulag um það meðal aðila vinnumarkaðsins og stjórnvalda að reyna að breyta vinnubrögðum við gerð kjarasamninga meðal annars til að tryggja að nýr kjarasamningur tæki við strax og eldri samningur rennur út. Til stóð að kanna hvernig staðið er að þessum málum á Norðurlöndunum og



Samkomulag við SFV í höfn. Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, og Árni Stefán Jónsson, formaður SFR, fagna niðurstöðunni.

draga af því lærdóma fyrir okkar vinnubrögð hér heima. Starfsnefnd fór á vegum ríkissáttasemjara í vettvangskönnun, en þrátt fyrir það og yfirlýstan vilja um breytingar tókst því miður ekki að breyta vinnubrögðum hér til betri vegar. Þannig fór Alþýðusamband Íslands sína eigin leið og gerði nýjan kjarasamning án þess að ræða neitt frekar við önnur heildarsamtök

launafólks. Þau samtöl og þær athuganir á stöðu fyrirtækja á vinnumarkaðinum sem áttu að vera grunnur viðræðnanna, fóru aldrei fram í samvinnu við BSRB eða önnur samtök launafólks. ASÍ fór bara í sitt gamla far og samdi um 2,8% kjarabætur.“

Þjappað saman á botninum

„Sjúkraliðafélagið rak sig strax á það að viðsemjendur sjúkraliða töldu eðlilegt að taka mið af kjarasamningi ASÍ þegar viðræður hófust um okkar kröfugerð,“ hélt Kristín áfram. „En við vorum eins og alltaf með ýmsar aðrar kröfur en hækk-

Ástandið á vinnumarkaði hefur verið mjög erfitt

un á launaliðnum, og náðum sumum þeirra fram, þótt samninganefndir ríkis og Reykjavíkurborgar hafi verið mjög harðar á því að miða við hækkanir ASÍ. Samt var ljóst að sumar stéttir sættu sig ekki við þá spennitreyju og töldu óhjákvæmlegt að fá leiðréttingu launa sinna og má þar sérstaklega benda á framhaldsskólakennara sem fóru í verkfall. Staðreyndin er sú að á undanförunum árum er búið að þjappa svo saman launastiganum að millistéttin er ekki til lengur. Það eru allir nokkurn veginn á sama staðnum án tillits til menntunar eða reynslu. Margt launafólk er alls ekki sátt við þessa stöðu, en vinnan við að breyta þessu og núllstillta hópana launalega séð er öll eftir. Með það í huga finnst mér mjög eðlilegt að framhaldsskólakennarar hafi farið í verkfall. Þeir hafa setið eftir eins og fleiri stéttir opinberra starfsmanna. Mér finnst dapurlegt að heyra ASÍ-kórinn lýsa því yfir að slíkar nauðsynlegar leiðréttingar hafi eyðilagt þeirra samning, en því miður er umræðan í verkalýðshreyfingunni ekki þroskaðri en þetta.

Hvað sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga varðar þá er líka búið að þjappa þeim saman á botninum launalega séð. En þar sem stefnt var að því núna að gera einungis samning til eins árs var ekki hjá því komist að taka mið af samningi ASÍ um 2,8% hækkun launa. Segja má að það hafi verið niðurstaðan varðandi samningana við ríkið og Reykjavíkurborg, en þegar allt er tekið saman, það er launaliðurinn og önnur samningsatriði, þá eru kjarabæturarnar í heild sinni meiri.“

- Nú er þessi samningur aðeins til eins árs sem væntanlega þýðir að stutt er í næstu samningalotu?

„Já, hún er eiginlega hafin,“ svarar Kristín. „Við munum að sjálfsgöðu byggja næstu samningaviðræður árið 2015 á þeirri miklu vinnu sem sjúkraliðar lögðu á sig á síðasta ári við undirbúning kröfugerðarinnar. Allar þær kröfur sem ekki náðust fram í þessum stutta samningi verða uppi á borði næst, þar á meðal kröfur um úrbætur fyrir vaktavinnufólk.“

- Hver er kjaraleg staða sjúkraliðastéttarinnar eftir þessa samningalotu?

„Staða stéttarinnar kjaralega séð er í raun óbreytt að því er varðar samanburð við aðrar starfsstéttir. Við lögðum mikla áherslu á það í samningaviðræðunum við ríkið að þeir fjármunir sem voru til ráðstöfunar færu inn í launatöfluna til þess að leiðrétta hana. Við fengum núna töluverða

Nýr kjarasamningur við fjármálaráðuneytið

Hærrí laun og aukin réttindi

Mikill meirihluti sjúkraliða sem starfa hjá ríkinu hefur samþykkt nýgerðan kjarasamning félagsins við ríkisvaldið, eða 70,9% þeirra sem tóku þátt í atkvæðagreiðslunni.

Á kjörskrá voru 1075 sjúkraliðar, en 512 greiddu atkvæði eða 47,63%. Þar af samþykktu 70,90% nýja samninginn, 26,56% voru á móti, en 2,54% sjúkraliðanna tóku ekki afstöðu.

Meginatriði nýja kjarasamningsins eru sem hér segir:

Gildistími samningsins

Nýi samningurinn gildir frá 1. mars 2014 til 30. apríl 2015, eða í 14 mánuði.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót fer úr 52.100 krónum í 73.600 krónur.

Orlofsuppbót fer úr 28.700 krónum í 39.500 krónur.

Sjóðir félagsins

Framlög í sjóði félagsins hækka um 0,1% af öllum launum og kemur það til framkvæmda 1. apríl 2014.


Yfirvinnugreiðslur

Starfsmenn í dagvinnu í vaktavinnuumhverfi fá greiddar 25 mínútur í yfirvinnu í stað 15 mínútna áður.

Fræðslumál

Grein 10.1.2: Sjúkraliðar sem stunda viðurkennt sérnám eða sækja framhalds- eða endurmenntunarnámskeið sem nýtur viðurkenningar heilbrigðisyrivalda og fellur að starfspróunaráætlun stofnunar og/eða starfsmanns, haldi föstum launum með fullu vaktálagi meðan slíkt nám varir, allt að þrem mánuðum á hverjum 5 árum. Launahlutfall í námsleyfi sé sem næst meðaltali launa þann tíma sem rétturinn vannst á.

Heimilt er að veita starfsmönnum, sem ákvæði þetta tekur til, námsleyfi með þessum kjörum tíðar en að framan greinir en þá



Niðurstöður kosninga um kjarasamning Sjúkraliðafélags Íslands við ríkið.

skemur hverju sinni þó ekki umfram 1 mánuði á hverjum 20 mánuðum enda leiði ekki af því aukinn kostnaður. Heimilt er að veita lengra leyfi sjaldnar eða allt að 6 mánuði á hverjum 10 árum. Á sama hátt er heimilt að veita 9 mánaða leyfi á hverjum 12 árum. Næstu 3 ár eftir að námsleyfi lýkur í því tilviki, ávinnst ekki réttur til námsleyfis.

Bókun

Ríkið mun skoða hvort ástæða sé til að bregðast við akkordsvöktum/stubbavöktum og ef í ljós kemur að þörf sé á verða settar leiðbeinandi reglur.

Launahækkanir

Allar launahækkanir eru lagðar í hækkun og breytingu á launatöflu með launakostnaðarauka upp á 3,6%.

Breytingin er skref í þá átt að leiðrétta launatöfluna sem á að vera með 2,5% á milli þrepa og 5% á milli flokka.

Með breytingunni er orðið 2,1% á milli þrepa sem var komið niður í 1% í sumum launflokkum.

Bilið á milli launaflokka er nú frá 2,9% og upp í 4,7%.

Nýr kjarasamningur við Reykjavíkurborg

Margvíslegar kjarabætur

Sjúkraliðar sem starfa hjá Reykjavíkurborg samþykktu nýjan kjarasamning í atkvæðagreiðslu á netinu með miklum meirihluta. Ríflega 72% þeirra sem greiddu atkvæði samþykktu samninginn, en 25% voru á móti. Á kjörskrá voru 126 sjúkraliðar, en 68 þeirra greiddu atkvæði. Kosningaþátttakan var því 53,2%.

Meginatriði nýja kjarasamningsins eru sem hér segir:

Gildistími

Samningurinn gildir frá 1. apríl 2014 til 30. apríl 2015, eða í 13 mánuði.

Eingreiðslur

Samíð var um 14.600 króna eingreiðslu fyrir fullt starf og hlutfallslega til þeirra sem eru í hlutastarfi. Greiðslan miðast við þá sem eru í starfi í apríl 2014 og eru enn í starfi í maí sama ár, en greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma ef á það reynir.

Þann 1. febrúar 2015 greiðist 20.000 króna eingreiðsla miðað við fullt starf í desember 2014 og hlutfallslega til þeirra sem eru í hlutastarfi og greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma ef á það reynir.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót fer úr 58.000 krónum í 79.500 krónur.


Orlofsuppbót fer úr 28.700 krónum í 39.500 krónur.

Grein 3.4.2

Fæðispeningar fara úr 380 krónum í 598,90 krónur fyrir hvern vinnuskyldu-dag.

Símenntun

Framlög til símenntunar hækka um 0,1% af öllum launum og kemur sú hækkun til framkvæmda 1. apríl 2014.



Breytt röðun í launatöflu

Launatöflunni var breytt þannig að neðstu aldursþrepin eru tekin af og launahækkunar úr frá launatöflu verða þá frá 2,8% upp í 5,7%. Meðaltalshækkun með breytingum sem gerðar eru á launatöflu er um 4,1%.

Sjúkraliðar sem færast til í röðun vegna breytingarinnar hækka enn frekar. Sjúkraliði 1, 2 og 3 verða allir sjúkraliði 3 og raðast í B 05 í stað B 03, B 04 og B 05 áður. Þeir fara allir í B 05.

Inn kemur nýtt röðunarheiti: Sjúkraliði starfar í húsnæðisúrreiði fyrir fatlað fólk og fer í B 08.

Sjúkraliði 4, sem starfar á dagdeild/sérdeild fyrir heilabílaða og hefur starfað í a.m.k. 3 ár, fer úr B 06 í B 08.

Sjúkraliði 5, hópstjóri, fer úr B 09 í B 10.

Annað breyttist ekki í röðun. Sjúkraliði 6 og 7 eru í B 10 og deildarstjóri/matsfulltrúi eru í B 11.

Bókun

Samkvæmt sérstakri bókun mun Reykjavíkurborg skoða hvort ástæða sé til að bregðast við akkorðsvöktum/stubbavöktum og ef í ljós kemur að þörf sé á verða settar leiðbeinandi reglur.

breytingu á launapreunum og lítum á það sem fyrsta skrefið til að lagfæra launatöfluna, sem er mjög skökk.“

Átök um afturvirkni

- Á hverju strandaði í viðræðunum við SFV?

„Staða okkar gagnvart Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu var nokkuð önnur en í viðræðum við ríki og borg og þar kemur tvennt til. Í fyrsta lagi voru starfsmenn þessara stofnana ekki taldir vera með réttindi opinberra starfsmanna, þótt rekstur þeirra sé fjármagnaður af ríkinu. Í öðru lagi stóðum við frammi fyrir því að starfsmenn stofnananna höfðu ekki fengið 4,8% launahækkun sem fólst í jafnlaunaátaki fyrrverandi ríkisstjórnar. Þetta var mjög alvarleg staða því starfsmenn þessara stofnana höfðu bæði lélegri réttindi og lægri laun,“ sagði Kristín.

„Þetta átti ekki bara við um sjúkraliða heldur einnig félagsmenn SFR stéttarfélags í almannapjónustu, hjúkrunarfræðinga, félagi í Eflingu sem vinna á þessum stofnunum og þá sem eru í starfsmannafélögum vítt og breitt um landið. Við töldum ófært að semja við SFV til eins árs án þess að fá lagfæringu á þessu einfaldlega vegna þess að þá værum við í reynd að leggja blessun okkar yfir þetta ástand. Við áttum samtöl við aðrar starfstéttir, þar á meðal hjúkrunarfræðinga og Eflingarstarfsmenn. Niðurstaðan varð samt sú að við fórum saman í aðgerðir með SFR starfsmannafélagi í almannapjónustu til að knýja á um viðunandi lausn, sem reyndar mun líka gagnast þeim starfstéttum sem ekki vildu berjast með okkur. Um miðjan apríl var haldin atkvæðagreiðsla um boðun verkfalla á stofnunum innan SFV, og var það samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta hjá báðum félögum. Fyrst var efnt til nokkurra dagsverkfalla, en ótímabundin vinnustöðvun hófst fimmtudaginn 22. maí. Þegar fyrsta dagsverkfallið hófst var staðan í stórum dráttum sú að SFV hafði fallist á að taka inn í kjarasamninginn réttindakafla sem fæli í sér réttindi opinberra starfsmanna án þess að beint væri vísað í lögin. Við lögðum fram tillögu að sérkafla um þessi réttindi í sjö liðum sem SFV vildi ekki sætta sig við óbreytta, en í kjölfarið settust lögsmenn samningsaðila yfir orðalagið til að reyna að ná sam-eiginlegri niðurstöðu. Varðandi launin þá samdi SFV við hjúkrunarfræðinga og Eflingu og fengu um leið samþykkt af hálfu ríkisins að þær launahækkun-

ir yrðu greiddar, það er 2,8% hækkunin og 4,8% hækkun jafnlaunaáttaksins. Þeir samþykktu því að þessar hækkunar kæmu inn í kjarasamning sjúkraliða frá og með 1. mars á þessu ári. En SFV hafnaði hins vegar réttlætiskröfu okkar um að hækkunin vegna jafnlaunaáttaksins tæki gildi frá 1. mars 2013 eins og reyndin var hjá ríki og bera fyrir sig að stofnanirnar muni ekki fá slíka afturvirkni greidda frá ríkinu. Við bentum á að hér væri um að ræða mikla hagsmuni fyrir sjúkraliða eða að meðaltali 200-300 þúsund krónur á hvern einstakling í 100% starfi. Það gengur auðvitað ekki þessum starfsmönnum eigi að blæða til að halda stofnunum gangandi.

Við höfum líka bent á þá staðreynd að ríkið ber ábyrgð á málefnum aldraðra í landinu og fjármagnar rekstur heilbrigðisstofnana að þessu leyti. Það er auðvitað erfið staða fyrir Sjúkraliðafélagið að vera að semja við heilbrigðisstofnanir um fjármagn sem kemur frá ríkinu í stað þess að semja beint við ríkið. Annað sem er mjög sérkennilegt í þessum viðræðum að við vorum að semja við samninganefnd sem virtist á köflum ekki hafa neitt alvöru umboð til að semja, með fullri virðingu fyrir þeim sem eru í þeirri nefnd. Það sýndi sig hvað eftir annað í viðræðunum að þeir sem taka allar ákvarðanir fyrir hönd SFV voru ekki í samninganefnd samtakanna. Þetta var mjög óþægileg staða.“

Launahækkun hjá SFV ásættanleg

Samkomulag náðist við SFV skömmu eftir að verkfallið 22. maí hófst, en þá hafði sáttafundur staðið í 26 klukkustundir.

„Ég er mjög sátt með niðurstöðuna því við náðum í raun flestum okkar markmiðum,“ sagði Kristín þegar skrifað hafði verið undir nýja kjarasamninginn.

Umsamin launahækkun felur í sér hækkun í samræmi við almennar launahækkunar og hækkun í samræmi við jafnlaunaáttak fyrrverandi ríkisstjórnar á heilbrigðisstofnunum, þannig að laun hækka þó nokkuð. Krafa sjúkraliða um að hækkun vegna jafnlaunaáttaksins næði eitt ár aftur í tímann fékkst ekki fram, en SFV féllst á að draga ekki laun verkfallsdagana frá heildarlaunum sjúkraliða.

Nýr réttindakafli samningsins er sniðinn eftir lögum um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna hvað varðar nauðsyn áminningar áður en til uppsagnar kemur og andmælaréttar starfsmanna.

Stutt verkfall hjá stofnunum innan SFV

Fá sambærileg kjör og hjá ríkinu

Skrifað var undir kjarasamning milli Sjúkraliðafélags Íslands og SFR- stéttarfélag í almannaþjónustu við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu að morgni fimmtudagsins 22. maí, en þá hafði sáttafundur staðið í rúman sólarhring. Með samningi þessum eru starfsmenn SFV orðnir jafnfætis starfsmönnum hjá ríkinu hvað varðar réttindi og kjör.

Sjúkraliðar starfa hjá eftirtöldum stofnunum sem eru aðilar að Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) sem rekin eru fyrir opinbert fé: Ás, Dalbær, Eir, Garðvangur, Grund, Hlévangur, HNLFI, Hornbrekka, Hrafnista Reykjavík, Hrafnista Hafnarfirði, Hrafnista Kópavogi, Hrafnista Reykjanesi, Kumbaravogur, Lundur, Mörk, SÁÁ, Sjálfbjargarheimilið, Skjól, Skógarbær, Sóltún og Sunnuhlíð/Vigdísarholt.

Meginkröfur sjúkraliða voru að félagsmenn sem starfa á stofnunum innan SFV haldi sambærilegum réttindum og opinberir starfsmenn. Einnig var þess krafist að jafnlaunaáttakið sem kvennastéttir innan heilbrigðisstofnana ríkisins fengu frá 1. mars 2013 komi inn í samningana og verði greitt afturvirktil til félagsmanna SFR og SLFI frá þeim tíma. Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, var ánægð eftir undirritun samningsins: „Stóru tíðindin eru náttúrulega að fólkið sem þarna starfar sé komið með sambærileg réttindi og þeir sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum. Svo ekkert síður hitt að þessi mikli munur sem var orðinn á launum, það er búið að jafna hann.“

Verkföll og atkvæðagreiðsla

Sjúkraliðafélag Íslands hefur verið í kjaraviðræðum við SFV undanfarna mánuði. Þar sem lítið þokaðist og flest mál voru óútkljáð þótti nauðsynlegt að knýja enn frekar á um nýjan samning. Því greiddu sjúkraliðar atkvæði um það í apríl hvort boða ætti til verkfalls og þá í samvinnu við SFR.


Atkvæðagreiðslan fór fram 17. apríl síð-

astliðinn og niðurstaðan var afdráttarlaus. 93,75% studdu verkfallsboðun, en 5,47% voru á móti. 0,78% skiluðu auðu. Í samræmi við þessa niðurstöðu fóru sjúkraliðar hjá sjálfseignarstofnunum í tímabundin verkföll mánudaginn 12. maí, fimmtudagur 15. maí og mánudaginn 19. maí. Sjúkraliðafélagið og SFR opnuðu sameiginlega verkfallsmiðstöð í húsi BSRB að Grettisgötu 89 fyrsta verkfallsdaginn. Þar var verkfallsvarsla á stofnunum skipulögð og verkfallsvörsluhópar gáfu þar skýrslur um gang mála á hverjum stað.

Þar sem ekkert gekk í viðræðunum þrátt fyrir þessi dagsverkföll hófst allsherjarverkfall allra félagsmanna SLFI og SFR sem starfa hjá stofnunum innan SFV fimmtudaginn 22. maí, en því lauk snemma þann sama dag þegar samkomulag náðist um nýjan kjarasamning.

Sjúkraliðafélag Íslands og SFR stóðu fyrir kynningu á efni nýja samningsins.

Rafræn kosning um samkomulagið hófst síðan þriðjudaginn 27. maí og henni lauk þriðjudaginn 3 júní. Niðurstöður atkvæðagreiðslunnar eru sem hér segir:



Niðurstöður kosningar um kjarasamning milli SLFI og SFR við samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu.

Heilbrigðisþjónustan allstaðar undirmönnuð

Neyðarkall frá öllum starfsstéttum segir í ársskýrslu stjórnar og starfsnefnda SLFÍ

„Öll starfsemi heilbrigðisþjónustunnar á landinu er undirmönnuð, tæki biluð eða úrelt og starfsfólk aðframskið eins og hægt er að ímynda sér að um stríðshrjád land væri að ræða,“ segir í skýrslu stjórnar Sjúkraliðafélags Íslands fyrir nýliðið starfsár, sem Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður félagsins, flutti á Fulltrúaþinginu 14. maí síðastliðinn.

Í ársskýrslunni segir meðal annars:

Heilbrigðiskerfið á Íslandi hefur riðað til falls um nokkuð langt skeið eftir margra ára niðurskurð, þrengingar og fjársveldi. Svo langt hefur gengið að forstjóri Landspítalans, Björn Zoega, sagði af sér á haustdögum vegna þess að staða sjúkrahússins var orðin það alvarleg að hann gæti ekki lagt nafn sitt við slíkan rekstur.

Uppsögn forstjórans undirstrikaði þá alvarlegu stöðu sem heilbrigðisþjónustan er komin í. Allar starfstéttir heilbrigðisþjónustunnar hafa sent frá sér neyðarkall og undirstrika þær að ekki sé lengur hægt að veita þá lágmarksþjónustu og öryggi sem heilbrigðisþjónustan á lögum samkvæmt að veita.

Fulltrúar Landspítala hafa komið að máli við forystu félagsins og lýst yfir miklum áhyggjum af þeirri alvarlegu stöðu sem uppi er varðandi fjölda sjúkraliða. Lögð hafa verið fram gögn er sýna fjölda sjúkraliða og aldursamsetningu á Landspítala. Óskað hefur verið eftir samstarfi við Sjúkraliðafélag Íslands um að sameinast í verkefni sem hafi það að markmiði að fjölga sjúkraliðum og skoða hvort ekki sé hægt að styðja ófaglærða starfsmenn, sem eru í störfum inni á LSH, til þess að fara í sjúkraliðanám.

Þessi þróun á sér langan aðdraganda og á ekki að koma á óvart. Árum saman hefur Sjúkraliðafélag Íslands varað við stöðunni. Það er ekki fyrir en nú þegar undirmönnunin snertir fleiri stéttir en þá sem starfa í grunnþjónustunni að raddirnar verða sterkari.

Slagnum við fyrrum ríkisstjórnir, þegar



Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, flytur skýrslu stjórnar á Fulltrúaþingi félagsins.

einkavæða átti nánast alla heilbrigðisþjónustuna, gera Landspítalann að hlutafélagi og reka á arðsemisgrundvelli, er ekki lokið. Þessar hugmyndir hafa einungis verið settar til hliðar í bili og er bara spurning um hvenær sú hugmyndafræði kviknar að nýju.

Margir telja að mistök hafi verið gerð þegar lagaumgjörðinni um heilbrigðismál var breytt úr þjónustu í rekstur.

Breyta þarf hugmyndafræðinni um þjónustuna með það að markmiði að hún verði skilvirkari. Það er m.a. hægt að gera með því

að menntun og hæfni heilbrigðisstétta, frá sjúkraliðanum og upp úr, verði betur nýtt en nú er.

Hjúkrunarheimilin vítt og breitt um landið hafa átt í miklum rekstrarerfiðleikum, m.a. kom í ljós að Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð í Kópavogi nýtti lífeyrisgreiðslur starfsmanna í reksturinn. Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra viðurkenndi í fréttum að daggjaldagrunnurinn væri veikur og að bregðast þyrfti við stöðunni með almennum aðgerðum. Það hlýtur að þýða að hækka þurfi þau daggjöld sem hjúkrunarheimilin eru rekin fyrir eins og margoft hefur verið bent á af stjórnendum heimilanna.

Reglulega hefur því verið slegið á frest að ljúka þjónustusamningum við hjúkrunarheimilin en samkvæmt núgildandi lagaákvæði á að ljúka því fyrir lok næsta

Heilbrigðiskerfið riðar til falls eftir margra ára niðurskurð, þrengingar og fjársveldi

árs. Talið er að ríkið veigri sér við að gera samningana, þar sem þeir krefjast meira fjármagns en nú er veitt til heimilanna.

Skrifstofa félagsins

Starfsmenn á skrifstofu félagsins aðstoða félagsmenn eftir bestu getu við þau mál sem upp koma hverju sinni. Mikið hefur mætt á starfsmönnum félagsins á síðastliðnum árum, sem er klár endurspeglun á því álagi sem verið hefur á sjúkraliðastéttinni.

Þessa dagana/vikurnar er unnið að kjarasamningum við alla samningsaðila félagsins og hefur gengið misvel. Meginkrafan er að ákveðin leiðrétting verði á launatöflum og að þeir samningar sem gerðir verða núna verði einskonar aðfarasamningar að samningum sem taka við eftir rúmt ár.

Fjöldi starfsmanna á skrifstofunni hefur verið sá sami í fjölda ára þrátt fyrir vaxandi og viðvarandi álag. Starfsmönnum eru færðar miklar þakkir fyrir sérstaklega óeigingjarnt starf í þágu stéttarinnar.

Stjórn Sjúkraliðafélagsins

Í framkvæmdastjórn Sjúkraliðafélags Íslands sitja: Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður, Kristín Ólafsdóttir, varaformaður, Jóhanna Traustadóttir, ritari sem einnig er formaður Reykjavíkurdeildar, Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri og varamennirnir Jakobína Rut Danielsdóttir, vararitari, og Ólöf Jóna Friðriksdóttir, varagjaldkeri.

Í félagsstjórn SLFÍ sitja ásamt framkvæmdastjórn formenn allra landshlutadeildanna: Erla Linda Bjarnadóttir, Vesturlandsdeild, Bergdís Sveinsdóttir, Vestfjarðadeild, Guðrún Elín Björnsdóttir, Norðurlandsdeild vestri, Hulda Birna Frímansdóttir, Norðurlandsdeild eystri, Stefania Stefánsdóttir, Austurlandsdeild, Helga Sveinsdóttir, Suðurlandsdeild, Áslaug Steinunn Kjartansdóttir, Vestmannaeyjadeild, og Ingibjörg Þorsteinsdóttir, Suðurnesjadeild.

Framkvæmdastjórn hefur fundað að jafnaði aðra hverja viku og félagsstjórn fundar ársfjórðungslega.


Saga Sjúkraliðafélagsins

Hafist hefur verið handa við að endurskrifa félagatal sjúkraliðastéttarinnar ásamt sögu félagsins og er gert ráð fyrir að því verði lokið fyrir 50 ára afmæli SLFÍ þann 21. nóvember 2016. Skrið var undir samkomulag við Örn Þorvaldsson sagnfræðing í janúar síðastliðnum.

Vinna er hafin við endursmíði á húseign félagsins við Grensásveg. Skrið var

Sjúkraliðar og nemar á LSH

Fjöldi sjúkraliða/sjúkraliðanema á LSH, byggt á starfsheiti 2 og 3
fjöldi einstaklinga út frá aldri í ágúst 2013 (n=533)



Aldursdreifing sjúkraliða og sjúkraliðanema á Landspítalanum. Grafið sýnir glögglega að hlutfall ungra sjúkraliða er mjög lágt.

undir samning við verktaka þann 17. mars 2014 um að breyta húsnæði félagsins sem í daglegu tali nefnist Kálfurinn. Þar verður fundarsalur sem rúmar um 80 manns í sæti og geymsla fyrir starfseminna. Verkið gengur samkvæmt áætlun og er gert ráð fyrir að því verði lokið fyrir maílok.

Trúnaðarmannaráð

Í Trúnaðarmannaráði Sjúkraliðafélagsins sitja allir kjörnir trúnaðarmenn félagsins á landsvísi. Trúnaðarmannaráð fundaði í tvígang á síðasta starfsári. Á fundunum var unnið að kröfugerð SLFÍ fyrir komandi kjarasamninga. Vel var mætt á báða þessa fundi.

Kjaramálanefnd

Í kjaramálanefnd félagsins sitja: Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður nefndarinnar, Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, ritari nefndarinnar, Birna Rut Þorbjörnsdóttir, Hulda Birna Frímansdóttir, Ingibjörg Hafsteinsdóttir, Kristín Ólafsdóttir, Margrét Auður Óskarsdóttir, Ingibjörg Friðriksdóttir og Þórunn M. Ólafsdóttir. Með nefndinni starfar Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ, auk þess sem Gunnar Gunnarsson, hagfræðingur, aðstoðar nefndina.

Kjaramálanefnd fundaði með Trúnaðarmannaráði félagsins sem kallað var saman til fundar síðastliðið vor þar sem farið var yfir hvernig félagið undirbyggi kröfugerð félagsins fyrir komandi kjarasamninga. Eftir fundinn fóru trúnaðarmenn hver til síns heima og áttu þar fundi á vinnustöðunum með félagsmönnum til að ræða komandi kröfugerð. Trúnaðarmennirnir fengu frest til 21. september til að skila til kjaramálanefndar Sjúkraliðafélagsins tillögum sínum og samstarfsmanna sinna um það sem aðallega brynni á sjúkraliðum varðandi kjör og réttindi sjúkraliða. Kjaramálanefndin var ánægð með þann fjölda tillagna sem nefndinni bærust. Það var einnig hluti af undirbúningi fyrir kröfugerðina að félagið tók þátt í ítarlegri launakönnun sem BSRB gerði fyrir á þessu ári fyrir öll aðildarfélögin.

Framkvæmdastjórn félagsins tók við öllum þessum tillögum og ábendingum og flokkaði þær eftir eðli og samningsaðilum, enda áttu sumar hugmyndirnar eingöngu við um samninga við sveitarfélögin, aðrar snéru að ríkinu og enn aðrar að Reykjavíkurborg. Í ljós kom að ýmsar tillögur sjúkraliða eiga heima í viðræðum um stofnanasamninga, en þær viðræður hefjast ekki fyrir en gerð kjarasamninganna er lokið.

Framkvæmdastjórnin lauk við þessa flokkun og skilaði tillögum áfram til kjaramálanefndar sem vann síðan að kröfugerðinni í samvinnu við framkvæmdastjórn og félagsstjórn og lagði tillögurnar til enn frekari úrvinnslu fyrir nýjan fund Trúnað-

Árum saman hefur
Sjúkraliðafélag Íslands
varað við stöðunni

armannaráðs sem haldinn var 8. október 2013. Á þessum sameiginlega vinnufundi allra þessara aðila var skipt í vinnuhópa eftir viðsejendum, það er eftir því hvort trúnaðarmenn störfuðu hjá ríki, sveitarfélögum, Reykjavíkurborg eða sjálfseignarstofnunum. Þar var enn á ný farið rækilega yfir fyrirbyggjandi tillögur, ákveðið hvað ætti heima í kröfugerð félagsins og hvaða hugmyndum væri rétt að vísa til sameiginlegra viðræðna um réttindamál á vegum BSRB. Vinnuhóparnir sendu síðan tillögur sínar til kjaramálanefndar sem hafði það hlutverk að ganga frá endanlegri kröfugerð Sjúkraliðafélagsins vegna viðræðna við alla samningsaðila sjúkraliða.

Kjaramálanefnd hefur síðan fundað í nokkur skipti með samningseiningum BSRB en stéttarfélög innan bandalagsins fólu BSRB að semja um viðræðuáætlun við ríki, Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga. Kjaramálanefndin hefur síðan fundað með þessum aðilum ásamt Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu. Kjaramálanefnd ákvað á fundi sínum að fara í sameiginlegar viðræður með SFR stéttarfélagi í almannaþjónustu við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu, þar sem lögð hefur verið fram kröfugerð félagsins og þess yrði freistað að ná samningum um réttarstöðu starfsmanna innan fyrirtækjanna.

Fundir í Kjaramálanefnd SLFÍ

Þann 25. september 2013 var farið yfir þau áhersluatriði sem bárust félaginu frá trúnaðarmönnum vegna komandi kjarasamninga. Skýrt var frá fundum sem félagið átti með stéttarfélögum vaktavinnufólks og farið lauslega yfir stöðu mála varðandi jafnlaunaátakið.

Þann 9. nóvember var farið yfir afrakstur vinnuhópanna frá Trúnaðarmannaráðsfundinum 8. október og unnið að kröfugerð SLFÍ. Einnig var farið yfir það hvað af kröfunum yrði sett á borð BSRB vegna komandi kjarasamninga og einnig hvað stæði út af og yrði í ljósi þess á borði félagsins í komandi kjarasamningum.

Í framhaldi fóru formaður og framkvæmdastjóri á fundi í öllum landshlutum þar sem kröfugerðin var kynnt fyrir félagsmönnum. Mikil og góð mæting var á fundina.

Fundir með samninganefnd ríkisins: Farið var yfir kröfugerð félagsins með samninganefnd ríkisins 5. desember 2013 ásamt útskýringum.

Kjaramálanefnd félagsins var boðuð á



Sjúkraliðar á 23. Fulltrúaþingi Sjúkraliðafélagsins.

fund með samninganefnd ríkisins 13. janúar 2013. Það kom nefndarmönnum að óvörum að SNR hafði boðað fundinn með öllum aðildarfélögum BSRB á þennan fund þar sem SNR lagði fram drög að kjarasamningi sem ASÍ hafði gert og var síðan hafnað af félögum Alþýðusambandsins. Aftur var fundað með aðildarfélögum BSRB í lok mars, en þá tókst samkomulag milli SNR og BSRB fyrir hönd aðildarfélaganna um þá þætti sem BSRB hafði verið falið af aðildarfélagunum.

Fundir með samninganefnd Reykjavíkurborgar: Lögð fram kröfugerð Sjúkraliðafélags Íslands 19. desember 2013.

Aftur var fundað með borginni 13. janúar 2014. Fram kom að borgin leggur áherslu á stuttan samning (12 mánaða) og svipaðan og ASÍ skrifaði undir fyrir júl. Sjúkraliðafélagið ítrekar að mikill munur sé á launum eftir því hvort um er að ræða störf hjá hinu opinbera eða á almenna vinnumarkaðnum og kynbundinn launamunur sé til staðar ef skoðuð eru störf þar sem karlar eru í meirihluta (t.d. iðnaðarmenn) annars vegar og hins vegar störf þar sem konur eru í meirihluta (sjúkraliðar). Farið var yfir bókanir síðasta samnings. Farið var yfir tillögur SLFÍ að breytingum á fræðslukaflanum á fundi 20. janúar 2014. Félagið viðraði þá hugmynd

að vinnuveitendur gerðu ófaglærðum í umönnunarstörfum kleift að fara í sjúkraliðanámið/brúna án skerðingar launa.

Til tíðinda dró 27. janúar 2014 er almenni vinnumarkaðurinn felldi nýgerða kjarasamninga. Félagið lagði fyrir samninganefnd Reykjavíkurborgar drög að leiðréttri launatöflu frá 2011. Minnt var á að ekkert hefði heyrst í sambandi við sjúkraliða í heimahjúkrun er starfa á ríkissamningnum, varðandi jafnlaunaátakið og fatapeninga sem félagið hafi margsinnis krafist leiðréttingar á. Samninganefnd Reykjavíkurborgar afhent skjal sem sýnir sjúkraliða með mikinn starfsaldur hjá borginni, en í ljós kom við yfirlestur að mikið vantaði uppá að allir sjúkraliðar væru rétt raðaðir í launatöflu. Breytingar á menntakaflanum voru ræddar án niðurstöðu. Fulltrúar félagsins benti á að gera þyrfti átak til að fjölga í sjúkraliðastéttinni og sérstaklega þyrfti að auka fjölda karla meðal sjúkraliða. Fundað var aftur 3. febrúar 2014. Borgin hafði þá skoðað tillögu félagsins um leiðrétta launatöflu sem afhent hafði verið á síðasta fundi. Fram kom að vilji er til „máta hana“ þegar lengra er haldið í samningagerðinni.

Fatapeningar heimahjúkrunar ræddir. Sjúkraliðar sem höfðu verið vitlaust raðaðir í launatöflu fá leiðréttingu og borgað verður afturvirk þar sem það á við. Farið var yfir opinberar tölur um meðallaun sjúkraliða hjá ríkinu og þær bornar saman við meðallaun sjúkraliða hjá Reykjavíkurborg. Menntakaflinn enn ófrágenginn.

Atvinnuauglýsingar sem birtast á vef borgarinnar verða lagfærðar en auglýst

Í janúar fór af stað framhaldsnám fyrir sjúkraliða í öldrunarhjúkrun á 4. hæfniprepi

hafði verið eftir sjúkraliðum sem yrði borgað eftir kjarasamningi Eflingar. Einnig hafði verið auglýst eftir ófaglærðum eða félagsliðum í umönnunarstörf og hjúkrun en viðurkennt að væru störf sjúkraliða.

Farið var yfir kostnaðarmat á tillögu að leiðréttri launatöflu þann 18. febrúar 2014. Einnig óskaði borgin eftir ítarlegri skýringum á bakvið þær tölulegu upplýsingar sem eru í tillögunum. Afstaða Reykjavíkurborgar gagnvart endurmenntunarkafnanum og umræðunni um fatapeningana er óbreytt.

BSRB hefur unnið ótullega að þeim málum sem aðildarfélagin höfðu falið bandalaginu til hliðar við aðra kjarasamningavinnu félaganna.

Fundir með Sambandi Íslenskra sveitarfélaga: Nokkrir fundir hafa verið haldnir með samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga, þrátt fyrir að samningur við sambandið sé ekki laus fyrr en í júní 2014. Ástæðan er að sveitarfélagið Garðabær hafði ekki samning við félagið en þeir tóku við rekstri nýs hjúkrunarheimilis Ísafoldar og ekki náðust samningar um kjör sjúkraliðanna. Sjúkraliðafélagið vísaði deilunni við Garðabæ til ríkissáttasemjara og tók sveitarfélagið þá ákvörðun að vísa samningsumboðinu til sambandsins. Ákveðið var að boða til vinnustöðvunar 17. apríl ef samningar hefðu ekki náðst fyrir þann tíma. Svo fór að félagið skrifaði undir samkomulag fyrir sjúkraliða á Ísafold þann 3. apríl og var samkomulagið samþykkt af sjúkraliðum tveimur dögum seinna. Boðun um verkfall var því aflýst.

Fundir með samninganefnd Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu: Nokkrir fundir hafa verið haldnir með samninganefnd Sambands fyrirtækja í velferðarþjónustu. Þar var brotið blað þegar ákveðið var að vinna sameiginlega með SFR að gerð samninga við samtökin.

Mikilvægasta krafan er að réttindi starfsmanna haldist í hendur við réttindi starfsmanna ríkisins og að greitt verði afturvirk sambærileg launahækkun og gerð var hjá stofnunum ríkisins vegna „jafnlaunaáttaksins“. Þann 27. mars var deilunni vísað til ríkissáttasemjara þar sem hvorki rak né gekk í viðræðunum. Félagin áttu síðan sameiginlegan fund með félagsmönnum 15. apríl, en þá hafði Sjúkraliðafélagið fundað með trúnaðarmönnum sínum daginn áður, 14. apríl. Á þeim fundi var gerð grein fyrir stöðunni og sýnt fram á að félagin næðu engum árangri nema farið yrði í átök. Kosíð var í rafrænni kosningu um verkfallsboðun sem fæli í sér að setja þrjú ein dags verkföll sem



Sjúkraliðar á Austurlandi ræða kjaramálin.

hæfust 12. maí og endaði í allsherjarverkfalli þann 22. maí, hafi samningar ekki tekist. Niðurstöður kosninganna: 93,75% sögðu já, 5,47% sögðu nei og 0,78% voru auðir. Kosningaþátttaka var 62,1%.


Samstarfsnefndir SLFÍ

Í samstarfsnefndum sitja fyrir hönd Sjúkraliðafélags Íslands formaður félagsins, Kristín Á. Guðmundsdóttir, og Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri, ásamt trúnaðarmanni frá viðkomandi stofnun. Mikið var um fundi og samstarf á liðnu ári, sem kom til vegna jafnlaunaáttaksins hjá ríkinu og mikilla átaka víða á stofnunum og réttindi og starfskjör. Misvel gekk að ná leið-

réttingunni í gegn en hafðist á öllum stofnunum ríkisins nema í Vestmannaeyjum þar sem viðsemjandi okkar reyndi að hlunnfara sjúkraliða um ákveðinn hluta af því sem samið var um.

Tvær samstarfsnefndir eru starfandi án fulltrúa frá skrifstofu félagsins, en það eru samstarfsnefndir við Heilbrigðisstofnunina í Vestmannaeyjum og Sjúkrahúsið á Akureyri. Þar sjá trúnaðarmenn stofnunarinnar um starfið með félagið á bak við sig og gera þetta með miklum ágætum.

Ein samstarfsnefnd er við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu fyrir þær stofnanir sem samtökin hafa samningsrétt fyrir. Þar sitja fyrir hönd félagsins Kristín Ólafsdóttir,



Þessi mynd sýnir mat einstaklinga á fjarvistum frá vinnumarkaði, sjúkraliða borna saman við alla sem hafa sótt þjónustu VIRK. Það er augljóst á þessari mynd að sjúkraliðar þjást mun frekar af stoðkerfisvandamálum en aðrir einstaklingar sem sækja þjónustu VIRK og eins eru þeir ólíklegri til að þjást af geðrænum vandamálum.

varaformaður félagsins og trúnaðarmaður á Skógarbæ, ásamt Kristínu og Gunnari Erni. Í þessari nefnd hefur verið fundað töluvert á árinu þar sem krafist hefur verið leiðréttingar á kjörum sjúkraliða í takt við jafnlaunaátakið, en án árangurs.

Kjörstjórn

Hlutverk kjörstjórnar er að hafa yfirumsjón með kjöri fulltrúa á fulltrúaþing SLFÍ og rannsaka kjörbréf þeirra. Undirbúa og stjórna allsherjaratkvæðagreiðslu um verkfallsboðun, kjarasamninga, frestun eða lok verkfalls samkvæmt ákvörðun félagsstjórnar og kjaramálanefndar, kosningu formanns og að annast og undirbúa aðrar atkvæðagreiðslur eða kosningar sem stjórn eða fulltrúaþing SLFÍ felur kjörstjórn sérstaklega. Kjörstjórn úrskurðar um úrslit í atkvæðagreiðslum og kosningum um vafaatkvæði og önnur ágreiningsatriði sem upp koma í atkvæðagreiðslum sem hún annast (sbr. 29. gr. bls. 12 í handbók trúnaðarmanna SLFÍ).

Fulltrúaþing SLFÍ kys 5 menn og 3 til vara í kjörstjórn til 2 ára. Þeir eru: Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir, formaður nefndarinnar, Ragna M. Gunnarsdóttir, Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, Sólveig Hildur Halldórsdóttir og Ólöf Jóna Friðriksdóttir. Varamenn: Ólafía Ingvarsdóttir, Silja Dögg Sævarsdóttir og Þórunn Kristín M. Arnardóttir. Ekki reyndi á nefndina á síðasta kjörtímabili

Uppstillingarnefnd

Uppstillingarnefnd er skipuð 5 félagsmönnum og 2 varamönnum. Nefndin skal kosin á fulltrúaþingi til þriggja ára. Í Uppstillingarnefnd sitja: Jóhanna Traustadóttir, Hafdís Dögg Sveinbjörnsdóttir, Erla Linda Bjarnadóttir, Þórhildur Una Stefánsdóttir og Soffía Línadal. Varamenn: Jóhanna Bjarndís Sævarsdóttir, og Jakóbína Rut Daníelsdóttir.

Uppstillingarnefnd gerir tillögur um menn í stjórn, nefndir og önnur störf sem Fulltrúaþingið kys. Uppstillingarnefnd skal afla staðfestingar viðkomandi einstaklings á því að hann gefi kost á sér til starfsins.

Ritnefnd

Ritnefnd skipa: María Ágústsdóttir, María Busk og Þorbjörg Rut Guðnadóttir. Varamaður er Guðrún Helga Marteinsdóttir. Ritnefnd annast útgáfu og ritstýrir málagnifélagsins „Sjúkraliðanum“ ásamt ritstjóra blaðsins.

Frá síðasta fulltrúaþingi hafa verið gefin út fjögur tölublað Sjúkraliðans, þar af eitt orlofsblað með upplýsingum um orlofskosti sjúkraliða fyrir komandi orlofstímabil.



Fundur um kjaramálin með sjúkraliðum í Vesturlandsdeild.

Blaðið er mjög vandað og prýtt fjölda ljósmynda. Ritnefnd hefur kappkostað að hafa blaðið sem fjölbreytilegast í efnisvali.

Blaðið er gefið út í 3.300 eintökum sem dreift er til félagsmanna, heilbrigðisstofnanna, ráðherra, alþingismanna, fjölbrautaskólanna og annarra sem hafa áhuga á málefnum sjúkraliða og félagið telur nauðsynlegt að halda upplýstum um mál efni félagsins og félagsmanna, en orlofsblaðið er gefið út í 3000 eintökum og fer eingöngu til félagsmanna.

Fastir þættir hafa verið í blaðinu undanfarin ár, má þar nefna ritgerðir sjúkraliða og annað efni eftir sjúkraliða sem ritnefnd finnst eiga erindi til okkar allra. Kynntar hafa verið stofnanir og störf sjúkraliða sem sýnir hvað störf sjúkraliða eru fjölbreytileg. Einnig eru í blaðinu greinar um kjaramál, lífeyrismál og annað efni sem er í brenni-depli.

Blaðið er einnig gefið út rafrænt og er hægt að nálgast það á heimasíðu SLFÍ.

Ritnefnd þakkar sjúkraliðum góðar og ánægjulegar móttökur inni á stofnunum og

þakkar félagsmönnum fyrir góðar viðtökur við blaðinu og öllum sem hafa komið að útgáfu blaðsins fyrir ánægjulegt samstarf.

Laganefnd

Nefndina skipa Albert Stefánsson, formaður, Ásta Hjaltadóttir, ritari, og Sigríður Konráðsdóttir.

Eitt mál barst nefndinni þar sem lagt er til að Ungliðadeild verði lögð niður vegna erfiðleika á að manna í stjórn. Laganefnd kom saman 27. febrúar 2014 auk símafundar 18. og 20. mars 2014, til þess að fjalla um tillögu félagsstjórnar SLFÍ, vegna áður innkominnar tillögu Reykjavíkurdéildar um að leggja niður Ungliðadeild félagsins. Tillagan var lögð fram vegna annmarka á því að reka deildina þar sem erfitt hefur reynst að manna stjórn hennar.

Laganefnd hefur á fundum sínum samþykkt að tillagan fari ekki í bága við lög félagsins. Niðurstaða nefndarinnar var að leggja til við Fulltrúaþingið að í stað sjálfstætt starfandi Ungliðadeilda verði þess gætt að aðalfundur félagsdeilda verði skylt að kjósa

Fjöldi einstaklinga mv. 1. apríl 2014	VIRK
Heildarfjöldi sem hefur leitað til VIRK	6.232
Fjöldi í reglulegum viðtölum eða eftirfylgd	2.044
Fjöldi sem hefur lokið þjónustu (útskrifast)	2.924
Fjöldi sem hefur hætt þjónustu	1.264

Taflan sýnir fjölda einstaklinga í þjónustu hjá VIRK 1. apríl 2014.

að minnsta kosti einn ungliða í stjórn. Þetta verði gert til þess að ungir sjúkraliðar kynnist starfi félagsins og upp komist ný kynslóð fulltrúa sem verði reiðubúnir til þess að starfa innan félagsins í framtíðinni.

Laganefnd telur ekki ástæðu til þess að breyta lögum félagsins, þar sem kveðið er á um að heimilt sé að starfrækja Ungliðadeild. Það geti átt sér stað að það ákvæði verði nýtt síðar. Einungis þarf að mati nefndarinnar að breyta reglum félagsdeildanna. Því leggur nefndin til að í lok í 5. gr. reglna um félagsdeildir komi:

„Þess skal gætt að í stjórn veljist að minnsta kosti einn ungliði undir 34 ára aldri.“

Orlofsnefnd

Nefndina skipa: Úlfheiður Kaðlín Ingvarsdóttir, Halldóra Lydía Þórðardóttir og Helga María Arnardóttir, en varamaður er Dagný Einarsdóttir. Starfsmaður orlofsnefndar er Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ.

Stjórn orlofsnefnda er óbreytt frá síðasta ári. Úlfheiður Kaðlín Ingvarsdóttir er formaður orlofsstjórnar.

Stjórn Orlofsnefndar Sjúkraliðafélags Íslands hélt sex stjórnarfundum á síðasta starfsári. Stjórnin fylgdist vel með þörfum og væntingum félagsmanna varðandi orlofsmál og reynir að bregðast við þeim kröfum sem uppi eru hverju sinni.

Áherslur síðustu ára hafa verið á endurnýjun og viðhald orlofseigna félagsins og eru allir bústaðir félagsins í mjög góðu ásigkomulagi. Búið er að endurnýja orlofshúsin í Munaðarnesi, Varmahlíð, Úthlíð og Stykkishólmi töluvert bæði að inna og utan. Síðastliðinn vetur var skipt um eldhúsinnréttingu í Varmahlíð, gólfefni og húsgögn. Í Úthlíð hefur verið dyttað að öllu innandyra og pallurinn umhverfis húsið gerður barna- og hundaheldur. Í Kiðjabergi var plantað út framtíðarskógi og verður haldi áfram með það verkefni á komandi vori og unnið er að því að gera annað húsið í Kiðjabergi aðgengilegt fyrir fatlað fólk. Ákveðið hefur verið að orlofshúsin í Varmahlíð og Úthlíð verði endurnýjuð enn frekar að einhverju leyti.

Boðið var upp á gistingu í orlofshúsum SLFÍ og þeim eignum sem félagið hefur leigt á orlofstímanum af einstaklingum víðsvegar um landið til að auka fjölbreytni orlofsmöguleika og einnig hafa verið boðin til kaups veiðikort, útilegukort, golfkort, hótelmiðar og fleira. Boðið var upp á hús á Spáni og fjórar íbúðir á mjög góðu verði í frábæru umhverfi, nálægt strönd. Gjafa-



Gengið undir fánum Sjúkraliðafélags Íslands í kröfugöngu í Reykjavík fyrsta maí síðastliðinn.

kort frá Ferðafélagi Íslands sem gilda sem greiðsla upp í ferð með FÍ voru niðurgreidd og boðið upp á tvær ferðir innanlands á vegum félagsins undir fararstjórn formanns orlofsnefndar. Annarsvegar gönguferð um „Laugaveg“ og hinsvegar berjaferð á Vestfjörðum. Boðið var upp á gjafakort með WOW AIR og Icelandair sem nýtast upp í eða fyrir flugmiða með viðkomandi flugfélögum á allar þeirra flugleiðir. Í Kaupmannahöfn býður félagið áfram upp á hina vinsælu og fallegu íbúð á Amager.

Rekstur orlofssjóðs gekk vel á síðasta ári og hefur hann nýst í þágu félagsmanna. Ríkið hefur staðið við umsamdar viðbótargreiðslur í orlofssjóð og hefur það haft góð áhrif á efnahag sjóðsins og þeir gleðilegu atburðir áttu sér stað á árinu að Reykjavíkurborg stóð loksins við gerða samninga frá kjarasamningi 2011 og greiddi viðbótarmálgagn inn í orlofssjóð félagsins.

Orlofsnefnd félagsins leggur áfram metnað sinn í að bjóða félagsmönnum upp á sem fjölbreytilegasta orlofskosti í sumarleyfinu.



Vinna er hafin við rækilegar breytingar á „kálfinum“ en myndin var tekin við undirritun samnings við Aftak um verkið. Frá vinstri: Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ, Peter V. Jessen, Jónas B. Árnason og Jón Sigurðsson.

Til þess hefur hún leitast við að taka upp einhverja nýbreytni hverju sinni og haldið áfram með þá kosti sem hafa gefist vel árin á undan.

Umsóknir og úthlutun orlofskosta til félagsmanna voru áfram unnar rafrænt með þar til gerðu forriti, Frímanni. Þeir sem ekki höfðu aðgang að tölvu gátu sótt um skriflega. Rafræni kosturinn á að gera félagsmönnum mögulegt að sækja um og greiða leigugjöldin strax með millifærslu af Visa reikningi. Félagið hefur verið með samning við tölvuþjónustufyrirtækið AP Media sem sér um og hannar orlofsíðu félagsins og heldur einnig utan um orlofsúthlutunartölvukerfi félagsins. Reynslan af því samstarfi er mjög góð.

Fræðslunefnd

Fræðslunefnd félagsins skipa: Birna Ólafsdóttir, formaður, Jakobína Eygló Benediksdóttir og Anna Kristín Björgmundsdóttir, en varamaður er Hafdís Sveinbjörnsdóttir.

Fræðslunefndin hélt 8 formlega fundi, auk samskipta á netinu. Varamaður situr einnig alla fundi, ýmist á staðnum eða í gegnum síma. Fundirnir voru haldnir í húsakynnum Sjúkraliðafélags Íslands að Grensásvegi 16. Fundarritun var í höndum Hafdísar og er henni þakkað sérstaklega fyrir.

Helstu verkefni fræðslunefndarinnar á starfsárinu:

- Íslandsmót iðn- og verkgreina
- Framhaldsnám sjúkraliða í öldrunarhjúkrun á 4. hæfniþrepi
- Framhaldsnám sjúkraliða við sérhæfð



Fjölmennt var á sameiginlegan fund Sjúkraliðafélagsins og SFR um stöðuna í samningamálunum.

störf á skurð-, lyflækninga- og innkaupadeildum

- Stefnunótun í menntamálum BSRB
- Símenntun sjúkraliða
- Vinnustaðanámssjóður
- Afgreiðsla erinda

Íslandsmót iðn- og verkgreina

Mikill hluti vinnu fræðslunefndarinnar á þessu starfsári fór í undirbúning og skipulagningu Íslandsmóts iðn- og verkgreina, sem fram fór í Kórnum í Kópavogi dagana 6. - 8. mars sl. Alls tóku þátt fjögur tveggja manna lið sjúkraliðanema frá fjórum

skólum: Fjölbautaskólanum í Breiðholti, Fjölbautaskólanum við Ármúla, Framhaldsskóla Suðurlands og Verkmenntaskólanum á Akureyri. Sjúkraliðanemar frá VMA sigruðu í keppninni að þessu sinni.

Til þess að svona keppni skili árangri og nái markmiði sínu þurfa margar hendur að vinna saman. Fjölmargir sjúkraliðar komu að skipulagningu og vinnu við keppnina og held ég að á engan sé hallað að nefna formann Reykjavíkurdeildarinnar sérstaklega sem lagði mikla vinnu í að afla styrktaraðila og fá lánuð tæki, tól og lín sem til þurfti fyrir keppnina. Samhliða keppninni fór fram kynning á sjúkraliðastarfinu og einnig var boðið upp á blóðþrýstingsmælingu fyrir gesti. Sjúkraliðar sáu einnig um slysaþjónustu fyrir keppendur á mótinu. Öllum sjúkraliðunum sem að keppninni komu og gerðu þetta mögulegt eru færðar bestu þakkir.

Framhaldsnámið

Í janúar sl. fór af stað framhaldsnám fyrir sjúkraliða í öldrunarhjúkrun á 4. hæfniþrepi. Mikil vinna var lögð í að gera námskrána sem best úr garði svo námið geti nýst þeim sjúkraliðum sem best til starfa. Ágreiningur kom upp á lokametrum námskrárgerðarinnar um hvaða störfum þessir sjúkraliðar gætu sinnt að námi loknu. Ágreiningnum var skotið til Embættis landlæknis sem kvað upp úr með að námið ætti ekki að veita þau réttindi sem Sjúkraliðafélagið krafðist til handa sjúkraliðunum. Félagið lét vinna lögfræðiálit sem sýndi fram á aukna ábyrgð sjúkraliðans



Kristín Á. Guðmundsdóttir í ræðustóli á fundi SLFÍ og SFR. Við hlið hennar er formaður SFR, Árni Stefán Jónsson.

eftir námið og vísað var í ný lög um heilbrigðisstarfsmenn frá því í desember 2012. Málinu var vísað til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, sem áfram vísaði því til starfsgreinaráðs heilbrigðis- félags- og uppeldisgreina. Starfsgreinaráðið var sammála niðurstöðu lögfræðialitsins og verður á þessu ári unnið að lagfæringu á námskránni. Þessi ágreiningur varð til þess að ekki var hægt að hefja kennslu fyrr en langt var liðið á janúar. Sextán sjúkraliðar hófu nám, sem mun taka tvö ár með vinnu.

Á þessu starfsári hefur verið unnið að nýrri námskrá fyrir sjúkraliða við sérhæfð störf á skurð-, lyflækninga- og innkaupadeildum. Þeirri vinnu mun væntanlega ljúka á þessu ári. Hvenær verður farið að kenna skv. nýrri námskrá er ekki vitað á þessari stundu. Með þessu námi fjölgar þeim tækifærum sem sjúkraliðum býðst til sérhæfingar í störfum sínum.

Símenntun sjúkraliða

Eins og undanfarin ár hefur sjúkraliðum verið boðið upp á símenntunarnámskeið í fjölmörgum greinum hjúkrunar. Námskeiðin hafa verið afar vel sótt og hlutur fjar-námsnámskeiða er alltaf að aukast. Áfram verður leitast við að hafa í boði ný námskeið, ásamt eldri námskeiðum sem njóta vinsælda og eftirspurn er eftir.

Stefnumótun í menntamálum BSRB

Fræðslunefnd BSRB hefur unnið að því frá hausti að marka stefnu í menntamálum



Sjúkraliðanemar frá Verkenntaskólanum á Akureyri sigruðu á Íslandsmóttinu að þessu sinni.

félaga innan BSRB. Ákveðið hefur verið að halda ráðstefnu næsta haust þar sem tilnefndir verða félagsmenn úr öllum félögum bandalagsins til stefnumörkunar þar sem unnið verður að stefnumótun í menntunarmálum BSRB.

Vinnustaðanámssjóður

Fundir hafa verið haldnir í vinnustaðanámssjóði þar sem verið er að úthluta peningum til stofnana og fyrirtækja sem taka að sér nema. Sjóðurinn hefur alltof lítið fjármagn til þess að sinna þeim verkefnum

sem hann var stofnaður til. Í dag er lítið fjármagn sem fylgir hverjum nema á vinnustað. Vonandi sjá yfirlit sóma sinn í að leggja til veglegt fjármagn svo þessi þarfi sjóður geti áfram gegnt hlutverki sínu.

Afgreiðsla erinda

Ýmis smærri erindi komu inn á borð fræðslunefndar sem ekki verða farið sérstaklega í að tíunda hér.

Formaður vill að loknu starfsári fræðslunefndar þakka nefndarmönnum fyrir vel unnin störf í þágu félagsins. Sérstaklega í kringum Íslandsmót iðn- og verkgreina. Í undirbúningnum og í keppninni sjálfri þurftu nefndarmenn að leggja á sig mikla vinnu svo allt gæti farið fram á réttum tíma og stéttinni til sóma. Á engu má slaka til að halda áfram að efla og fræða okkar félagsmenn, bæði í símenntun og framhaldsmenntun. Þannig höldum við okkar fagvitund og þekkingu við, til áframhaldandi sóknar sjúkraliðastéttinni til handa.

Félagssjóðir

Minningasjóður: Árið 1997 var á vegum Sjúkraliðafélags Íslands stofnaður Minningar- og styrktarsjóður sem fjármagnaður er með sölu minningarkorta og rennur allur hagnaður af sölu kortanna óskiptur til sjóðsins.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja félagsmenn sem eiga í fjárhagserfiðleikum vegna veikinda þeirra sjálfra, maka þeirra eða barna eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum. Sjúkraliðar og aðrir velunnarar stéttarinnar



Hér má sjá sjúkraliðana sem komu að undirbúningi og framkvæmd Íslandsmótsins í hjúkrun fyrir hönd Sjúkraliðafélagsins, þar á meðal dómara.

eru beðnir að styrkja Minningar- og styrktarsjóð Sjúkraliðafélags Íslands með kaupum á minningarkortum, ef tilefni er vegna andláts vinar eða ættingja. Kortin eru til sölu á skrifstofu félagsins. Símar 553 9493 og 553 9494, fax 553 9492. Eins er hægt að fylla út eyðublað á heimasíðu félagsins og senda rafrænt.

Starfsþróunarsjóður: Til Símenntunar- og starfsþróunarsjóðs félagsins greiðir atvinnurekandi 0.35% af öllum launum. Nýtt ákvæði sem tók gildi 1. október 2001 skv. samningi Launanevndar sveitarfélaga, en frá 1. nóvember 2001 hjá Reykjavíkurborg, ríkissjóði og fyrirtækjum sem sömdu á sömu forsendum og ríkið. Vinnuveitandi greiðir viðbótarframlag frá gildistöku til loka samningstímans í Starfsþróunarsjóð. Gjald þetta skal nema 0,30% af heildarlaunum félaga í SLFÍ

Alls voru greiddir út 839 styrkir til einstaklinga að fjárhæð 18.940.349 krónur og 296.148 krónur til fjögurra sjálfseignarstofnanna og eins sveitarfélags.

Starfsmenntasjóður: Starfsmenntunar- og fræðslusjóðir stéttarfélaga eru fjármagnaðir með framlagi atvinnurekenda. Til Starfsmenntasjóðs BSRB greiðir ríkið og þeir sem fylgja samningum þess 0.22% af öllum launum. Sveitarfélögin og Reykjavíkurborg greiða hinsvegar 0.30% af öllum launum.

Fjárhagur sjóðsins leyfir að hann veiti sjóðsfélögum allt að 60.000 króna styrk á tveimur árum. Þeir styrkir sem greiddir eru út endurnýjast að tveimur árum liðnum.



Svipmynd frá 23. Fulltrúaþingi Sjúkraliðafélagsins.

Sjúkraliðafélag Íslands hefur tekið að sér umsýslu sjóðsins fyrir sjúkraliða. Á árinu 2013 voru greiddar út 1106 styrkir að upphæð 24.787.235 krónur.

Styrktarsjóður BSRB

Styrktarsjóður BSRB var stofnaður með reglugerð 6. desember 2001 en hóf reglulega starfsemi í febrúar 2002. Innheimta iðgjalda hófst frá og með 1. janúar 2001. Tekjur sjóðsins árið 2010 voru 0,75% af heildarlaunum þeirra starfsmanna sem undir sjóðinn heyra. Aðildarfélög að styrktarsjóðnum eru öll félög BSRB nema SFR, Landsamband lög-

reglumanna og Póstmannafélag Íslands.

Stjórn sjóðsins er kosin á aðalfundi til tveggja ára í senn. Hana skipa fimm fulltrúar þeirra félaga sem að sjóðnum standa. Varamenn eru tveir.

Styrktarsjóði BSRB er ætlað að greiða bætur til sjóðfélaga í slysa- og veikindatilvikum eftir að veikindarétti lýkur hjá vinnuveitanda. Sjóðurinn styrktir einnig fyrirbyggjandi aðgerðir á sviði heilsuefingar og forvarnir gegn sjúkdómum.

Starfsmenntasjóður BSRB styrkir félagsmenn þeirra aðildarfélaga sem aðild eiga að sjóðnum til frekari menntunar. Upplýsingar um Starfsmenntasjóð BSRB má nálgast á vef BSRB undir liðnum fræðsla.

Starfsendurhæfingar- sjóðurinn VIRK

Stofnaðilar sjóðsins eru: Alþýðusamband Ísland. Samtök atvinnulífsins. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Bandalag háskólanna. Kennarasamband Íslands. Fjármálaráðherra. Reykjavíkurborg. Launanevnd sveitarfélaga.

VIRK er sjálfseignastofnun sem var upphaflega stofnuð af Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins í maí 2008. Í janúar 2009 var síðan undirrituð ný stofnskrá sjóðsins með aðkomu stéttarfélaga og atvinnurekenda á opinberum vinnumarkaði. Sjóðurinn byggir á samkomulagi um nýtt fyrirkomulag starfsendurhæfingar í kjarasamningum á vinnumarkaði á árinu 2008. Um VIRK gilda lög um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða nr. 60/2012. Samkvæmt þeim lögum eiga atvinnurekendur, lífeyris-



Samið hefur verið við Draumsýn um ritun sjúkraliðatals og sögu Sjúkraliðafélagsins. Á myndinni, sem var tekin við undirritun samnings þar að lútandi, eru Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður félagsins, Örn Þ. Þorvarðarson og Karitas K. Ólafsdóttir.

sjóðir og ríkið að greiða hver um sig 0,13% af heildarlaunagreiðslum á vinnumarkaði til VIRK.

VIRK mótar, samþættir og hefur eftirlit með þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem miðar markvisst að atvinnuþátttöku einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa.

Framtíðarsýn VIRK til 2020:

- VIRK hefur í samstarfi við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir skilað samfélagslegum ávinningi þar sem dregið hefur verulega úr nýgengi á örorku
- VIRK byggir á gagnreyndri þekkingu, rannsóknnum og reynslu sem tryggir samþætta, árangursríka og örugga þjónustu á sviði starfsendurhæfingar
- VIRK hefur í samvinnu við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir unnið að því að ryðja úr vegi hindrunum gegn aukinni atvinnuþátttöku einstaklinga með skerta starfsgetu
- VIRK er virt þekkingarsetur og er leiðandi í rannsóknnum og þróun á sviði starfsendurhæfingar

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja BSRB

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja eru stærstu samtök opinberra starfsmanna á Íslandi. Öll sambönd og félög opinberra starfsmanna geta orðið aðilar að BSRB. BSRB var stofnað 14. febrúar 1942 og í dag eru aðildarfélög BSRB 25 talsins og er fjöldi félagsmanna tæplega 22.000. Um tveir þriðju félagsmanna eru konur.

Á skrifstofu BSRB starfa 9 starfsmenn sem annast ýmis störf fyrir samtökin og aðildarfélög þess. Meðal þess sem skrifstofan annast er hagfræðiþjónusta og lögfræðiþjónusta við félögin. Þá gefur bandalagið út BSRB-tíðindi og miðlar upplýsingum í formi upplýsingablaða til félaganna

Stjórn BSRB ákvað í kjölfar 43. þings bandalagsins sem fram fór í október 2012 að eftirfarandi nefndir myndu starfa á vegum bandalagsins:

Mennta- og fræðslunefnd BSRB: Karl Rúnar Þórsson STH formaður, Birna Ólafsdóttir SLFÍ, Alma Lís Jóhannsdóttir SFR, Þorveig Þormóðsdóttir FSS, Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur, Guðrjúður Sigurbjörnsdóttir St.Rv. Jóhanna Þorgilsdóttir er starfsmaður nefndarinnar.

Heilbrigðis- og velferðarnefnd BSRB: Kristín Á. Guðmundsdóttir SLFÍ formaður, Vésteinn Valgarðsson SFR, Árni Egilsson St.Skagafjarðar, Eyrún Eyþórsdóttir LL, Guðrún Árnadóttir St.Rv., Hafsteinn Ingi-



Þingfulltrúar á 23. Fulltrúaþingi Sjúkraliðafélagsins.

bergsson St.Suðurnesja og Sverrir Björn Björnsson LSS. Kristinn Bjarnason er starfsmaður nefndarinnar.

Jafnréttisnefnd BSRB: Elín Björg Jónsdóttir BSRB formaður, Rita Arnfjörð St. Kópavogi, Kristján Jóhannsson FFR, Magnús A Sveinbjörnsson Umhverfissvið Rvk, Kristín Ólafsdóttir SLFÍ, Sigrún Elíasdóttir SRÚ og Berglind Eyjólfsdóttir LL. Sonja Ýr Þorbergsdóttir er starfsmaður nefndarinnar.

Alþjóðanefnd BSRB: Snorri Magnússon LL formaður, Árni Stefán Jónsson, Elín Björg Jónsdóttir, Garðar Hilmarsson, Kristín Guðmundsdóttir, Sverrir Björn Björnsson, Ársæll Ársællsson, Arna Jakobína Björnsdóttir, Jakobína Þórðardóttir, Þórarinn Eyfjörð, Birna Ólafsdóttir, Guðbjörn Arngrímsson, Þuríður Einarsdóttir og Ottó Eiríksson. Helga Jónsdóttir er starfsmaður nefndarinnar en auk þess er nefndin opin öllum þeim sem starfa að alþjóðamálum innan sinna félaga. Formaður félagsins Kristín Á. Guðmundsdóttir fór fyrir hönd BSRB á fund Evrópusambands

stéttarfélag opinberra starfsmanna innan EPSU (European Federation of Public Service Unions) sem haldin var í Frakklandi dagana 19- 24 maí nk.

Lífeyrisnefnd BSRB: Elín Björg Jónsdóttir BSRB formaður, Árni Stefán Jónsson SFR, Þorveig Þormóðsdóttir FSS, Snorri Magnússon LL, Sverrir Björn Björnsson varamaður. LSS, Kristín Á. Guðmundsdóttir SLFÍ, Garðar Hilmarsson St.Rv., Guðrún Árnadóttir LL og Þuríður Einarsdóttir PFÍ. Helga Jónsdóttir BSRB er starfsmaður nefndarinnar.

Réttindanefnd BSRB: Árni Stefán Jónsson SFR formaður, Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur, Halldór Snorri Gunnarsson St.Rv., Gunnar Örn Gunnarsson SLFÍ, Þuríður Einarsdóttir PFÍ, Helga Hafsteinsdóttir SDS og Snorri Magnússon LL. Sonja Ýr Þorbergsdóttir er starfsmaður nefndarinnar.

Umhverfisnefnd BSRB: Garðar Hilmarsson St.Rv. formaður, Jóhanna Þórðorsdóttir SFR, Birna Kjartansdóttir FOSS, Þórunn Elfa Sæmundsdóttir FSS og Sigurður Hafliðason STAG. Ágúst Bogason er starfsmaður nefndarinnar.

Erlent samstarf

Sjúkraliðafélag Íslands er aðili að Evrópusambandi sjúkraliða, EPN.

Á þessu kjörtímabili gegna Norðmenn forustunni í sambandinu. Stjórn sambandsins hefur fundað á árinu bæði í Kaupmannahöfn og Luxemburg. Samhliða fundinum í Luxemburg var farið í kynnisferð til Belgíu og skoðaður sjúkraliðaskóli og hjúkrunarheimili á þýskumælandi svæði landsins.

Nú í júní verður haldin ráðstefna á vegum sambandsins í Helsingi í Finnlandi. Á hana mun stjórn Sjúkraliðafélagsins mæta líkt og hún hefur gert undanfarin ár.



Myndin sýnir skiptingu styrkja úr starfsmennta- og starfsþróunarsjóðum Sjúkraliðafélagsins.

Skortur á sjúkraliðum

23. fulltrúaþing Sjúkraliðafélags Íslands haldið að Grettisgötu 89, 14. maí 2014, hefur áhyggjur af skorti á sjúkraliðum og háum meðalaldri stéttarinnar. Samtímis fjölga öldruðum um 3-4% á ári, næstu áratugin á hjúkrunarheimilum og heilbrigðisstofnunum og þar með eykst þörfin á sjúkraliðum enn frekar.

Þingið hvetur stjórnendur heilbrigðisþjónustunnar til að leita allra leiða til að fjölga í sjúkraliðastéttinni, m.a. með jákvæðu

viðhorfi til stéttarinnar og hvetja ófaglærða starfsmenn til að nýta sér þær námsleiðir sem í boði eru.

Mennt er máttur og í henni felst tækifæri til framþróunar, aukinnar fagmennsku, ábyrgðar og leið til að vinna sig út úr hremmingunum sem hafa verið innan heilbrigðiskerfisins.

Þingið hvetur til þess að hlúð verði að heilbrigðisstarfsfólki og á því byggt upp kröftugt, faglegt heilbrigðiskerfi sem þjóðin getur verið stolt af til framtíðar.

Alvarlegar afleiðingar fækkunar sjúkraliða

23. fulltrúaþing Sjúkraliðafélags Íslands haldið að Grettisgötu 89, 14. maí 2014, hefur þungar áhyggjur af fækkun sjúkraliða á heilbrigðisstofnunum og hjúkrunarheimilum.

Þingið leggur áherslu á mikilvægi fullnægjandi mönnunar sjúkraliða/fagfólks fyrir öryggi sjúklinga og gæði þjónustunnar og bendir á að bæði innlendir og erlendir rannsóknir sýna fram á tengsl milli fjölda sjúkraliða/fagfólks og afdrifa sjúklinga. Rannsóknir hafa einnig sýnt fram á aukna hagkvæmni í rekstri þar sem mannað er með vel menntuðu og reyndu fagfólki, því þá fækkar óvæntum atvikum og mistökum og legutími styttest.

23. fulltrúaþing SLFÍ mótmælir því harðlega að fyrirtæki sem makar krókinn á rekstri öldrunarþjónustu og opnaði nýverið hjúkrunarheimili á Reykjanesi með mönnun upp á 80-90% ófaglærðra starfsmanna, fái til þess leyfi án athugasemda frá Embætti landlæknis.

Eldri borgarar þessa lands eiga rétt á að af fá bestu mögulegu þjónustu, örugga og faglega.

„Fyrirtæki sem makar krókinn á rekstri öldrunarþjónustu“



Sjúkraliðar fylgjast með umræðum á Fulltrúaþingi SLFÍ.



Ritarar og forsetar á þingi Sjúkraliðafélagsins, frá vinstri: Þórhildur Una Stefánsdóttir og Jakobína Rut Daniélsdóttir, ritarar, frá Reykjavíkureild, Jóhanna Pálsdóttir, Austurlandsdeild, og Margrét Auður Óskarsdóttir, Suðurlandsdeild, þingforsetar.

Starfsumhverfi sjúkraliða

23. fulltrúaþing Sjúkraliðafélags Íslands haldið að Grettisgötu 89, 14. maí 2014, lýsir yfir þungum áhyggjum af þróun starfsumhverfis sjúkraliðastéttarinnar. Í vaxandi mæli er því þannig fyrirkommið að sjúkraliðar fá ekki fulla vinnu og er stýrt inn á stuttar slítandi vaktir þar sem álagið er mjög mikið, en álagsgreiðslur lágar eða engar. Með þessu skerðast árslaunin gríðarlega og flótti úr stéttinni eykst til muna.

Fulltrúaþingið minnr á að samkomulagið um mismunandi lengd vakta var ætlað til að vaktavinnufólk gæti aðlagð fjölskyldulíf og vinnu. Greininni um mismunandi lengd vakta hefur verið misbeitt og við það hafa lífsgæði vaktavinnufólks skerst verulega.

Þess er krafist að vinnuveitendur virði starfsfólk í vaktavinnu til jafns við aðra og viðmiðunarlengd vakta verði átta tímar og vinnuskylda stýtt.



Einbeittir fulltrúar á 23. þingi SLFÍ.



Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjúkraliðafélagsins, gerir þingfulltrúum grein fyrir nýjum kjarasamningi við ríkið.

Leiðrétting launa og trygging réttinda

23. fulltrúaþing Sjúkraliðafélags Íslands haldið að Grettisgötu 89, 14. maí 2014, minnr á að fyrirtæki og stofnanir innan Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu eru fjármögnuð að langmestu leyti af skattfé almennings og fjárstuðningi þjóðarinnar.

Þingið lýsir fullri ábyrgð á hendur forystumanna Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu á þeirri vanvirðingu sem þeir sýna starfsfólki og heimilisfólki með því að þvinga starfsmenn í verkföll vegna krafna um lágmarksréttindi og eðlilega leiðréttingu launa. Þverskallast er við að viðurkenna réttindi starfsfólks sem alla tíð hefur notið starfsöryggis til jafns við opinbera starfsmenn og sætt sig við sömu kjör og þeir.

Þingið krefst þess að samninganefnd SFV verði veitt alvöru umboð til samninga og leggur til að æðstu stjórnendur innan samtakanna kynni sér og tileinki viðhorf í anda nútíma mannauðsstjórnunar.

„Vanvirðingu sem þeir sýna starfsfólki og heimilisfólki“

Rannsókn á líðan sjúkraliða í starfi

Eru tengsl við hjúkrunarstjórnun?

Hér er gerð grein fyrir niðurstöðum meistararannsóknar Þóru Ákadóttur hjúkrunarfræðings um líðan sjúkraliða í starfi og tengsl hjúkrunarstjórnunar við starfsánægju og starfsgetu sjúkraliða (Þóra Ákadóttir, 2012). Rannsóknin var gerð árið 2010 og leiðbeinandi var Sigrún Gunnarsdóttir dósent við Háskóla Íslands.


Framlag sjúkraliða til heilbrigðisþjónustunnar á Íslandi er mikið. Samkvæmt Hagstofu Íslands var heildarföldi sjúkraliða á landinu árið 2010 alls 1.972, hjúkrunarfræðingar voru 2653 og lækmar 1.146. Fyrstu sjúkraliðarnir voru útskrifaðir hér á landi árið 1966 á Sjúkrahúsinu á Akureyri og fjölgaði þeim síðan jafnt og þétt á landinu næstu árin (Margrét Guðmundsdóttir, 2010). Nú eru sjúkraliðar menntaðir í fjölbrautaskólum í öllum landshlutum. Sumir sjúkraliðar hafa fengið menntun sína sem hluta af framhaldsskólanámi og hafa svo haldið áfram í háskólanám. Nokkuð er um að sjúkraliðar haldi áfram námi í háskóla og útskrifist síðan sem hjúkrunarfræðingar og kemur þá sjúkraliðanámið að góðum notum. Mikil þörf er fyrir menntaða sjúkraliða á öllum sviðum heilbrigðisþjónustunnar og brýnt að standa vörð um menntun þeirra og að stuðla að heilsusamlegu starfsumhverfi þeirra.

Fyrir efnahagshrun Íslands á árinu 2008 glímdi íslenska heilbrigðiskerfið við skort á hjúkrunarfræðingum og á þessum tíma var þörfin fyrir sjúkraliða jafnvel enn alvarlegri. Nýlegar rannsóknir bæði á Íslandi og á Norðurlöndum sýna að þegar skortur er á heilbrigðisstarfsfólki, miklar kröfur eru í starfi samfara háum meðalaldri sjúkraliða getur það leitt til aukinnar hættu á líkamlegri vanlíðan, sjúkdómum og fjarveru frá vinnu. (SFLÍ 2011 og Peterson o.fl., 2011). Starfsmannakönnun á Landspítalanum á árinu 2003 sýndi að kröfur til starfsmanna voru miklar og meirihluti af starfsfólks kvartaði um að vinnuálag væri of mikið (Hólmi Friður Gunnarsdóttir, Kristinn Tómasson og Guðbjörg Rafnsdóttir, 2003).



Þóra Ákadóttir, höfundur meistaraprófsritgerðarinnar.

Rannsóknir í heilbrigðisþjónustunni sýna jafnframt að góðar aðstæður í starfsumhverfi og styðjandi samband stjórnenda og starfsfólks hafa jákvæð tengsl við vellíðan á vinnustaðnum og hjálpar til við að takast á við miklar kröfur í vinnunni (Aiken og fl. 2012; Gunnarsdóttir og fl. 2009).



Kápa ritgerðarinnar.



Sigrún Gunnarsdóttir, leiðbeinandi Þóru.

Í ljósi breytinga á starfsumhverfi heilbrigðisþjónustu er vaxandi þörf á að rannsaka vinnuumhverfið og þá sérstaklega með áherslu á vinnuumhverfi sjúkraliða. Sundin, Hochwälder, Bildt og Lisspers (2007), álykta í ljós rannsókna sinna að það sé mikilvægt að auka þekkingu á vinnuumhverfi sjúkraliða á Norðurlöndunum til þess að leita leiða til að hafa jákvæð áhrif á vinnuumhverfi, vellíðan sjúkraliða og árangur í þeirra í starfi með góða umönnun að leiðarljósi.

Vellíðan starfsfólks og starfsgeta er háð samspili margra þátta, innan og utan vinnustaðarins. Stjórnun er hluti af starfsumhverfi heilbrigðisþjónustunnar og mikilvægt að auka við þekkingu á vægi stjórnunar með hliðsjón af heilbrigði og vellíðan starfsmanna. Þjónandi forysta er hugmyndafræði uppbyggilegra og ábyrgra samskipta sem getur falið í sér tækifæri til að efla árangur starfa bæði með hliðsjón af vinnuvernd og ánægju í starfi sem og með hliðsjón af árangri starfa. Þjónandi forysta getur verið hugmyndafræði allra starfsmanna, óháð störfum og hlutverkum. Rannsóknir sýna

að þjónandi forysta einkennir viðhorf og nálgun margra stjórnenda heilbrigðisþjónustunnar, bæði hérlendis og erlendis, og hefur verið tengd starfsánægju og árangri þjónustunnar (Jenkins og Stewart, 2010; Sigrún Gunnarsdóttir og Birna Gerður Jónsdóttir, 2013). Grunnstoðir þjónandi forystu eru siðfræði og ábyrgð gagnvart hagsmunum heildarinnar og má lýsa sem samspili þriggja þátta sem eru 1) einlægur áhugi á hag og hugmyndum annarra, 2) góð sjálfsþekking og vitund um áhrif eigin orða og athafna og 3) skýr sýn á sameiginlega hugsjón, samfélagslega ábyrgð og sameiginlega hagsmunum (Sigrún Gunnarsdóttir, 2011).

Spurningalistakönnun um starfsumhverfi sjúkraliða og líðan þeirra í starfi

Rannsókn um starfsumhverfi sjúkraliða byggir á þekkingu á vinnuumhverfi sjúkraliða og fyrri rannsóknum um sjúkraliða. Aðalmarkmið rannsóknarinnar var að auka við þekkinguna á hvaða þættir tengdust vellíðan og starfsánægju sjúkraliða með sérstakri áherslu á styðjandi og verndandi samskipti stjórnenda og sjúkraliða. Leitað var svara við spurningunni hvort og hvernig tengsl væri á milli mats sjúkraliða á vinnuálagi, stjórnunaraðferðum næsta yfirmanns, líðan sjúkraliða í starfi og starfsánægju. Um var að ræða spurningalistakönnun sem náði til allra félaga í Sjúkraliðafélagi Íslands snemma árs 2010.

Spurningalistinn var settur saman úr nokkrum mælitækjum um líðan í starfi og viðhorf til stjórnunar. Aðalmælitækið er spurningalisti Karasek og Theorell sem er viðurkennt mælitæki þar sem mælt er álag, áhrif og stuðningur í vinnuumhverfinu, félagslegur stuðningur frá stjórnanda, vinnufélögum og fjölskyldu. Annað mælitæki rannsóknarinnar er hannað af Dirk



Fyrstu íslensku sjúkraliðarnir voru útskrifaðir frá Sjúkrahúsinu á Akureyri.

van Dierendonck og nær til viðhorfa til næsta yfirmanns. Mælitækið byggir á hugmyndafræði þjónandi forystu samkvæmt hugmyndum Robert Greenleaf og skiptist í átta þætti þ.e. valdefling, áreiðanleiki, falsleysi, auðmýkt, hugrekki, að vera til staðar í bakgrunninum, fyrirgefning og samfélagsleg ábyrgð. Í könnuninni voru þátttakendur einnig spurðir um viðhorf til ánægju í starfi, líkamleg óþægindi, líkamlegt álag í vinnu og einkenni um kulnun í starfi samkvæmt mælitæki Christine Maslach. Spurt var um aldur, starfsaldur sem sjúkraliði, vinnustað, vaktafyrirkomulag og hvort unnið væri á vöktum. Alls voru þetta 98 spurningar og voru sendir út 1200 spurningalistar til sjúkraliða og svarhlutfal 49%.

Helstu niðurstöður könnunarinnar

Sjúkraliðarnir sem tóku þátt í könnunni unnu á mismunandi heilbrigðisstofnun-

um á Íslandi, flestir unnu á sjúkrahúsum, hjúkrunarheimilum, heilsugæslustöðvum, og smærri stofnunum. Meirihluti sjúkraliðanna var 50 ára og eldri.

Meirihluti sjúkraliða sem tóki þátttakenda (78,3%) taldi starf sitt vera stundum krefjandi og nokkrir (18,2%) töldu starfið vera sjaldan krefjandi. Þegar spurt var um einkenni kulnunar vegna starfs kom í ljós að meirihluti þátttakenda (70,7%) taldi sig hafa vikulega eða nokkrum sinnum í mánuði einkenni um tilfinningalega örmögnun í tengslum starfið. Mjög fáir þátttekendur (3,8%) töldu sig aldrei eða nokkrum sinnum á ári hafa einkenni um tilfinningalega örmögnun. Nánari upplýsingar um þessar niðurstöður eru í töflu nr. 1.

Þegar spurt var um verki og einkenni frá stoðkerfi kom í ljós að meirihluti þátttakenda hafði haft verki frá stoðkerfi síðastliðna 12 mánuði. Jafnframt kom í ljós að meirihlutinn var oft eða stundum mjög

Mat þátttakenda á einkennum um tilfinningalega örmögnun (N=573)

Einkenni um tilfinningalega örmögnun	Hlutfall svarenda (%)
Aldrei	0,3
Nokkrum sinnum á ári, eða sjaldnar	3,5
Mánaðarlega	27,9
Nokkrum sinnum í mánuði	42,8
Vikulega	18,3
Nokkrum sinnum í viku	6,6
Daglega	0,5

Tafla nr. 1.

Mat þátttakenda á verkjum og einkennum frá stoðkerfi (N=580)

Verkir og einkenni frá stoðkerfi	Hlutfall svarenda (%)
Verkir í hálsi og öxlum sl. 12 mánuði	89,1
Verkir í mjóbaki sl. 12 mánuði	82,4
Oft líkamlega mjög þreytt/ur í lok vinnudags	20,0
Stundum líkamlega mjög þreytt/ur í lok vinnudags	57,2
Hef heimsótt lækni v. líkamlegra verkja sl. 12 mánuði	61,1

Tafla nr. 2

þreytur líkamlega í lok vinnudags. Í töflu nr. 2 eru nánari upplýsingar um niðurstöður um einkenni frá stoðkerfi.

Þrátt fyrir algengi einkenna um tilfinningalega örmögnum og algengi líkamlegrar þreytu meðal þátttakenda mældist mikil starfsánægja hjá hópnum. Meirihluti þátttakenda, eða 55,3% þátttakenda taldi sig vera mjög ánægð á starfi og 36,8% töldu sig vera nokkuð ánægð á starfi.

Þegar spurt var um viðhorf til næsta yfirmanns kom í ljós að meirihluti þátttakenda (94,5%) taldi sig njóta stuðnings frá næsta yfirmanni. Þátttakendur töldu næsta yfirmann sýna umburðarlyndi, falsleysi og ábyrgð og voru þessar mælingar í meðallagi eða yfir meðallagi miðað við kvarða sem stuðst var við. Við nánari útreikninga kom í ljós að því hærra sem mat sjúkraliðanna var á stuðningi næsta yfirmanns og því hærra sem mat þátttakenda á jákvæðu viðhorfi næsta yfirmanns þeim mun minni líkur voru á einkennum þátttakenda um kulnun og þeim meiri líkur voru á að þeir væru ánægðir í starfi.

Umræður um niðurstöður rannsóknarinnar og tillögur

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að starf sjúkraliða reynist þeim bæði tilfinningalega og líkamlega erfitt. Þetta er í takt við erlendar rannsóknir um líðan sjúkraliða í starfi, til dæmis samkvæmt sænskri rannsókn Sundin og samstarfsfólks frá árinu 2007 og samkvæmt rannsókn Peterson og samstarfsfólks frá árinu 2011 um þreytu og kulnun meðal sjúkraliða í Svíþjóð. Hins vegar kom í ljós að sjúkraliðar telja sig vera ánægð á starfi og samræmist það niðurstöðum íslenskra rannsókna um starfsánægju hér á landi (Sigrún Gunnarsdóttir og Birna Gerður Jónsdóttir, 2013). Íslenskar rannsóknir um starfsánægju eru hins vegar ekki í takt við erlendar rannsóknir til dæmis um starfsánægju hjúkrunarfræðinga í Evrópu og Bandaríkjum sem almennt lýsa óánægju í starfi (Aiken o.fl. 2012).

Það sem vekur athygli í rannsóknarniðurstöðunum er að sjúkraliðar telja sig njóta stuðnings í starfi og sérstaklega er athyglisvert að því meiri sem stuðningur stjórnenda er við sjúkraliða þeim mun minni líkur eru á að þeir hafi einkenni um tilfinningalega vanlíðan í tengslum við starfið. Þessar niðurstöður eru í takt við rannsóknir á sama sviði hér á landi sem sýnir að umhyggja stjórnenda gagnvart



Sjúkraliðar að störfum á sjúkrahúsinu á Akureyri.

starfsfólki tengist betri líðan starfsfólks (Sigrún Gunnarsdóttir og Birna Gerður Jónsdóttir, 2013). Umhyggja stjórnenda endurspeglar í hlustun, samfélagslegri ábyrgð og umburðarlyndi sem eru meðal einkenna þjónandi leiðtoga.

Niðurstöður rannsóknarinnar um starfs- umhverfi sjúkraliða og líðan þeirra í starfi undirstrika mikilvægi vinnuverndar í starfi sjúkraliða. Ein af mikilvægum leiðum til að efla verndandi þætti í starfsumhverfi sjúkraliða er að efla stjórnunarhætti sem endurspeglar áhuga á velferð sjúkraliða og skapar tækifæri fyrir sjúkraliða til að njóta sín í starfi og geta þannig veitt skjólstaðingunum góða þjónustu um leið og lögð er rækt við ánægju sem starfið veitir.

Lokaorð

Takmörkuð þekking hefur verið til staðar á starfsumhverfi sjúkraliða hér á landi. Þessi rannsókn er framlag og hvatning til aukinnar þekkingar á sviði heilbrigðs vinnuumhverfis sjúkraliða og annarra starfsstétta. Einnig veitir rannsóknin inn- sæi í mikilvægi þekkingar um þjónandi forystu sem verndandi þáttar á vinnu- stöðum. Hæfileikar þjónandi leiðtoga og þjónandi stjórnanda til að efla sjálfstæði og starfsgetu starfsmanna sinna auka líkur á að starfsmönnum gangi betur að takast á verkefni vinnunnar. Mikilvægt er að auka þekkingu á þessu sviði, til dæmis

með því að fylgja eftir þessari rannsókn með frekari könnun á vinnuumhverfi sjúkraliða með hag sjúkraliða, annarra heilbrigðisstarfsmanna og skjólstaðing- anna að leiðarljósi.

Þóra Ákadóttir og
Sigrún Gunnarsdóttir

Heimildir:

Aiken, L. H., Sermeus, W., van den Heede, K., Sloane, D. M., Busse, R., McKee, M., Kutney-Lee, A. (2012). Patient safety, satisfaction, and quality of hospital care: Cross sectional surveys of nurses and patients in 12 countries in Europe and the United States. *British Medical Journal*, doi:10.1136/bmj.e1717

Gunnarsdóttir, S., Clarke, S. P., Rafferty, A. M. og Nutbeam, D. (2009). Front-line management, staffing and nurse-doctor relationships as predictors of nurse and patient outcomes. A survey of Icelandic hospital nurses. *International Journal of Nursing Studies*, 46, 920-927. doi:10.1016/j.ijnurstu.2006.11.007

Hólmfríður Gunnarsdóttir, Rafnsdóttir, GL., Helgadóttir, B., Tomasson, K. (2003). *Starfsmannakönnun á Landspítalanum*. Reykjavík: Vinnueftirlit ríkisins.

Jenkins, M. og Stewart, A. C. (2010). The importance of a servant leader orientation. *Health Care Management Review*, 35(1), 46-54.

Margrét Guðmundsdóttir (2010). *Saga hjúkrunar á Íslandi á 20. öld*. Akureyri: Ásprent

Peterson, U., Bergström, G., Demerouti, E., Gustavsson, P., Asberg, M., Nygren A. (2011). Burnout levels and self-rated health prospectively predict future long-term sickness absence: a study among female health professionals. *Journal of Occupational Environmental Medicine*. 2011 Jul;53(7):788-93.

Sigrún Gunnarsdóttir (2011). „Þjónandi forysta. Fyrri hluti“, *Gliman* (8), 245 – 262.

Sigrún Gunnarsdóttir og Birna Gerður Jónsdóttir (2013). Þjónandi forysta og rannsóknir hér á landi. *Stjórnsmál og stjórnslýsla* (2), 415-438. DOI: <http://dx.doi.org/10.13177/irpa.a.2013.9.2.8>

Sundin, L., Hochwälder, J., Bildt, C., Lisspers, J. (2007). The relationship between different work-related sources of social support and burnout among registered and assistant nurses in Sweden: A questionnaire survey. *International Journal of Nursing Studies*, 44(5), 758-769.

Þóra Ákadóttir (2012). *Nurse assistants' well-being at work – Is there a link to nurse leadership?* Óbirt MPH ritgerð: Norræni lýðheilsuháskólinn (NHV), Gautaborg, MPH2012:4.-93.

*Vellíðan starfsfólks
og starfsgeta er háð
samspili margra þátta*

Sjúkraliðafélag Íslands toppar allt

„Mér finnst frábært að búa í Noregi og hef eignast góða vini hérna,“ segir Hrefna Pétursdóttir, sjúkraliði, sem starfað hefur í nokkur ár á hjúkrunarheimili í Lærdal í Noregi.

Hrefna fór fyrst út til Noregs árið 2010, en hún hafði áður unnið sem sjúkraliði á Íslandi í marga átugi og hefur því reynslu af sjúkraliðastarfinu í báðum löndum.

Sjúkraliðinn bað hana fyrst að segja frá ætt sinni og uppruna.

„Ég er fædd í Hafnarfirði árið 1943, en á báðar ættir að rekja vestan úr Breiðafjarðareyjum,“ segir hún. „Móðir mín, Jóhanna G. Davíðsdóttir, var reyndar fædd í Patreksfirði, en faðir minn, Pétur Hafliði Ólafsson, í Stykkishólmi. Ég fæddist í Hafnarfirði en ólst upp í Reykjavík.“

- *Hvenær fórstu í sjúkraliðanám?*

„Ég lærði sjúkraliðann árið 1971-1972. Kennslan fór fram í Landspítalanum við Hringbraut. Það var ansi stór hópur sem hóf námið, 32 ungar konur. Við sem lukum náminu vorum að mig minnir 30 og við útskrifuðumst 7. júlí árið 1972,“ svarar Hrefna.

Hrefna vann á ýmsum deildum Landspítalans. „Ég elskaði starfið þar og fannst svo spennandi að fara í vinnuna,“ segir hún. „Ég hafði mjög góðan leiðbeinanda á nematímanum, sú góða kona hét Jóhanna Björnsdóttir. Ströng var hún en maður lærði sko vel hjá henni. Þótti mér mjög vænt um hana. Meira að segja passaði hún upp á að maður fengi sér góðan morgunmat, aðallega hafragraut. Hún var kona að mínu skapi. Mér þótti skemmtilegast að vinna á gjörgæslu því þar lærði maður svo margt. Ég tel mig hafa búið að því alla mína tíð í starfi.“

Út til Noregs 2010

Eftir tímann á Landspítalanum fór Hrefna að starfa við heimahjúkrun í Reykjavík og seinna að vinna á hjúkrunarheimilum. „Ég elska enn í dag þessa vinnu mína,“ segir hún.

- *Hvernig stóð á því að þú fórst til Noregs?*

„Það var ævintýraþráin sem vaknaði upp hjá mér. Sjúkraliðar sem ég þekki vel voru að fara í „víking“ til Noregs og mér datt í hug að prófa það líka. Ég talaði við félagana Ingu Sigtryggisdóttur og Ásu Kr. Knúts-



Hrefna Pétursdóttir sjúkraliði.

dóttur sem voru báðar farnar til Noregs, fékk símanúmer hjúkrunarheimilisins í Lærdal þar sem þær unnu og talaði við deildarstýruna sem er íslensk og búin að vera þarna úti í meira en 20 ár. Og viti menn, hún segir mér bara að koma út. Ég var þarna fyrst í 3 mánuði árið 2010, en fór þá aftur heim til Íslands. En útþráin slokkaði ekki svo ég sótti aftur um á þessum sama stað og viti menn, þrátt fyrir aldur fékk ég vinnu og var komin aftur til Lærdal 15. apríl árið 2011. Og er hér enn. Ég er og verð henni Guðrúnu hjúkrunarforstjóra hérna ævinlega þakklát fyrir að hafa ráðið mig aftur, en það er ekkert sjálfgefið að vera ráðin í vinnu og vera orðin ellilífeyrisþegi. Með þessu er mér sýnt mikið traust og virðing fyrir þá vinnu sem ég hef innt af hendi.“

Sólin kemur aftur í mars

Lærdal er lítill bær við Sognfirðina, inni miðju landi.

„Þessi fallegi bær er umvafinn háum fjöllum allt um kring, og til dæmis hverfur sólin



Litla þorpið í Lærdal þar sem Hrefna Pétursdóttir, sjúkraliði, hefur starfað í nokkur ár.

þarna á bakvið fjöllin í um 5-6 mánuði á ári, en svo birtist hún blessunin aftur í mars,“ segir Hrefna. „Þarna er mikið um dýr sem maður er ekki vanur að sjá á Íslandi. Ég vil segja hérna smá sögu um það. Í byrjun október árið 2010 var ég á leið í vinnu. Það var ansi mikið frost og tunglbjart og ég var svaka norsk með bakpoka vitanlega. Heyri ég þá ylfur ... almáttugur ... „úlfur“ og ég ein á ferð. Ég tek af mér bakpokann og ætla mér bara að lemja ófetið ... bjartsýn! ... hleyp af stað, kemst í vinnuna lafmóð og ansi hrædd. Sagði frá „úlfinum“ eða „úlfunum“ og var angistin uppmáluð. En mikið var hlegið að mér og ég síðan frædd um að núna væri fengitími hjartdýra og að karldýrið ýlfraði svona á þeim tíma. Ég var ekki sammála í fyrstu, en veit allt um það núna.

Hér er gott að búa. Við erum nokkuð margir Íslendingar hérna og höldum góðu sambandi, hittumst í kaffi og á göngu. Þetta er bara frábært lífið hérna og höfum ekki yfir neinu að kvarta,“ segir Hrefna.

- *Hvernig er starf sjúkraliðans þarna úti?*

„Í þessu sveitarfélagi þurfa sjúkraliðar sem ætla að gefa lyf að fara á lyfjanámskeið. Þeir sem eru ófaglærðir fá líka að taka þessi lyfjanámskeið og gefa síðan lyf á vissum deildum. En þetta er víst misjafnt í Noregi, fer eftir sveitarfélögum.

Margs saknar maður frá okkar góða Sjúkraliðafélagi heima, það er svo einfalt að hringja og spyrja um eitt og annað í sambandi við réttindi og skyldur, og þú ert samstundis með svar við fyrirspurninni. Hérna er Fagforbund sem ég myndi segja að væri svona eins og BSRB eða ASÍ og er mun þyngra í vöfum. Það er ekki óeðlilegt vegna stærðarinnar og þar er frábært fólk og alltaf tilbúið ef þörf krefur. En Sjúkraliðafélag Ísland toppar allt og því segi ég enn og aftur, sjúkraliðar, við eigum frábært félag og stjórnendur þar. En mér finnst frábært að búa í Noregi og hef eignast góða vini hérna.“

- *Hvaða ráð gefur þú þeim sem hafa hug á að fara til Noregs til að starfa þar sem sjúkraliðar?*

„Það er aðallega að taka ákvörðunina og fara svo af stað. Mér fannst nauðsynlegt að prófa eitthvað nýtt í lífinu og svo eru launin líka ágæt hérna í Noregi,“ segir Hrefna.

Ferðalag okkar til Glasgow

Það var 12. mars síðastliðinn sem við starfsmenn á Dvalarheimilinu Fellaskjóli á Grundarfirði lögðum í hann til Glasgow, en þá var undirbúningur búinn að standa í langan tíma.

Við höfðum stofnað ferðasjóð í starfsmannafélaginu og hafði staðið til að fara haustið áður, en vegna anna var afráðið að fara nú í mars 2014. Fyrsta mál á dagskrá var að ákveða hvert væri farið, og þegar búið var að ákveða Glasgow þá þurftum við að finna dvalarheimili sem tilbúið var að taka á móti 10 skvísu frá Íslandi. Það er heilmikill undirbúningur sem á sér stað fyrir svona ferð en við erum nú svo heppnar að hún Signý, matráðurinn okkar, sá um þá vinnu. Hún flakkaði um á netinu og sendi út pósta og fljótlega vorum við komnar með tvo staði sem voru tilbúnir í þetta. Viku fyrir ferð hætti þó annar staðurinn við því skipt hafði verið um framkvæmdarstjóra, en við höfðum uppá öðrum strax. Svo var hringt í staðina, dagsetningin staðfest og auðvitað keyptar gjafir. Matráðurinn okkar sá um að búa til umsóknir og það getur nú verið heilmikið mál þar sem að við erum í fjórum mismunandi félögum. Umsóknirnar eru misflóknar, mismunandi gögn sem þurfa að berast og borgar sig að gefa sér þó nokkurn tíma til að undirbúa þær.

Mavis Bank Care home

Lagt var af stað 12. mars og gist eina nótt í Keflavík, á Ásbrú. Algjörlega frábær staður sem ég mæli eindregið með. Þeir geyma bílinn og sjá um ferðir til og frá flugvelli. Fínt að þjappa hópnum saman kvöldið fyrir svona ferð. Vaknað uppúr fjögur og lagt af stað í þessa vinnu-, skemmti- og verslunarferð. Tveggja tíma flug og við vorum lentar. Leigubílar að hótelinu og þar mæli ég eindregið með Jurys Inn hótelinu. Gott hótél og frábær staðsetning. Heimilin sem stóð til að heimsækja eru í sitthvora áttina frá því og svo eru verslunargötturnar handan við hornið.

Strax eftir hádegi var farið á fyrra heimilið. Hálf tíma akstur og við vorum mættar á Mavis Bank Care Home <http://www.hc-one.co.uk/homes/mavis-bank/>. Þetta



Hópurinn í heimsókn á Ailsa Craig Care Home í Glasgow.

heimili er partur af stórra keðju heimila í Bretlandi og Skotlandi sem kallast HC keðjan <http://www.hc-one.co.uk/>. Heimasíðan er góð og þar er hægt að fá allar upplýsingar. Það var Alan McDonald, forstöðumaður sem tók á móti okkur. Við byrjuðum heimsóknina í vaktarherberginu, en þar var boðið uppá skoskt kaffiborð og kunnum við vel að meta það. Þar spurðum við hann út í heimilið, hverjar áherslurnar væru o.s.frv.

Þetta heimili er 19 ára gamalt og eru um 60 einstaklingar þar í hjúkrunarrýmum. Ekki er gerður greinamunur á einstaklingum og eru t.d. heilablaðir ekki aðskildir frá hjúkrunarsjúklingunum og þeim sem eru í líknandi meðferð.

Þetta heimili aðhyllist Eden stefnunni

*Þetta heimili aðhyllist
Eden stefnunni en
þó ekki að fullu*

en þó ekki að fullu. Þau reyndu t.d. að sleppa einkennisfatnaði en hættu því fljótlega. Herbergin eru máluð í fallegum litum sem einstaklingurinn sjálfur hefur valið. Þó að hjúkrunarrúm séu í hverju herbergi þá er restin af húsgögnunum frá þeim sjálfum og herbergin því mjög persónuleg. Uppá veggjum frammi hanga listar um afþreyingu staðarins sem er mjög mikil, allt frá bóklestri sem og að fara á pöbb sem er staðsettur rétt hjá. Þau eru líka að búa til hluti sem síðan er seldir til fjáröflunar, t.d. kort, keramik og ilmdollur. Á veggjum hanga listar þar sem að þau geta séð hverjir eru á vakt þennan dag og matseðill vikunnar. Þarna eru nokkur fiskabúr með ægifögnum fiskum, hænur úti í garði, fallegur blómaskáli og einnig var köttur á svæðinu. Algengt er síðan að fólk komi í heimsókn með dýr.

Þarna vorum við fram eftir degi í góðu yfirlæti þar sem við skoðuðum herbergin, afþreyinguna og alla aðstöðu, ásamt því að spyrja endalausra spurninga og fá svo

spurningar til baka. Við vorum ánægðar með heimsóknina en okkur þótti nú ekkert slæmt að taka leigubíl aftur heim til að komast í búðir.

Ög talandi um búðir, þær eru svo margar, og það var svo margt sem okkur langaði til að kaupa, en svo litlar ferðatöskur, að þetta voru bara vandræði strax á fyrsta degi. Uppgefnar skal ég segja ykkur um kvöldið, enda komumst við bara niður í matsal hótelsins til að borða!

Ailsa Craig Care Home

Daginn eftir vorum við mættar um klukkan 10.00 á síðara heimilið. Ailsa Craig Care Home <http://www.carehome.co.uk/carehome.cfm/searchazref/20006040AILA> er eitt af mörgum heimilum í BUPA keðjunni en þau heimili eru einkarekin og eru um 100 og þar af 30 í Skotlandi. Það eru 90 einstaklingar sem búa á þessu heimili en minnsta heimilið er með 60 íbúa og það stærsta með 250 manns. Þau sjá um mest allt sjálf, þ.e. eldhús og þvottahús og eru með viðgerðarmann, garðyrkjumann, iðjuþjálfara o.s.frv.

Okkur leist mjög vel á þetta heimili, en þar tóku á móti okkur þau Tom, sem er yfirmaður þar og svo hún Sheila Margey, sem er home manager. Alveg yndisleg bæði tvö, tilbúin að gera allt fyrir okkur. Eftir að hafa spjallað lengi um meginmarkmið þeirra og hvernig þeirra vinnureglur væru, þá skiptum við hópnum í þrennt og fórum með þeim í gegnum svæðið. Skoski kokkurinn vildi endilega fá okkar kokk í heimsókn til sín, og þar töluðu þær lengi um mismunandi áherslur og gáfu góð ráð! Þau bjóða t.d. upp á tvíréttaðan matseðil á hverjum degi og ef einstaklingurinn vill hvorugan þá er útbúið eitthvað létt. Eins ákveða heimilismenn hvenær þeir borða, fara framúr og hvort þeir borði bara inni hjá sér.

Hóparnir tveir fóru svo í skoðunarferð. Það sem okkur leyst strax vel á var hönnunin á heimilinu. Íbúar búa í þremur byggingum. Í fyrsta lagi eru það einstaklingar með heilabilun, en sú bygging er meira lokuð, svo eru það einstaklingar sem þurfa einhverja aðstoð og svo miklir hjúkrunarsjúklingar.

Mikið er lagt upp úr minningavinnu og fá þau vinnukassa úr nærliggjandi bókasafni, sem er svo skipt úr vikulega.

Allt er mjög heimilislegt, málað í fallegum litum, húsgögnin falleg og mikið af heimilislegum hlutum hér og þar. Herbergin eru persónuleg, en eins og á hinu heimilinu er einungis salerni inni í þeim, en



Svipmyndir frá heimilunum í Glasgow.



baðherbergin eru sér. Þau eru með snyrtiherbergi og meira að segja lítinn bar! Þarna eru fiskabúr og kanína í búri sem er afskaplega ofalinn af íbúunum. Garðurinn er sérstaklega skemmtilegur, lítill blómaskáli, bátur og alls kyns gróður.

Eftir heimsóknina var boðið uppá skoskt

veisluborð og þakkað fyrir sig. Góðar mótökur sem gerðu ferðina yndislega.

Seinni part dagsins var svo tekinn leigubíll til baka því nú vorum við komnar í mikla þörf fyrir að skoða í búðir - Primark, Mataland, Poundland store, HM, búðir, búðir og fleiri búðir, fish and chips og Sapporo. Ótrúlegt hvað 10 konur geta afkastað miklu á stuttum tíma. En ég ætla nú ekki að útlista restina af ferðinni, því eins og við sögðum: What happens in Glasgow, stays in Glasgow!

Anna Júlía Skúladóttir, Grundarfirði.

Allt er mjög heimilislegt, málað í fallegum litum

Stöðug hugsun um mat, þyngd og útlit

„Átröskun er alvarleg geðröskun sem einkennist af afbrigðilegum matarvenjum og trufluðu hegðunarmynstri sem tengist stjórnun líkamsþyngdar. Manneskja með átröskun hefur miklar áhyggjur af líkamsþyngd og lögum og er ofurupptekin af mat og leiðum til að stjórna þyngd. Líkamsímynd er brengluð og er sjálfsmynd óeðlilega háð henni. Átröskun er langvinnur sjúkdómur sem getur skert lífsgæði fólks verulega og er dánartíðni há“.

Orðið anorexia er komið úr forngrísku og þýðir án matarlystar. Anorexia var ekki greind sem sjúkdómur fyrr en á 20. öld eða um árið 1960, en sjúkdómurinn hefur eflaust fylgt mannum lengur. Einkenni sjúkdómsins er stöðug hugsun um mat, hitaæiningar, þyngd og útlit. Hegðun litast gjarnan af þessum hugsunum og viðkomandi hefur ofuráhuga á öllu sem er matartengt. Oft á tíðum lokar viðkomandi sig af frá umhverfinu og einangrast, borðar óeðlilega lítið og hegðun í kringum matarinntekt verður oft afbrigðileg. Einstaklingur lætur ekki undan svengd og lítur jafnan á svengd sem orrustu og á sig sem sigurvegara ef hún/hann lætur ekki undan svengdinni. Oftar en ekki er óvenjumiklum tíma varið í líkamsrækt.

Einstaklingur með þennan sjúkdóm gerir sér sjaldan grein fyrir ástandi sínu, og þar af leiðandi er oft takmarkaður vilji til bata. Um 90% þeirra sem greinast með anorexiu eru konur og einkenni koma oftast fyrst fram á aldrinum 14-18 ára. Batahorfur eru ekki alltaf góðar, um 30% þeirra sem greinast ná fullum bata, önnur 30% ná bata að hluta til, svo eru önnur 30% sem verða langveik. Dánartíðni er um 8-10%. Um helmingur eða um 50% þeirra sem greinast með anorexiu þróa með sér aðrar raskanir svo sem þunglyndi, kvíða, fíknisjúkdóma, sjálfskaðahegðun eða persónuleikaröskun.

Hjúkrunarmedferð

Á LSH starfar átröskunarteymi þar sem unnið er með brenglaðar hugsanir



Á LSH starfar átröskunarteymi þar sem unnið er með brenglaðar hugsanir gagnvart mat.

Útdráttur úr lokaverkefni Huldu Rósar Einarsdóttur.

gagnvart mat, leitast er við að leiðréttar matarvenjur og reynt að rjúfa þennan vítahring. Á dagdeild er boðið uppá matarstuðning og einnig er í boði lystmeðferð, fjölskyldumeðferð, fræðsla og sjálfstyrking sem og hvatningarmedferð og HAM –meðferð.

Meðferð er teymisvinna lækna, geðhjúkrunarfræðinga, næringarfræðinga og annarra fagaðila sem sérþekkingu hafa á þessum sjúkdómi. Sjúklingar með lystarstol (anorexiu) þurfa oft langtíma-meðferð, stundum er nóg að meðferðin fari fram á heilsugæslustöðvum en fyrir veikari einstaklinga eru önnur meðferðarúráði æskileg svo sem geðdeildar, dagdeildar eða meðferðaheimili. Margir anorexíusjúklingar þurfa innlögn og helstu ástæður innlagnar á geðdeild er sjálfsvígshætta, ef BMI er komið und-

Oft á tíðum lokar viðkomandi sig af frá umhverfinu og einangrast

ir 13 og ef viðkomandi er alveg hættur að nærast á mat og vökva og getur ekki rofið losunarhegðun sem er uppköst og laxering.

Við innlögn er gert hjúkrunarferli og mikilvægt að safna upplýsingum og taka nákvæma sögu af sjúkling. Hvernig kemur hann fyrir, útlit, hugrænt ástand og innihald hugsanna, áttun, greind og minni? Dómgreind og innsæi í sjúkdóm sinn, sjálfsmat, líkamlegt ástand og sjálfsmynd. Mikilvægt er að ræða við fjölskylduna og fá frekari upplýsingar frá þeim. Fjölskyldumeðlimir þurfa að fá að segja frá sinni upplifun af sjúkdómsástandi en hver og einn hefur sína upplifun og sína sögu að segja. Allir þurfa að fá rými til að segja sína sögu og nauðsynlegt að virkja fjölskylduna til að taka virkan þátt í allri meðferðaráætlun.

Markmið hjúkrunar þurfa að vera skýr og gerð í samráði við sjúkling og öll einkenni hvort sem þau eru líkamleg, sálræn eða félagsleg þarf að skrá. Samningur er gerður milli sjúklings og læknis/meðferðaraðila. Í tilvikinu sem um ræðir hér í þessari ritgerð var gerður nýr samningur í hverri viku með matarplani og markmiðum og einnig var tekið fram í þessum samningi að meðferðaraðili væri alltaf hjá sjúkling á meðan á máltíð stendur og í klukkutíma eftir

hverja máltíð. Oft koma mun fleiri upplýsingar fram í þessum samningum svo sem heimsóknartími, símtöl, hreyfing og leyfisferðir.

Samningurinn þarf að vera öllum aðgengilegur og nauðsynlegt að starfsfólk þekki meðferð vel. Ekki er hægt að breyta eða semja um einhverjar breytingar á matarvenjum svo sem skammtastærðum eða þess háttar við starfsfólk heldur þarf alfarið að fara eftir undirrituðum samningi. Máltíðarstuðningur er mikilvægur í hjúkrun átröskunarsjúklinga. Markmiðið er að minnka líkur á ágreiningi eða togstreitu milli sjúklings og meðferðaraðila á matmálistímum, vinna að þyngdaraukningu eða viðhalda þyngd og aðstoða sjúkling við að sjá jákvæðar hliðar þess að borða með öðrum. Einnig er markmið að auka sjálfstraust varðandi nýjar og heilbrigðar matarvenjur og draga úr ótta og leiðrétta ranghugmyndir gagnvart mat.

Máltíðarstuðningur skiptist í stuðning fyrir máltíð, á meðan máltíð stendur og eftir máltíð.

Stuðningur fyrir máltíð felst í sér að hvetja sjúkling, vera til staðar og hrósa, minna á markmiðin og fylgjast með að matarskammti sé lokið innan þeirra tímamarka sem kveður á um í samningi, reyna að koma í veg fyrir alla átrösk-

unarhegðun og ræða um stuðningsleiðir sem í boði eru.

Stuðningur meðan á máltíð stendur felur í sér að á meðan að á máltíð stendur er meðferðaraðilinn fyrirmynd sjúklings, veitir stuðning, hvetur hann og hrósar. Fylgjast þarf vel með matarinntekt og matarvenjum. Forðast skal samskipti í fyrirlestraformi, breytingar út af settum samningi og að sýna neikvæðar tilfinningar í garð sjúklings.

Stuðningur eftir máltíð felur í sér að hrósa sjúkling og halda áfram stuðningi. Aðstoða sjúkling við að þola vanlíðan og sýna skilning, þekkja bjargráð svo hægt sé að hughreysta. Nærvera og slökun er einnig mikilvægt.

Fjölskyldustuðningur

Þegar einstaklingur þjáist af átröskun hefur það áhrif á alla fjölskyldumeðlimi og því mikilvægt að meta þörf á fjölskyldustuðning og jafnvel fjölskyldumeðferð.

Calgary fjölskylduhjúkrun byggir á hugmyndafræðilegum bakgrunni, fjölskyldumatslíkani (CFAM) og fjölskyldumeðferðarlíkani (CFIM), meðferðarsamtali og skráningu. Þar er horft til fjölbreytileika lífsins og áhersla er lögð á styrk fjölskyldunnar, gagnvirk samskipti og líðan hvers einstaklings innan fjölskyldunnar.

Fjölskyldan sem kerfi setur sér reglur eða mörk til leiðbeiningar um hvað sé fyrir innan eða utan kerfið. Í fjölskyldu þurfa mörkin að vera gagnsæ og skýr. Ef mörkin eru of gagnsæ missa þau eiginleika sína og vald og þar af leiðandi geta einstaklingar í fjölskyldunni ekki notið sín sem skyldi, en ef mörkin eru of stíf þá getur það komið í veg fyrir þátttöku og samskipti innan fjölskyldunnar.

Hegðun hvers einstaklings hefur áhrif á hegðun annarra og hver einstakur verður fyrir áhrifum af öllum hinum. Fjölskylduviðtöl þar sem unnið er eftir Calgary-hugmyndafræðinni leggja áherslu á að efla, bæta og viðhalda virku fjölskyldulífi á þremur sviðum; vitsmunalegu, tilfinningalegu og því sem lítur að hegðun einstaklinga í fjölskyldunni. Með því að vera í samstarfi við fjölskylduna er hægt að efla bjargráð hennar, draga úr þjáningu og þannig auðvelda henni að annast og styðja veikan ástvin. Með því að finna og draga fram styrkleika fjölskyldunnar hvetjum við hana til að notast við eigin bjargráð.

Mikilvægt markmið fjölskyldumeðferðar er að ná fram jákvæðum lífsgildum, draga úr vanlíðan, hafa jákvæð áhrif á samskipti og heilbrigði fjölskyldunnar vegna veikinda eða áfalla.

Hulda Rós Einarsdóttir.

Málstofa sjúkraliðanema

Útskriftarnemendur á sjúkraliðabraut Fjölbrautaskólans í Breiðholti fluttu lokaverkefni sín á Málstofu í Sunnusal 2. maí síðastliðinn.

Nemendur voru í vinnustaðarnámi á ýmsum sérdeildum LSH, á barnadeildum, líknardeildum, bráðageðdeildum og endurhæfingargeðdeildum. Verkefni voru fjölbreytt og fróðleg og fjölluðu um áhrif veikinda á fjölskyldur.

Í verkefnum sínum eru nemendur að ígrunda hvernig fjölskyldum reidir af í veikindum og mikilvægi umhyggju í hjúkrun. Nemendur eru í vinnustaðanámi samhliða samfélagshjúkrunaráfanganum HJÚ-503 þar sem farið er í fjölskyldukenningar, uppeldiskennningar, geðsjúkdóma, alkahólisma og áhrif barneigna á fjölskyldulíf. Einnig



Sjúkraliðanemarnir á Málstofu FB vorið 2014 ásamt Ágústu Jóhannsdóttur.

er farið í áhrif veikinda barna á foreldrahlutverkið og hvernig við getum aðstoðað fjölskylduna.

Gestir voru ánægðir í lok Málstofu. Stutta útdrætti úr nokkrum verkefnum er

hægt að lesa hér í þessu tölublaði Sjúkraliðans.

Kennari í samfélagshjúkrun er Ágústa Jóhannsdóttir og er einnig leiðbeinandi nemenda á sérdeildum.

Konur þriðjungur sjúklinga á Vogu

Í ritgerð minni fjallaði ég um kvenna meðferð SÁÁ og hvaða stuðning konur og fjölskyldur þeirra fá.

Um þriðjungur þeirra sem leita til SÁÁ eru konur. 4% íslenskra kvenna 15 ára og eldri hafa verið á sjúkrahúsinu Vogu í meðferð, um 7000 einstaklingar frá upphafi og yfir 500 konur á ári. 200-250 kvennanna fara í áframhaldandi meðferð á endurhæfingarheimilinu Vík á Kjalarnesi.

Kvennameðferð hófst árið 1995 og var sniðin að þörfum og sérstöðu kvenna með fíknisjúkdóma. Árið 2003 var ákveðið að kynjaskipta meðferðarhópum alfarið og allar konur sem fara í inniliggjandi meðferð hjá SÁÁ eru nú í kvennahópum. Ákvörðun þessi byggist á því mati að þarfir kvenna séu öðruvísi og af öðrum toga. Þær séu einangraðri og oft verr staddar þegar þær komu inn í meðferð, sjálfsmýnd þeirra er oft brotin því þær upplifa að þær hafi ekki staðið sig í uppeldislutverkinu og margar koma úr erfiðum samböndum og hafa jafnvel verið beittar ofbeldi. Frá upphafi er reynt að efla samstöðu kvennanna með því að starfrækja hópastarf sem þjappar þeim saman í meðferð og einnig í eftirmeðferð. Þetta er nauðsynlegt fyrir vímuefnasjúkar konur sem oft eru mjög félagslega einangraðar og eru í hættu á að einangrast ennþá meira. Konur koma oftast veikari til áfengismeðferðar en karlar, þær hafa fleiri fráhringiseinkenni bæði líkamleg og andleg og rannsóknir sýna að konur misnota lyf í meira mæli en karlar í tengslum við áfengisneyslu á meðan karlar fara frekar á túrafylleri.

Á Vogu og Vík í 6 vikur

Á Vogu dveljast konurnar í 10-15 daga, en halda síðan meðferð áfram í fjórar vikur á meðferðarheimilinu Vík á Kjalarnesi. Megináherslan felst í því að fræða konur um hvernig þær geti tekist á við löngun í vímuefni, í hvaða aðstæðum þeim er hættast við að fá löngun í vímuefni og hvernig þær geti brugðist á viðeigandi hátt við



Um 7 þúsund konur hafa verið í meðferð á Vogu.

Síðhvörf koma einkum fram við vaxandi streitu og viðkomandi á erfiðara með að hugsa skýrt, hreyfingar verða klunnalegar og slyshætta eykst

því. Fjölskyldumál eru í brennidepli og reynt er að auka þátttöku fjölskyldunnar, einkum maka í þeim breytingum sem eru í vændum.

Samfélagið segir okkur að konur eigi að vera síðvandari en karlar og móðurhlutverk kvenna gerir vandann einnig öðruvísi en vanda vímuefnasjúkra karlmannna. Alkunna er hve slæm áhrif vímuefni hafa á fóstur, ung börn og alla fjölskylduna. Því er staðan sú að þegar konur leita sér

Útdráttur úr lokaverkefni Maríu Bjarkar Ólafsdóttur.

hjálp og koma í meðferð er oft litið á þær sem óhæfar til barnaupplendis og eykur það á vanda þeirra.

Í kvennameðferðinni á Vogu leysa þær ýmis verkefni og fá leiðsögn og stuðning. Þær fá verkefnahefti í upphafi sem inniheldur margvíslegt efni úr fyrirlesturum, greinar og verkefni sem þær leysa ýmist saman eða sem einstaklingsverkefni. Þær svara og ræða svo saman í hópatímnum hverju þær svöruðu og afhverju þær svöruðu þessu svona eða hinseginn.

Mikilvægt verkefni þeirra er að búa sér til einföld dagsplön sem þær fylgja svo eftir. T.d borða morgunmat, tannbursta sig, fara á AA fund o.s frv. Fræðsluerindin eru margvísleg og má þar nefna fræðslu um lífræðilegar breytingar á eigin líkama, hvað stjórnar skapgerð og kvenlegu útliti og áhrif neyslu vímuefna á tíðahringinn og hormónastarfsemina svo eitthvað sé nefnt. Fyrirlestrar um heilsuefningu, mikilvægi þess að nærast vel og hreyfa sig til að losa um spennu í líkamanum og einnig er fræðsla um kynlíf, kynsjúkdóma, sambönd og barneignir. Sjúkdómsferlið er útskýrt og þá með sérstakri áherslu á hverju

ir eru fylgikvillar langvarandi neyslu áfengis og vímuefna. Síðhvörf eru fylgiskur vímuefnaneyslu því þó að fráhvörf séu yfirstaðin er heilinn og taugakerfið ekki enn búinn að jafna sig og getur það tekið allt upp í ár. Síðhvörf koma einkum fram við vaxandi streitu og viðkomandi á erfiðara með að hugsa skýrt, hreyfingar verða klunnalegar og slyshætta eykst. Þessi einkenni eru streitvaldandi og oft gerir einstaklingurinn sér ekki grein fyrir hvað er í gangi.

Hópavinnan er mjög mikilvægt tæki í meðferðinni; þær kynnast betur, læra að treysta hvor annarri, fá aukið sjálfs-traust og æfingu í að tjá tilfinningar sínar. Hópurinn verður með tímanum heilbrigðari og sterkari og það er ómetanlegur stuðningur fyrir konurnar. Með leiðsögn ráðgjafa deila þær reynslu sinni og hvað þær eru að fást við í daglegu lífi. Fjölskyldan er einnig í brennidepli í allri meðferð á Vík því lítið er á að fjölskyldan sé ein heild og afleiðingar ofdrykkju hafi áhrif á alla. Aðstandendum er oft boðið í viðtal á Vík til að kynna fyrir þeim göngudeildarúræði. SÁÁ býður uppá foreldrafræðslu, fjölskyldunámskeið og sálfræðiþjónustu fyrir börn. Tilgangurinn er að fræða aðstandendur um sjúkdóminn og hjálpa þeim að takast á við afleiðingar drykkjusýkinnar sem er meðvirkni.

Stuðningur í eitt ár

Eftir útskrift á Vík eru konurnar í stuðningi í eitt ár. 2 sinnum í viku í 3 mánuði og 1 sinni í viku í 9 mánuði þar á eftir. Þær hittast í hópastarfi sem á að styðja og styrkja.

Til dæmis þykir þeim oft gott að hitta meðferðarfélagana sína, halda áfram að ræða sín mál í sínum hóp, hafa greiðari aðgang að starfsfólki og að geta komið sér upp sínu eigin batakerfi t.d. í AA og/eða lífstílsbreytingum sem þurfa að verða til að viðhalda edrúmenskunni.

Þær fá viðurkenningu eftir sex mánaða edrúmenskun sem er lítil kannan sem stendur á: „Þú ert frábær.“ Þetta er þeim mikils virði og oft fyrsta staðfestingin um að þær séu einhvers virði og hafi það sem þarf til að halda áfram að öðlast bata. Útskrift er svo tólf mánuðum síðar og er stór stund í lífi kvennanna og allrar fjölskyldu þeirra. Þá fá þær lítinn engil með hendur upp fyrir höfuð sem tákna hvar þær voru, hvert þær eru komnar og hvert þær stefna.

María Björk Ólafsdóttir

Geðklofi

Ofskynjanir og rangtúlkningar

Geðklofi eða schizofrenia er erfiður geðsjúkdómur sem einkennist af breyttri hugsun, hegðun, samskiptum og tilfinningum.

Sjúklingar skynja raunveruleikann og umhverfi á allt annan hátt en aðrir og því er mikilvægt að renja ekki skoðanir þeirra eða upplifun. Oft heyra þeir raddir sem aðrir heyra ekki og trúa því að aðrir geti stjórnað eða lesið hugsanir þeirra og upplifun þeirra er mjög ógnandi og jafnvel hættuleg. Þetta eru svokölluð geðrofseinkenni en geðrof er ástand sem einkennist af ofskynjunum og ranghugmyndum. Ofskynjanir geta tengst öllum skynfærum og koma fram sem truflanir á heyrnar, sjón, snerti-, bragð- og lyktarskyni. Þetta leiðir því oft til þess að þeir eru oft mjög fælnir og hættan á félagslegri einangrun eykst. Ýmsir aðrir fylgikvillar fylgja oft í kjölfarið eins og lágt sjálfsmat, atvinnumissir, fjárhagsörðugleikar, svefntruflanir, misnotkun á vímuefnum og fjölskylduárekstrar. Öll tilfinningaviðbrögð sljógvast, andlit verður svipbrigðalaust og hegðun og atferli verður flatt. Sjúklingar draga sig í hlé og forðast umgengni við fólk, hafa lítið sem ekkert til málanna að leggja og lífið verður mjög tilbreytingarlítið.

Sú mynd sem fjölmiðlar og bíómyndir hafa dregið upp af geðklofa er oft tengd við ofbeldisglæpi og er það alröng mynd af sjúkdómnum því oftast en ekki eru geðklofasjúklingar fáskiptir og hlédrægir. Sé geðklofasjúklingur ofbeldishneigður í sínum veikindum hafa þau hegðunareinkenni oft verið til staðar fyrir veikindi eða tilkomið vegna lyfjamisnotkunar.

Hjúkrunin

Hjúkrun einstaklinga með geðklofa er flókin því það sem hentar einum þarf ekki endilega að henta öðrum. Stuðningsviðtöl skipta miklu máli sem og nærvera og stuðningur. Hvetja þarf sjúkling til þess að sjá það jákvæða í fari sínu og umhverfi, ræða tilfinningar sínar og líðan. Þar sem



Myndin er af húsi geðdeildar LSH

oft er um miklar ranghugmyndir og ofskynjanir að ræða er mikilvægt að við andmælum ekki sjúklingi eða drögum úr því sem hann er að upplifa heldur útskýra hvað við upplifum og sjáum í umhverfinu. Ef sjúklingur verður æstur eða ógnandi er mikilvægt að við höldum ró okkar og tölum rólega til hans, vinnum traust hans og gefum honum tíma og færi á að spyrja spurninga.

Einstaklingar með geðklofa eru oftast en ekki búnir að brenna allar brýr að baki sér og aðstandendur oft í mikilli uppgjöf. Fjölskyldum og aðstandendum er boðið uppá stuðning og samtöl þar sem meginmarkmið er að nálgast aðstandendur til að fá betri sýn á styrkleika fjölskyldunnar og bjargráð hennar. Því er mikilvægt að fjölskyldan fái góðar upplýsingar. Fjölskyldan þarf að upplifa að þau hafi aðgang að okkur og að við séum meðvituð um hvernig fjölskyldan hefur það frá degi til dags, hvert sjálfsmat fjölskyldumeðlima er og hvernig tjáskiptin eru á milli þeirra, eru þau heiðarleg eða ekki? Markmið okkar á alltaf að vera að veita fjölskyldumeðlimum stuðning til að takast á við breytingar og þau vandamál sem eru til staðar. Mikilvægt er að vinna með fjölskyldunni gefa henni færi á að spyrja spurninga, gefa greinargóð svör og veita stuðning í orði og verki. Hlýlegt viðmót skiptir miklu máli því það eykur öryggi og traust og getur dregið úr þjáningu og kvíða fjölskyldumeðlima.

Helga Jónsdóttir

Aðalfundur Reykjavíkurdeildar SLFÍ

Fjölbreytt starfsemi á liðnu starfsári

„Áfram var unnið að því að koma lagi á trúnaðarmannakerfi deildarinnar en mikill misbrestur er enn á því að trúnaðarmenn endurnýi kjörbréf sitt þar sem fram kemur kjörtímabil þeirra. Kjörstjórn Reykjavíkurdeildarinnar hefur unnið hörðum höndum að því að setja saman kjörstjórnir innan stofnana þar sem kjósa þarf nýja trúnaðarmenn vegna nýrra reglna SLFÍ um kosningar trúnaðarmanna. Í haust var svo haldinn annar fundur Trúnaðarmannaráðs SLFÍ þar sem allir trúnaðarmenn deildarinnar með gild kjörbréf höfðu rétt til þátttöku á fundinum,“ segir í ársskýrslu stjórnar Reykjavíkurdeildar sjúkraliða sem lögð var fram á aðalfundi deildarinnar 21. nóvember síðastliðinn.

Í ársskýrslunni sem Jóhanna Traustadóttir, formaður, flutti á aðalfundinum, segir meðal annars:

Stjórn Reykjavíkurdeildar hefur fundað að jafnaði einu sinni í mánuði á þessu starfsári sem er að ljúka að undanskyldu sumrinu, en stjórnin tók sér að mestu sumarfrí frá júní og fram í september. Í upphafi árs ákvað stjórnin að reyna að auka framboð á viðburðum innan deildarinnar og þar með virkni félagsmanna í þeim en hún hefur verið dræm síðustu ár.

Ýmis verkefni

Á Evrópudegi sjúkraliða 26. nóvember 2012 var Framvegis símenntunarmiðstöð með fræðslufund sem var sendur út með fjarfundabúnaði í tilefni dagsins. Fjallað var um nýja löggjöf um heilbrigðisstéttir sem tók gildi 1. janúar 2013.

Í desember voru fulltrúar Reykjavíkurdeildar við útskriftarathöfn í Fjölbrautarskólanum í Ármúla og afhentu blóm, lykílinn og heillaóskir frá SLFÍ. Þau leiðinlegu mistök urðu hins vegar að ekki var verið við útskriftarathöfn sjúkraliða frá Fjölbrautarskólanum í Breiðholti. Ákveðið var því að sendi öllum þeim sjúkraliðum afsökunarbeiðni ásamt heillaóskum með útskriftina.

Stjórn og nefndarmenn Reykjavíkurdeildar komu saman og pökkðu vaktar-



Fjölmennt var á fundi sjúkraliða og SFR um kjaramálin.

bókinni og gerðu klárt fyrir útsendingu. Í lok vetrar bauð stjórn Reykjavíkurdeildarinnar öllum þeim sjúkraliðum sem komu að mikilli vinnu við skipulagningu Evrópudagsins, Góugleðinnar og pökkunar á vaktabókinni út að borða í þakklætisskyni fyrir alla þá vinnu sem þeir inntu af hendi á árinu.

Þorablót

Í byrjun árs hófst undirbúningur þorablóts deildarinnar sem haldið var þann 15. febrúar 2013 í sal BSRB. Að þessu sinni var Brynja Valdís leikari og skemmti-

kraftur fengin til að vera veislu- og skemmtanastjóri. Gleðin byrjaði með björkyrningu frá brugghúsinu Gæðingur í Útvík í Skagafirði, en að henni lokinni hófst hin mesta skemmtun og hið árlega happdrætti undir stjórn Brynju Valdísar. Góð mæting var og skemmtu sér allir mjög vel.

8. mars var alþjóðlegur baráttudagur kvenna fyrir friði og jafnrétti haldinn í Iðnó og var fullt út úr dyrum. Meðal ræðumanna á fundinum var Kristín Á. Guðmundsdóttir formaður Sjúkraliðafélags Íslands. Jóna J. Sveinsdóttir gjaldkeri Reykjavíkurdeildar og Hulda Ragnarsdóttir stjórnarmaður Reykjavíkurdeildar tóku þátt í undirbúningi að þessum degi og eiga þær þakki skilið fyrir það.

Þann 22. apríl var boðið upp á opið hús hjá Reykjavíkurdeildinni í húsakynnum Sjúkraliðafélagsins. Nokkuð góð mæting var á þennan viðburð hjá deildinni og allmenn ánægja með opið hús. Stjórn Reykjavíkurdeildar lagði fram viðburðadagatal við þetta tækifæri og hvatti alla til að fylgjast með á Facebook síðu deildarinnar og á heimasíðunni slfi.is/deildir.

Stjórn deildarinnar

Formaður: Jóhanna Traustadóttir.

Meðstjórnendur:

Jóna J. Sveinsdóttir, Ingibjörg
María Jóhannsdóttir, Birna S. Helga-
dóttir og Hulda Ragnarsdóttir.

Varamaður í stjórn:

Jakobína Rut Daniélsdóttir.

Viðurkenningar

12. apríl voru hvatningarverðlaun Reykjavíkurborgar í flokki einstaklinga veitt Hlíf Geirsdóttur, matsfulltrúa og sjúkraliða. „Hlíf er frábær starfsmaður, dugleg, útsjónarsöm og hugsí út fyrir kassann. Hlíf er óhrædd við að fara nýjar leiðir í vinnu sinni og hún kemur fram við alla, bæði samstarfsmenn og notendur, af mikilli virðingu, alúð og kærleika. Hlíf hefur unnið farsælt starf hjá Reykjavíkurborg sl. 25 ár.“ Þessi flottu ummæli voru höfð um Hlíf þegar henni voru veitt hvatningarverðlaunin og óskar Reykjavíkurdeldin henni innilega til hamingju.

Á ársfundi Landspítala 23. apríl 2013 var Helga Rósa Hansdóttir, sjúkraliði á vökudeild á kvenna- og barnasviði heiðruð. „Helga Rósa hefur starfað sem sjúkraliði á vökudeild í 25 ár samfellt. Hún sinnir störfum sínum af fagmennsku og öryggi og ber mikla umhyggju fyrir nýburum og foreldrum þeirra. Hún hefur tekið þátt í mörgum mikilvægum verkefnum framþróunar og stýrir meðal annars hjúkrunarvörulager deildarinnar með öflugum hætti. Helga er vel liðin af öllum, hún veitir trausta leiðsögn og er góð fyrirmynd í stafi. Helga er sá starfsmaður sem foreldrar barnanna muna lengst eftir.“ Þessi flottu ummæli voru höfð um Helgu þegar hún var heiðruð og óskar Reykjavíkurdeldin henni innilega til hamingju.

Gaman er að geta þess að J. Eygló Benediktisdóttir, sjúkraliði á 11G LSH - Hringbraut fékk viðurkenningu fyrir dómgæslu á World Skills sem er Heimsmeistaramót verk- og iðngreina sem haldið var í Leipzig á árinu og óskum við henni innilega til hamingju með árangurinn.

Fundarhöld og ferðir

Á 1. maí baráttudegi verkalýðsins var gengið með fána félagsins í kröfugöngu verkalýðsins niður á Austurvöll þar sem útifundurinn fór fram. Góð þátttaka var í göngunni og voru sjúkraliðar nokkuð áberandi í sínum hvítu peysum. Fánaberinn í ár var Bjarnfríður Jóhannsdóttir en hún er búin að vera mörg ár í kjaramálanefnd Reykjavíkurdeldar.

10. maí var fulltrúaþing Sjúkraliðafélags Íslands haldið og átti Reykjavíkurdeldin þar 12 fulltrúa.

30. maí var boðið upp á fyrstu gönguferð Reykjavíkurdeldar undir leiðsögn Úlfheiðar Ingvarsdóttur sjúkraliða og leiðsögumanns. Gengið var frá Hallgrímskirkju og stytur miðborgarinnar skoðaðar.

4. júní fór Jóhanna Traustadóttir formaður Reykjavíkurdeldar og Kristín Ólafadóttir varaformaður Sjúkraliðafélags Íslands með



Góð mæting var á opnu húsi Reykjavíkurdeldar sjúkraliða.

í vorferð Eftirlaunadeildar SLFÍ. Að þessu sinni var farið um Suðurnesin og á leiðinni í kvöldverðinn var komið við heima hjá Kristínu Á. Guðmundsdóttur formanni SLFÍ en hún bauð hópnum óvænt að koma í heimsókn til sín að því loknu var farið í Rauða Húsið á Eyrabakka og þar snæddur kvöldverður. Mjög gaman var í þessari ferð og þakka ég eftirlaunadeildinni fyrir að bjóða mér að koma með í þessa ferð.

19. júní á sjálfan kvennafrídaginn var önnur gönguferð sumarsins, mæting var við Listasafn Sigurjóns Ólafssonar í Laugarnesinu og þaðan var gengin strandlengjan frá Laugarnesi. Í þessari ferð var Auður Svavarsdóttir jógakennari einnig með í för en leiðsögumaður var Úlfheiður Ingvarsdóttir leiðsögumaður og sjúkraliði.

25. júlí var hist við Kaffivagninn á Granda og gengið þaðan með ströndinni út í Gróttu og farið í fótabað á leiðinni áður en haldið var til baka. Leiðsögumaður var Úlfheiður Ingvarsdóttir leiðsögumaður og sjúkraliði.

26. september var hist á Austurvelli og var gengið yfir að Aðalstræti og tekin þar hringur í nágrenninu, Hafnarstræti og Lækjargötu ásamt hring í kringum Tjörnina. Leiðsögumaður var Guðrún Frederiksen og fléttaði hún inni þetta fræðslu um uppbyggingu Reykjavíkur.

4. október bauð Reykjavíkurdeldin upp á ferð í leikhúsið. Að þessu sinni var farið í Gaflaraleikhúsið að sjá Blakkát sem er sótsvartur gamanleikur þar sem Björk Jakobsdóttir leikkona og höfundur fer með aðalhlutverkið. Þátttaka var nokkuð góð á þennan viðburð og allir fóru ánægðir heim að sýningu lokinni.

17. október var hist við Vídalínskirkju í Garðabæ og gengið þaðan um umhverfi Vífilsstaða, Vífilsstaðavatns og upp á Gunnhildi. Leiðsögumaður var Guðrún Frederiksen.

12. nóvember var farið í gönguferð um Elliðaárdalinn. Leiðsögumaður var Guðrún Frederiksen.

Fimm nefndir deildarinnar

Í Reykjavíkurdeldinni eru starfandi 5 nefndir:

Fræðslu- og skemmtinefnd: Meðal verkefna hennar er að mæta við útskrift sjúkraliða og færa þeim rósir og hamingju-óskir frá félaginu og sjá um félagsstarfsemi deildarinnar. Þar sitja 5 sjúkraliðar.

Fjáröflunarnefnd: Hún sér um fjáröflun til fræðslu- og menningarstarfa deildarinnar. Þar sitja 3 sjúkraliðar.

Uppstillingarnefnd: Fer á stjá þegar haustar og leitar uppi áhugasama sjúkraliða til starfa í stjórn og nefndum deildar-

innar í stað þeirra sem hætta. Þar sitja 3 sjúkraliðar og 2 varamenn.

Kjörstjórn: Er ný nefnd í Reykjavíkurdeldinni en hlutverk hennar er að sjá um undirbúning atkvæðagreiðslu um kjör formanns og annast aðrar atkvæðagreiðslur eða kosningar í deildinni. Þar sitja 3 sjúkraliðar og 2 til vara.

Kjaramálanefnd: Tók að sér að sjá um þátttöku félagsins á baráttudegi verkalýðsins í Reykjavík. Þar sitja 4 sjúkraliðar auk formanns deildarinnar sem er sjálfkjörinn.

Aðalfundur Vestfjarðadeildar sjúkraliða

Betra að hafa kennslu á staðnum

„Fyrsta verk nýs formanns var að halda litlu jólin fyrir sjúkraliðana, þau voru 14. desember og heim bauð Halldóra Magnúsdóttir. Við mættum 23 og áttum ánægjulega kvöldstund. Sú nýbreytni var tekin upp að ekki var skipst á pökkum heldur var peningurinn gefinn til vestfirðings sem glímur við veikindi,“ segir í ársskýrslu stjórnar Vestfjarðardeildar sjúkraliða sem Bergdís Sveinsdóttir formaður flutti á aðalfundi deildarinnar.

Í skýrslunni segir enn fremur meðal annars:

Í janúar átti ég í bréfaskriftum við Jón Reynir skólastjóra Menntaskólans á Ísafirði því nám við sjúkraliðabraut var ekki í boði. Hvað hann aðsókn ekki næga og kostnað mikinn, en brautin fór aftur af stað á haustönn sem er gleðiefni. Vorið 2012 útskrifuðust fjórir sjúkraliðar frá Menntaskólanum á Ísafirði, en einn á haustönn 2013.

Vorfundur var haldinn 4. júní. Þar fór formaður yfir það sem komið hafði fram á félagsstjórnarfundum í maí, t. d. reglugerðarbreytingar, dómsmál, uppsagnir, sameinaðar kjaraviðræður, leiðréttingu launa og það sem brennur á okkur sjúkraliðum í kjaraviðræðum. Við skiptumst á skoðunum og niðurstaðan okkar var: 1. hækkan grunnlauna. 2. stytting vinnuviku hjá vaktavinnufólki. 3. hækkan orlofs/desemberuppbótar. 4. að fjölga veikindadögum vegna langveikra barna um 10 daga á ári.

Fræðsludagur sjúkraliða var 1. október. Fagdeild sjúkraliða með sérnám bauð okkur að vera með í fjarfundarbúnaði. Við vorum 15 konur sem komum saman í fjarfundi á Hvest. Þetta var bæði fróðlegur og skemmtilegur fundur. Fanný Bogadóttir kynnti niðurstöður úr sinni könnun um framgang sjúkraliða með sérnám í öldrunarhjúkrun. Mjög margt athyglisvert kom þar fram. Óttar Guðmundsson læknir og rithöfundur var með léttu og skemmtilega fræðslu um kenningar sínar um geðsýki fornanna úr Brennu-Njálssögu. Að lokum kynnti Guðlaug Þórisdóttir, öldrunar- og lyflæknir efni sitt um verki og verkjameðferðir aldraðra.

Aðalfundur deildarinnar var haldin 7. nóv-



Sjúkrahúsið á Ísafirði, stærsti vinnustaður sjúkraliða á Vestfjörðum.

ember. Fundastjóri var Heiðrún Björnsdóttir. Formaður fór yfir það helsta sem upp kom á 80. fundi félagsstjórnar. Gerð var grein fyrir því að fulltrúar allra vaktavinnustétta sem starfa á opinberum vettvangi hefðu fundað og til stæði að standa saman að ákveðnum sértækum kröfum fyrir þær stéttir. Helsta krafan er stytting vinnuvikunnar og að taka út undanþáguna frá 11 tíma hvíld. Einnig var gerð grein fyrir átökum í námskrárnefnd vegna framhaldsnáms sjúkraliða. Kosið var í stjórn. Úr stjórn ganga Sigríður Jónsdóttir ritari og Sjöfn Kristinsdóttir meðstjórnandi, en inn koma Ólafía Sif Magnúsdóttir ritari og Sigurbjörg Kjartansdóttir meðstjórnandi. Einnig hættu báðir endurskoðendurnir þær Heiðrún Björnsdóttir og Sigríður Hreinsdóttir og kosnar í staðinn þær Sigríður Jónsdóttir og Halldóra Magnúsdóttir. Núverandi stjórn skipa: Bergdís Sveinsdóttir formaður, Guðbjörg Hjartardóttir varaformaður, Ólafía Sif Magnúsdóttir ritari og Sigurbjörg Kjartansdóttir meðstjórnandi.

Svo fórum við í óvissuferð með hjúkrunarfræðingum. Það var metþátttaka og einróma ánægja með þetta framtak.

18. nóvember fengum við námskeið í umhirðu og umgengni fylgihluta. Hingað vestur kom kennarinn með morgunvél og fór með kvöldvél. Vel sótt og fínt námskeið. Allir eru sammála um að það er betra þegar kennslan er á staðnum.

*Sjúkraliðbrautin fór
aftur af stað á haustönn
sem er gleðiefni*

Evrópudagur sjúkraliða

Evrópudagur sjúkraliða er 26. nóvember ár hvert og var þema dagsins árið 2013 álag í starfi stéttarinnar. Dæmi um álag í starfi:

- Álag sem fylgir því að vita að sjúklíngar t.d. í heimahjúkrun fá ekki þá hjúkrun sem þeir þurfa.
- Sjúkraliðinn fær ekki frið heima né með símann sinn.
- Mikil undirmönnun. Er samt ætlað að vinna það sem öðrum er ætlað að gera.
- Sjúkraliðar eru meðvirkir. Það veldur álagi.
- Miklar breytingar mánuðum og árum saman.
- Óvissa.
- Edenstefnan veldur auknu álagi þar sem stefnan er notuð til sparnaðar. Stefnan passar engan veginn á öllum stofnunum.

Við fengum sendar þessar fínu nælur sem minntu á álagið. Þær vöktu upp umræður og athugasemdir frá skjólstæðingum okkar.

Fundinum með Kristínu Á Guðmundsdóttur, formanni SLFÍ, og Gunnari Erni Gunnarssyni framkvæmdastjóra, þar sem þau kynntu kröfugerð félagsins, var frestað í tvígang vegna ófærðar í lofti, en svo tókst þetta mánuði seinna en áætlað var um miðjan desember. 11 konur mættu og áttu góðan og gagnlegan fund með þeim.

Kosning fór fram á trúnaðarmanni í heimahjúkrun þar sem Heiðrún Björnsdóttir hætti störfum hjá stofnunni. Við starfinu tók Sólveig Guðnadóttir, en aðstoðar/vara trúnaðarmaður er Sigrún Hinriksdóttir.

Vestmanneyjadeild sjúkraliða

Óbreytt staða eftir mikla óvissu

Aðalfundur Vestmannaeyjadeildar sjúkraliða var haldinn 17. október síðastliðinn í Arnardranga.

Í ársskýrslu stjórnarinnar um starfsemina á liðnu starfsári segir fráfarandi formaður, Rósa Sigurjónsdóttir, meðal annars:

Á síðasta aðalfundi deildarinnar komum við okkur saman um kosningu stjórnar 2012-13 með handauppréttingu: Formaður: Rósa Sigurjónsdóttir. Varaformaður: Sigríður Guðbrandsdóttir. Gjaldkeri: Sólveig Þ. Arnfinnsdóttir. Ritari: Ásta Halldórsdóttir. Meðstjórnandi: Erna Þórsdóttir. Kjaramál: Torfhildur Þórarinsdóttir. Einnig var kosið í aðrar nefndir og fært til bókar og trúnaðarmenn staðfestu sínar undirskriftir til næsta aðalfundar. Lesnir voru reikningar og önnur aðalfundarstörf. Mikið fjör var í kosningunni en fundarstjórnin, Þjarney Pálsdóttir, hafði góða stjórn á öllu. Mæting var góð eða um 20 af um 50 félagsmönnum. Þá eru meðtaldir nokkrir nemar við FÍV, en einn sjúkraliði útskrifaðist í desember.

Evrópudagur sjúkraliða: Ásdís Emilía (frábær penni) skrifaði grein í Eyjafréttir um upplifun sína í starfinu, hafi hún þökk fyrir. Þórunn Halldórsdóttir fór í FÍV og gaf nemum endurskinsmerki og veitti fræðslu um sjúkraliðastarfið og þökkum við henni vel fyrir það.

Jólafundur var með glæsibrag á Conreo veitingastað, jólahlaðborð og fínerí. Allir fengu gleði og fínar gjafir. Takk fyrir okkur kærur gleðigjafir!!!!!!!!!!!!

Haldið áfram þrátt fyrir óvissu

2013 gekk í garð. Gleðilegt nýtt ár! = óvissa? - niðurskurður? - sameining? - uppsagnir? - hvað svo??? Við höldum bara áfram þeim störfum sem við höfum lært til og bætum við þekkinguna með námskeiðum hjá Framvegis og gegnum Visku símenntunarmiðstöð.

Námskeiðin Kulnun í starfi, Aukinn styrkur og ekki síst frábært námskeið Dr. Hjálta Jónssonar sálfræðings um hugræna atferlismeðferð voru vel sótt. Svo sóttu nokkrir námskeið til Framvegis í Reykjavík og gegnum netið, sem er mjög góð viðbót við menntunarmöguleika okkar á landsbyggðinni í samvinnu við símenntunarmiðstöðvar. Vinnustaða-



Rósa Sigurjónsdóttir og Erna Þórsdóttir að störfum í Sjúkraliðalundinum.

fundir, trúnaðarmannafræðsla og samvinna í Vestmanneyjadeildinni er mjög góð og eins við skrifstofu SLFÍ í Reykjavík. Formaður Ve-deildar sótti febrúarfund í Reykjavík (formenn og stjórn). Mjög nauðsynlegt til þess að koma upplýsingum út í deildirnar. Starfið heldur áfram undir niðurskurðar- og óvissuástandi.

Við höldum góðan fund á Hraunbúðum í mars, fengum góðan hugleiðsluleiðbeinanda í heimsókn og höfðum gaman saman. Þróun félagsins og samvinna félaganna eflir sjálfstraust og stéttarvitund.

Í maí var sótt 22. Fulltrúaþing SLFÍ og 1. Trúnaðarmannaráðsfundurinn. Formaðurinn, Rósa, og trúnaðarmenn (Elsa og Vilborg) sóttu þessa fundi. Við fengum góðan styrk og uppörvun við að vinna sig áfram í þessari þrjúgandi óvissu.

Alþingiskosningar; „lagast þá ekki allt?“

2013 gekk í garð. Gleðilegt nýtt ár! = óvissa? - niðurskurður? - sameining? - uppsagnir? - hvað svo???

Nei! Enn sama ástand en samt nýr heilbrigðisráðherra, Kristján Þór Júlíusson. Hann er búinn að koma nokkrum sinnum til Eyja en engar lausnir, engir peningar. Punktur.

Sjúkraliðalundurinn

En vorið kom með sól í hjarta! Ve-deildin hélt í lundinn sinn góða með fjölskyldur og vini til að laga og hreinsa, gróðursetja og njóta útiveru. Svæðið okkar hefur nú fengið upplýftingu því Hitaveita Suðurnesja setti niður hellur og skilti með myndum frá starfsemi sinni fyrstu árin eftir gos, en 40 ára afmæli gosloka var á þessu ári. Við áttum þarna góða stund, grilloðum pulsar sem höfðinginn í Vöruvali splæsti á okkur. Allir fóru glaðir heim og við munum halda áfram að rækta garðinn okkar.

Sumarið leið án átaka á vinnustöðum okkar og hætt var við sameiningu heilbrigðisstofnanna, bæði hér í bænum og annarsstaðar. Skurðstofan er opin á skrifstofutíma, fæðingar fara flestar til Reykjavíkur, að minnsta kosti frumbyrjur. Læknar eru í verktakavinnu og heimahjúkrun hefur verið aukin og er það af hinu góða. Svo það er óbreytt staða hjá okkur og við vonum bara það besta.

Undirrituð sótti sinn síðasta félagsstjórnarfund í október og hann var mjög góður. Ég vil þakka öllum þeim sem ég hef starfað með í félagstjórninni og SFLÍ fyrir gott samstarf. Á fundinum var meðal annars rætt um „Edenstefnuna“ en hugtakið er ekki það sama og framkvæmdin og þess vegna þarf að setja fyrirvara á tilhögunina svo þetta verði ekki bara hentistefna í höndum einhverra!!

Óvissa var mikið rædd en hún skapar öryggi og álag og í kjölfarið minni starfsánægju og verri þjónustu, ekki viljum við það. En athugið! Þú þarft ekki að vera sérfræðingur í öllum sjúkdómum til að veita gleði sjúkum og samferðafólki, segir Rósa í skýrslunni.

Á aðalfundinum tók ný stjórn deildarinnar til starfa. Hún er þannig skipuð: Formaður: Áslaug Steinunn Kjartansdóttir, varaformaður: Sigríður Guðbrandsdóttir, gjaldkeri: Anna Lúðvíksdóttir, ritari: Ásta Halldórsdóttir, meðstjórnandi: Guðmunda Guðrún Vilhjálmssdóttir.

Ársskýrsla Suðurnesjadeildar sjúkraliða

Góð þátttaka í ferð til Eyja

Aðalfundur Suðurnesjadeildar sjúkraliða var haldinn miðvikudaginn 23. október 2013 í fundarsal á 3. hæð HSS í Reykjanesbæ.

Fram kemur í ársskýrslu að í stjórn deildarinnar voru á síðasta starfsári Ingibjörg Þorsteinsdóttir formaður, Ólafía Guðrún Bragadóttir varaformaður, Eyrún Ósk Elvarsdóttir gjaldkeri, Ása K. Þórðardóttir ritari, Helga Steindórsdóttir meðstjórnandi og Ingibjörg Anna Bjarnadóttir varamaður. Endurskoðendur voru Valdís Þórarinsdóttir og Erla Sigurðardóttir fyrir árin 2012-2014. Á síðasta starfsári voru haldnir 6 stjórnarfundir, en á fyrsta stjórnarfundinum þann 16. nóvember 2012 skipti stjórnin með sér verkum.

Helstu verkefni þetta árið fyrir utan stjórnarfundir var að Ingibjörg Þorsteinsdóttir og Ólafía Guðrún Bragadóttir sátu árlegt Fulltrúafing SLFÍ í maí. Ingibjörg formaður var við útskrift sjúkraliðanema hjá FS í desember þar sem 2 sjúkraliðar útskrifuðust og formaður var einnig við útskriftina í maí þar sem 14 sjúkraliðar útskrifuðust, sem er metútskrift sjúkraliða í einu hjá FS, og veitti hún þeim viðurkenningu og færði þeim blóm.

Evrópudagur sjúkraliða er 26. nóvember ár hvert og var ekkert sérstakt gert á Suðurnesjum þennan dag þetta árið.

Hinum árlega jólafundinum var aflýst, en jólafundarnefndin ætlaði að hafa hann laugardaginn 1. desember en ekki var talin næg þátttaka til að halda fundinn.

Velheppnuð vorferð

Vorferðin var farin þann 3. maí. Farið var af stað klukkan 6.30 frá HSS með 80 manna rútu frá Sérleyfisbílum Akureyrar en í heildina fóru 72 sjúkraliðar, hjúkrunarfræðingar og ljósmæður í þessa skemmtilegu ferð. Tókum við rútna með okkur í Herjólfi og fórum skoðunarferð um eyjuna og var Ingibjörg Bjarnadóttir varamaður í stjórn leiðsögumaður en hún hefur búið og starfað í Vestmannaeyjum. Heimsóttum



Svipmynd úr Eyjaferð sjúkraliða á Suðurnesjum.

við Heilbrigðisstofnum Vestmannaeyja og var vel tekið á móti okkur þar, fengum við kaffi og smákökur og skoðuðum síðan allan spítalann. Þar sem skipið Víking Tour var bílað og ekki hægt að fara í siglingu um eyjarnar þá var tímanum eytt í að skoða í búðir, kaffihús og þöbba. Endað var á að borða í Einsa Kalda áður en haldið var heim á leið með Herjólfi. Söngbækurnar okkar voru svo nýttar og sungið glatt á heimleiðinni og komið heim kl. 23.00. Það var D-deildin á HSS sem sá um vorferðina að þessu sinni.

Haldin voru 4 námskeið í samvinnu við Símenntun: Sár og sárameðferð, Taugasjúkdómar, Hugræn athyglismeðferð og Móttaka og hjúkrun bráðveikra, og voru þau öll mjög vel sótt.

Endurnýjun trúnaðarmanna

Formaður fór yfir skráningu trúnaðarmanna sem er í góðum málum allstaðar nema á Nesvöllum en þar neita þær að hafa trúnaðarmann. Framvegis verður það

þannig að trúnaðarmannaskipti fara fram á sama tíma á öllu landinu og er það fyrir 1. október annað hvert ár, næst 2014. Þriggja manna kjörstjórn á að vera á hverju svæði eða stofnun og ákvað stjórnin á stjórnarfundinum að aðaltrúnaðarmenn á HSS væru í einni kjörstjórn sem sæi um að endurnýja og/eða kjósa næstu trúnaðarmenn á HSS og að aðaltrúnaðarmenn á Garðvangi, Hlévangi og Nesvöllum væri í annarri Kjörstjórn sem sæi um þær stofnanir.

Formaður sat 3 félagsstjórnarfundir í Reykjavík. Einnig fund Trúnaðarmannaráðs ásamt trúnaðarmönnum af Suðurnesjum.

Formaður er í Styrktar- og minningarsjóðsnefnd SLFÍ og Birna Rut Þornbjörnsdóttir er í Kjaramálanefnd.

Úthlutað var úr potti þeim sem ríkið samþykkti fyrir tveimur árum og sett var inni stofnanasamningana og var hækkan að jafnaði 4.8%, afturvirkta frá 1. mars.

Kristín Á Guðmundsdóttir formaður Sjúkraliðafélags Íslands og Gunnar Örn Gunnarsson framkvæmdarstjóri félagsins komu og héldu fund með sjúkraliðum á HSS vegna mikils álags á sjúkraliða á stofnuninni og kynntu í leiðinni stöðu og gang í samningarmálum.

Haldin voru fjögur námskeið í samvinnu við Símenntun

Austurlandsdeild sjúkraliða

Góð mæting trúnaðarmanna

„Sjúkraliðar á Austurlandi byrjuðu starfsárið með haustfagnaði á Hótel Hallormstað, sem haldinn var 30. september 2012. Þar komu saman milli 30-40 sjúkraliðar ásamt mökum. Haustfagnaðurinn byrjaði með þriggja rétta máltíð og hótélbandið spilaði undir. Að máltíð lokinni voru sjúkraliðar með heimagerð skemmtiatriði. Veislustjóri var Berghildur Fanney Hauksdóttir sjúkraliði, en Gunnlaugur Einarsson spilaði á harmonikku undir fjöldasöng og hélt uppi fjörinu fram eftir kvöldi. Berghildi Fanneyju og Gunnlaugi og öllum þeim sem komu að undirbúningi haustfagnaðarins eru færðar bestu þakkir fyrir,“ segir í ársskýrslu stjórnarinnar sem lögð var fram á aðalfundi deildarinnar sem haldinn var á Egilsstöðum.

Stjórn Austurlandsdeildarinnar hefur haldið 5 stjórnarfundum. Af óviðráðanlegum aðstæðum féll vorfundurinn niður þetta árið, en áætlað hafði verið að halda hann á Seyðisfirði. Formaður og varaformaður sóttu 3 félagsstjórnarfundum auk þess sem formaður sótti Fulltrúaþing félagsins og fundi Trúnaðarmannaráðsins. Trúnaðarmannaráð SLFÍ

var stofnað í október 2012 og fundaði í maí og í október. Næstum því 100% mæting var hjá trúnaðarmönnum á Austurlandi á þessum fundum.

Þrjú sjúkraliðar útskrifuðust frá Verkmenntaskólanum í Neskaupsstað síðastliðið vor.

Fundir og fræðsla

Stjórn deildarinnar hélt fund með trúnaðarmönnum í september, en eins og samþykkt var á seinasta aðalfundi deildarinnar var trúnaðarmannakerfið á Austurlandi samræmt þannig að sama ár fer kosning trúnaðarmanna fram. Valið var í 3ja manna kjörnefndir á hverjum vinnustað sem sáu um kjör trúnaðarmanna. Nú er búið að kjósa trúnaðarmenn á öllum starfstöðunum og eru allir trúnaðarmenn rétt kjörnir til 1. október 2015.

Formaður félagsins Kristín Á. Guðmundsdóttir var stödd á Egilsstöðum 5. september og bauðst sjúkraliðum á Austurlandi að hitta hana í fundarsal sjúkrahússins á Egilsstöðum til skrafs og ráðagerðar um kjaramál.

Sérdeild sjúkraliða með framhalds-menntun hélt fræðsludag þann 1. október s.l. og var hann sendur út í fjarfundi til Egilsstaða og Hornafjarðar.

Formaður deildarinnar hefur verið í viðræðum við Fræðslumiðstöðina Austurbrú um hvort væri hægt að fá námskeið frá Framvegis hingað austur. Auk þess vil ég minna á að hægt er að fá námskeiðin í gegnum tölvur hjá Framvegis.

Fyrir hönd stjórnar Austurlandsdeildar SLFÍ vil ég þakka öllum sjúkraliðum á Austurlandi fyrir samstarfið síðastliðin fjögur ár um leið og ég óska nýrri stjórn farsældar á komandi árum, sagði fráfarandi formaður stjórnar Austurlandsdeildar sjúkraliða, Steingerður Steingrimsdóttir.

Á fundi 7. nóvember 2013 urðu stjórnarskipti hjá Austurlandsdeild SLFÍ. Eftirtaldir sjúkraliðar voru kosnir í stjórn deildarinnar: Stefania Stefánsdóttir formaður Seyðisfirði, Sandra Guðmundsdóttir Seyðisfirði, Bergrún Hafsteinsdóttir Egilsstöðum, Ingibjörg Aðalsteinsdóttir Egilsstöðum, Margrét Kristín Sigurbjörnsdóttir Egilsstöðum.

Fagdeild sjúkraliða með sérnám

Ánægja með mastersritgerð

Aðalfundur Fagdeildar sjúkraliða með sérnám var haldinn mánudaginn 4. nóvember síðastliðinn að Grettisgötu 89, 1. hæð í húsi BSRB.

Í stjórn Fagdeildar sjúkraliða með sérnám voru á liðnu starfsári: Formaður Linda Gustafson, gjaldkeri Halldóra Lydía Þórðardóttir og ritari Ingunn Ingþórsdóttir. Meðstjórnendur eru Bára Hauksdóttir, Jóhanna Traustadóttir og Magdalena S. Kristinsdóttir.

„Tveir stjórnarfundir voru haldnir á árinu, sá fyrri 7. janúar 2013 og hinn 18. mars 2013. Vegna anna í stjórn sérdeildar varð að fresta aðalfundinum fyrir 2012 til 30. janúar 2013. Anna María Guðmundsdóttir fór úr stjórn og Jóhanna Traustadóttir var kosin í hennar stað. Mjög góðar umræður voru á þeim fundum.

Fanný Kolbrún Bogadóttir kom á skrifstofu Sjúkraliðafélag Íslands og kynnti niðurstöður úr mastersritgerð sinni þann 6. júní 2013 um starfssvið sjúkraliða með sérnám í öldrunarhjúkrun. Á

þeim fundum voru stjórnendur félagsins og formaður Fagdeildar. Mikil ánægja var með rannsóknina og úrvinnslu gagna og komu margir mjög áhugaverðir þættir fram. Ákveðið var að Fanný kynnti mastersritgerðina á næsta fræðsludegi sjúkraliða.

Haldinn var Fræðsludagur sjúkraliða með sérnám 1. október 2013 sem var opinn öllum sjúkraliðum um land allt. Að venju var nokkur undirbúningur fyrir sérdeildina og formenn landshlutadeilda. Fræðsludagurinn gekk mjög vel.

Breytingar verða í stjórn Fagdeildar sjúkraliða með sérnám. Fráfarandi formaður Linda Gustafson er búin að sitja tvö kjörtímabil og hefur ákveðið að bjóða sig ekki fram aftur,“ segir í ársskýrslu stjórnarinnar.

Á aðalfundinum var kjörin eftirfarandi stjórn deildarinnar: Formaður Halldóra Lydía Þórðardóttir, varaformaður Magdalena S. Kristinsdóttir, gjaldkeri Ingunn Ingþórsdóttir, ritari Bára Hauksdóttir og meðstjórnandi Jóhanna Traustadóttir.

Sjúkraliðar á Norðurlandi vestra

43 sjúkraliðar
í deildinni

Aðalfundur deildar sjúkraliða á Norðurlandi vestra var haldinn 8. nóvember 2013 á Kaffi-Krók á Sauðárkróki, en í deildinni eru 43 sjúkraliðar.

Í skýrslu fráfarandi formanns deildarinnar kom meðal annars eftirfarandi fram um starfsemina á liðnu starfsári:

Stjórnin hefur haldið 3 stjórnarfundum á starfsárinu.

Ping Sjúkraliðafélags Íslands var haldið 21. maí 2013. Formaður deildarinnar hefur sótt félagsstjórnafundi á árinu, á þeim fundum var farið yfir helstu mál félagsins. Nú er byrjuð vinna fyrir næstu kjarasamninga, fyrsti fundur var í húsi BSRB. 8. október en þar komu saman formenn og trúnaðarmenn deildanna. Framkvæmdastjóri og formaður fóru yfir helstu mál sem verða lögð fram í kjarabaráttunni, en einnig var farið yfir launakönnunina sem var send út vorið 2013.

Sjúkraliðar finna fyrir miklu vinnuálagi í vinnunni og óöryggi í atvinnumálum.



Sjúkraliðar fóru í vorferð til Akureyrar á starfsárinu.

Niðurskurður og sameiningamál valda þessu óöryggi. Núna er komið að okkur ágætu félagsmenn að styðja við bakið á okkar ágætu stjórn Sjúkraliðafélags Íslands og þeim sem standa í kjarabaráttunni. Hvet ég félagsmenn til að passa upp á réttindi sín á vinnustöðum okkar að það sé ekki brotið á okkur.

Sjúkraliðar eiga nú í dag möguleika á að bæta við sig menntun með því að sækja

ýmis námskeið t. d. í geðhjúkrun og öldrunarhjúkrun. Hvet ég sjúkraliða til að bæta við sig framhaldnámi.

Ágætu félagsmenn, nú er komið að leiðarlökum þessarar stjórnar. Stjórnin þakkar fyrir gott samstarf á síðastliðnum 4 árum. Við þökkum líka gott samstarf við Sjúkraliðafélagið og stjórn þess og við vonum að samstarf við deildina verði ávallt farsælt. Í lokin ætla ég að segja þetta: Sjúkraliðar, látum rödd okkar heyrast hátt og skýrt og verum sýnileg út á við.

Stjórn Norðurlandsdeildar vestri er nú þannig skipuð:

Formaður Guðrún Elín Björnsdóttir Sauðárkróki, varaformaður Sigurlaug Dóra Ingimundardóttir Sauðárkróki, gjaldkeri Stefania Jónsdóttir Sauðárkróki, ritari Geir- laug Ingibjörg Jónsdóttir Sauðárkróki og meðstjórnandi Albert Stefánsson Blöndu- ósi. Endurskoðandi er Birna Sólveig Lúk- asdóttir Blönduósi.

Hvammstangi í Vesturlandsdeild

Aðalfundur Vesturlandsdeildar Sjúkraliðafélags Íslands var haldinn 6. nóvember síðastliðinn á veitingahúsinu Galito á Akranesi.

Í ársskýrslu kemur fram að í stjórn deildarinnar eru Erla Linda Bjarnadóttir (formaður), Ingibjörg Hulda Björnsdóttir (varaformaður), Barbro Elisabet Glad (gjaldkeri), Kolbrún Katarínusardóttir (ritari) og Jóhanna Sigurvinsdóttir (meðstjórnandi).

Þar segir enn fremur að á síðasta aðalfundi hafi verið mjög góð mæting eða rúmlega 80 manns. „Sigríður Klingenberg eða Sigga Kling kom og skemmti okkur með allskyns uppákomum eins og henni er einni lagið, boðið var upp á góðan mat og skemmtum við okkur allar mjög vel. Hvammstangi kom nýr inn í Vesturlandsdeildina og buðum við þær allar hjartanlega velkomnar og vonum að þær verði ánægðar í Vesturlandsdeildinni. Það voru 6 stjórnarfundir hjá Vesturlandsdeildinni á árinu til að skipuleggja starfið og aðalfundinn og var alltaf full mæting stjórnar á alla fundi.“

Nokkrir fundir voru haldnir hjá félagsstjórn Sjúkraliðafélags Íslands á starfsárinu. 22. fulltrúafundur Sjúkraliðafélagsins var haldið 21.- 22. maí 2013, en áður 2. fundur Trúnaðarmannaráðs.

Á þinginu var Kristín Á. Guðmundsdóttir áfram kjörin formaður til 2016. Byrjað var að leggja grundvöll yfir kjarabaráttu 2014.

„Það komu til okkar 2 fyrirlesarar á starfsárinu. Sá fyrri er hjúkrunarfræðingur á LSH sem sagði okkur frá aðstæðum þaðan og að sjúkraliðar og hjúkrunarfræðingar og í raun allt starfsfólk sjúkrahúsanna verði að vinna saman til að allt gangi upp. Hafrún Íþróttasálfræðingur hélt erindi um liðsheild og hópavinnu. Eftir sumarfrí hefur verið haldinn einn félagsstjórnarfundur og fundur Trúnaðarmannaráðs þar sem var farið í kröfur fyrir kjarasamninga.

Ég þakka fyrir árið, það er ávallt jafn fróðlegt að kynnst þessu og ég efast ekki um að næsta ár verði enn fróðlegra þar sem maður fær að kynnst einhverju sem maður hefur ekki upplifað áður. Enn kveð ég með uppáhaldsmottói sjúkraliða: Samstaða er afl sem ekkert fær staðist,“ segir Erla Linda Bjarnadóttir í ársskýrslunni.

Á aðalfundinum mætti Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélagsins, og spjallaði við félagsmenn. Þá kom Heiðar Jónsson í heimsókn og skemmti fundargestum.

Hræðslustjórnun á sumum svæðum

- eina vonin er að standa saman

„Því miður er ekki mikil starfsánægja hjá öllum sjúkraliðum á svæðinu. Virðist sem að hræðslustjórnun sé í gangi á sumum vinnu-svæðum. Við þannig aðstæður reynir á samstöðuna. Eina von okkar til að verjast þessu er að standa saman. Það getur verið létt verk að brjóta niður einstaklinginn en sameinuð stöndumst við allt. Trúnaðarmenn þurfa að vera vel vakandi og leita sér aðstoðar þegar þeir þurfa og vera duglegir að hittast og ræða málín. Hinn almenni félagssmaður þarf líka að vera duglegur að leita aðstoðar. Deildin og skrifstofan í Reykjavík eru ykkur til aðstoðar þegar þarf,“ segir í ársskýrslu stjórnar DSNE, Deildar sjúkraliða á Norðurlandi eystra.

Í stjórn deildarinnar eru: Hulda Birna Frímannsdóttir formaður, Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir varaformaður, Ásmundur Þórhallsson gjaldkeri, Marín Jónsdóttir ritari, Eva Karlotta Einarsdóttir meðstjórnandi og Guðrún Ásdís Ásmundsdóttir varamaður.

Í föstum skorðum

„Starfsemi deildarinnar er í föstum skorðum og gengur bara nokkuð vel. Haldnir voru 4 stjórnarfundir á tímabilinu. Vinnufundur var haldinn í ágúst á Siglufirði. Þar skipulögðum við starf deildarinnar í vetur. Á Siglufirði hittum við starfandi sjúkraliða og skoðuðum Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar. Haldnir voru 2 fundir með trúnaðarmönnum á árinu og mæta þeir ávallt mjög vel. Trúnaðarmenn sendu frá sér í haust punkta sem innlegg í kröfugerð félagsins og sýndu mikinn áhuga og ánægju með að taka beinan þátt í mótun kröfugerðarinnar.

Trúnaðarmenn fjölmenntu á tvo fundi Trúnaðarmannaráðs í Reykjavík á tímabilinu. Stofnun Trúnaðarmannaráðs hefur sýnt sig að hafa verið gott framtak til að virkja fleiri félagsmenn og tengja betur allt félagið sem heild.

Formaður fór á 3 félagsstjórnarfundum. Kristín Jónsdóttir og Hulda Birna fóru á fulltrúþing félagsins 21.-22. maí,“ segir í ársskýrslunni.

Vinnustaðakynning

Formaður félagsins og framkvæmdastjóri



Sjúkrahúsið á Akureyri var kynnt í blaði félagsins. Hér ræða trúnaðarmenn um vinnustaðinn.

komu ásamt blaðamanni Sjúkraliðans í heim-sókn til Akureyrar. Erindi þeirra var að kynna sér FSA og starfsemi þess en FSA var vinnu-staðaheimsókn desemberblaðs Sjúkraliðans. Formaður deildarinnar slóst í för með þeim. Við áttum stefnumót við Þóru Ákadóttur starfsmannastjóra en hún kynnti starfsemi-na og starfsmannastefnu stofnunarinnar. Trúnaðarmenn FSA bættust svo í hópinn og skoðuðum við handlækninga- og lyflækningardeildir. Kristín og Gunnar settust svo niður með trúnaðarmönnum og fóru yfir málín. Farið var í Kristnes og það skoðað.

Kristín og Gunnar hafa líka komið norður á tímabilinu til að leysa mál sem komið hafa upp og styðja félagsmenn eftir þörfum.

Fundarhöld

Góð tengsl eru að nást á milli deildarinnar, sjúkraliðanemanna og VMA. Stjórn deildarinnar ætlar að fara í febrúar og hafa kynningu

Góð tengsl eru að nást á milli deildarinnar, sjúkraliðanemanna og VMA

fyrir nemana á félaginu og deildinni. Við útskrift allra sjúkraliða á okkar svæði gefur deildin útskriftarblóm og svo fá þeir afhenta möppu sem inniheldur lykil af gefandi framtíð.

Fræðsludagur fagdeildarinnar var haldinn 1. okt. í fjarfundi á FSA. Þangað mætti 30- 40 manna hópur. Þar á meðal voru neman frá VMA og einn kennari.

Kosnir voru trúnaðarmenn við Heilsugæsluna á Akureyri, Dalbæ Dalvík og Heilbrigðisstofnunni á Siglufirði. Gengið var frá skipan trúnaðarmanna í Lögmannshlið en þar hafði ekki verið næg mæting í kosningar og þær því ógildar. Leitað var til 2ja aðila sem tóku þetta að sér, þær Erla og Guðríður.

Ný lög um heilbrigðisstéttir hafa tekið gildi og reglugerðir sem þeim fylgja. Illa gekk að fá reglugerð að okkar skapi um sjúkraliða þar sem hjúkrunarfræðingar í ráðuneytinu ætluðu að koma í veg fyrir framgang sjúkraliða með reglugerðinni. Kristínu og Gunnari tókst þó að koma í gegn reglugerð sem þeim hugnaðist áður en ráðherraskipti urðu í ráðuneytinu og skrifaði Guðbjartur undir reglugerðina áður en hann hætti. Hvet ég alla sjúkraliða til að kynna sér reglugerðina og nýju lögín.



Átta sjúkraliðanemar frá fjórum fjölbrautaskólum tóku þátt í Íslandsmótinu 2014. Frá Fjölbrautaskóla Suðurlands Bergrós Heiða Haraldsdóttir og Andrea Óskarsdóttir, frá Verkmenntaskólanum á Akureyri Helga Margrét Jóhannesdóttir og Anna Fanney Stefánsdóttir, frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti Berglind Gunnarsdóttir og Krístrún Pétursdóttir og frá Fjölbrautaskólanum við Ármúla Steinar Jónsson og Stefanía Pálsdóttir.

Íslandsmót iðn- og verkgreina 2014

Nemar frá VMA sigruðu í keppni í hjúkrun

Íslandsmót iðn- og verkgreina var haldið í Kórum í Kópavog í marsmánuði. Sjúkraliðanemar frá Verkmenntaskólanum á Akureyri, VMA, sigruðu í keppni í hjúkrun.

„Við reyndum að fá alla stóru framhaldsskólana sem útskrifa sjúkraliða til að taka þátt í Íslandsmótinu,“ segi Birna Ólafsdóttir, skrifstofustjóri Sjúkraliðafélags Íslands. „Það eru 11 skólar sem hafa sjúkraliðabrautina í boði, en sumir þeirra útskrifa þó ekki sjúkraliða á hverju ári. Þegar upp var staðið svöruðu fjórir skólar kalli okkar, það er Verkmenntaskólinn á Akureyri, Fjölbrautaskóli

Suðurlands, Fjölbrautaskólinn við Ármúla og Fjölbrautaskólinn í Breiðholti. Markmið Íslandsmótsins er meðal annars að kynna og vekja áhuga grunnskólanemenda á iðn- og verknámi og þeim fjölmörgu tækifærum sem nám í greinunum hefur upp á að bjóða, en keppendur takast á við krefjandi og raunveruleg verkefni í samkeppni sem reynir á hæfni, skipulagshæfileika og fagmennsku. Tilgangur okkar hjá Sjúkraliðafélaginu er fyrst og fremst að auglýsa fagið og vekja áhuga unga fólksins sem er að fara að taka ákvörðun um framhaldsmenntun sína og lífsstarf. Allir nemend-

ur í áttunda, níunda og tíunda bekk grunnskóla frá flestum landshlutum fengu boð um að mæta í Kórinn og komu í rútum frá sínum skólum.“

Tvö raunhæf verkefni

Það er Verkið sem stendur fyrir Íslandsmótinu, sem er haldið annað hvert ár, en þetta er í annað sinn sem Sjúkraliðafélag Íslands tekur þátt með keppni í hjúkrun. Að þessu sinni tóku meira en 60 skólar og félög þátt í mótinu sem stóð yfir í þrjá daga. Gestir fengu tækifæri til að snerta og prófa hluti undir handleiðslu fagmanna í ýmsum greinum, og boðið var upp á þátttöku í ratleik um svæðið.

Fjögur tveggja manna lið sjúkraliðanema kepptu í hjúkrun á mótinu, en samkvæmt alþjóðlegum reglum um keppni af þessu tagi þurfa allir keppendur að vera yngri en 21 árs, en við fengum undanþágu að hafa 25 ára aldurstakmark.

„Nemarnir tókust á við tvö verkefni, annars vegar hjúkrun á sjúkradeild en hins vegar hjúkrun á hjúkrunarheimili,“ segir Birna, en stutt lýsing á verkefnunum er birt hér til hliðar. „Verkefni eru vandlega undirbúin þannig að leikararnir tveir sem fara með hlutverk sjúklinganna vita hvernig þeir eiga að haga



Sjúkraliðanemarnir Helga Margrét Jóhannesdóttir og Anna Fanney Stefánsdóttir fagna sigri. Með þeim á myndinni eru Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir, sem á sæti í fræðslunefnd félagsins, og María Albína Tryggvadóttir, brautarstjóri hjá VMA.

sér og hvað þeir eiga að segja og gera, þó svo að þeir „spinni“ þráðinn þess á milli. Lögð er áhersla á að verkefni séu mjög raunsæ og að kröfurnar til sjúkraliðanemanna séu í samræmi við námskrá sjúkraliðabrauta, en við það verk nutum við góðrar aðstoðar brautarstjóra skólanna. Fjölmargir sjúkraliðar komu einnig að þessum undirbúningi, en við þurftum meðal annars að fá lánaðan allan útbúnað frá Landspítalanum til að setja sjúkrastofurnar á svið í Kórnum með öllum þeim húsgögnum, tækjum og tólum, fatnaði og öðrum hlutum sem eru til staðar á sjúkrastofum. Þetta var mikil vinna enda kappsmál Sjúkraliðafélagsins að gera þessa keppni í hjúkrun sem raunverulegasta.

Fyrir keppnina þjálf leiðbeinendur, sem eru sjúkraliðar og taka að sér sjúkraliðanema frá skólunum, keppendur í að takast á við verkefni, þannig að nemarnir hafa allir æft sig fyrirfram. Þeir dómarar dæma frammistöðu þeirra í hvoru verkefninu fyrir sig og hafa ítarlegan tékklista yfir það sem þarf að vera í lagi við hjúkrunina sem þeir nota við einkunna-gjöfina. Við sendum einn dómara okkar á alheimskeppni í hjúkrun sem haldið var í Leipzig í Þýskalandi í fyrra til að fá þjálfun í að dæma og kenna öðrum hér heima.“

- Var mikill munur á frammistöðu keppnisliðanna?



Brautarstjórar skólanna fjögurra sem tóku þátt í mótinu, frá vinstri: Guðrún Hildur Ragnarsdóttir, FÁ, Sigrún Gísladóttir og Karen Júlía Júlíusdóttir frá FB, Helga S. Sveinsdóttir, staðgengill brautarstjóra FSU, og María Albína Tryggvadóttir, VMA.

„Nei, reyndar ekki,“ svarar Birna. „Nemarnir stóðu sig allir mjög vel, en þegar upp var staðið var liðið frá VMA með flest stig. Þess má geta að á fyrsta Íslandsmótinu í hjúkrun sem var haldið fyrir tveimur árum fór FB með sigur af hólmi.“

- Hvaða verðlaun voru í boði?“

„Sjúkraliðafélagið borgar í fyrsta lagi annan kostnað við þátttöku keppnisliðanna svo sem ferðir og gistingu og annað þess háttar,“ svarar Birna. „Þeir keppendur sem sigra fá 50

þúsund króna greiðslu og skólinn þeirra fær 100 þúsund krónur til að styrkja sjúkraliðabrautina til dæmis með tækjakaupum. Allir keppendur fengu líka blóm og medalíu og sigurliðið bikar.“

Sjúkraliðar voru ekki aðeins með þessa keppni í hjúkrun í Kórnum heldur kynntu þeir líka starf stéttarinnar, buðu gestum upp á blóðþrýstingsmælingar og tóku að sér að sjá um skyndihjálp á sýningar svæðinu.

Verkefni 1

Hjúkrun á sjúkradeild

Ella Klein er 72 ára með sykursýki af gerð 2, hún fékk innanbást (subdural hematoma) blæðingu og mar á heila fyrir þremur dögum. Ella býr heima með eiginmanni sínum sem er líka 72 ára. Þau eiga uppkomin börn, son og dóttur, sem búa ekki nálægt þeim. Fyrir þremur dögum hneig Ella niður og var þá flutt á bráðadeild. Við komu á deild var hún áttuð, vinstri fótleggur var aðeins aumur og hún mundi ekki hvaða dagur var, en eiginmaður hennar sagði að það væri ekki óvanalegt. Hún er með sár á olnboga og hnakka. Í dag er hún í góðu ástandi til að fara heim.

Verkefni nemanda:

- Meta ástand Ellu á mál, áttun á stað og stund, vöðvastyrk, hreyfingar.
- Fylgjast með lífsmörkum og skrá (hiti, puls, bþr og súrefnismettun í blóði)
- Mæla blóðþrýsting við stöðubreytingar (orthostatískan blóðþrýsting).
- Fylgjast með sárum og skipta um umbúðir á olnboga.
- Aðstoða hana við að taka sig til fyrir brottför af spítalanum.
- Ganga frá rúmi, borði og gera herbergið tilbúið fyrir næsta sjúkling.

Verkefni 2

Hjúkrun á hjúkrunarheimili

Georg Logason er 65 ára með Alzheimer sjúkdóm. Hann býr nú á hjúkrunarheimili þar sem hann hefur dvalið í eitt ár.

Í dag á Georg erfitt með að rata á heimilinu, hann er oft ráfandi um og leitandi að sínu herbergi.

Herbergið er merkt með nafni hans á hurðinni en það virðist ekki hjálpa honum. Einnig á hann orðið erfitt með að nota hnífapör þegar hann borðar. Georg nýtur þess að borða góðan mat, lesa og fara í göngutúra. Georg er ekill, eiginkona hans lést fyrir tveimur árum. Hann vann sem kokkur á hóteli alla sína starfsævi.

Hann á eina dóttur og tvo afastráka sem eru 8 og 5 ára. Þau koma og heimsækja hann einu sinni í mánuði því þau búa í talsverðri fjarlægð frá hjúkrunarheimilinu.

Verkefni nemanda:

- Gera sér grein fyrir áttun Georgs.
- Huga að grunnþörfum Georgs.
- Aðstoða við fæðuinntekt.
- Eiga samskipti við Georg sem veita vellíðan.
- Endurminningar liðinna daga.
- Hvernig getið þið hjálpað til við að draga úr ráfi Georgs?
- Nýtið ykkur sögu Georgs til að auka virkni og vellíðan hans.

Gönguferðir í sumar

Leiðsögumaður og ferðaskipuleggjandi er Úlfheiður Kaðlín Ingvarsdóttir, leiðsögumaður og sjúkraliði, sími 6944920, E-mail: kadlinheida@gmail.com

Gengið á Lónsöræfi 16. júlí til 21. júlí

Sjúkraliðum gefst kostur á að ganga um Lónsöræfi dagana 16. til 21. júlí næstkomandi. Ferðin kostar 40 þúsund krónur og 6 orlofsþykka fyrir félagsmenn, en 60 þúsund krónur fyrir utanfélagsmenn. Ferðin er aðeins fyrir vant göngufólk.

Lónsöræfi eru austan Vatnajökuls, víðáttumikil öræfi kennd við Lón. Á vissan hátt eru Lónsöræfi hugarástand þar sem ferðalangur verður ósjaldan bergnuminn. Hann lítur fjalladýrdina og jökulaurana augum og skynjar áður óþekktan kraft í hrikaleik og litaspili. Hann er staddur í lifandi málverki.

Litskrúði Lónsöræfa stafar að mestu frá fornum megineldstöðum. Bergtegundirnar eru fjölbreytilegri en í öðrum héruðum landsins og er það ástæða litadýrðar Lónsöræfa.

Bóka þarf þátttöku í gönguferðum

Sjúkraliðafélags Íslands og borga þær á skrifstofu félagsins, en ekki á Orlofsvefn-um. Staðfestingargjald er 10 þúsund krónur og fæst ekki endurgreitt.



Sjúkraliðar í hálandisferð að sumarlagi.

Töfrar Torfajökuls

Farið verður í síðari ferð sumarsins dagana 7. til 10. ágúst. Verð fyrir félagsmenn er 30 þúsund krónur og 6 orlofsþykka. Verð fyrir utanfélagsmenn 50 þúsund krónur.

Þessi ferð er um eitt mesta jarðhitasvæði Íslands, Torfajökulssvæðið, en hvergi á landinu hefur almættið verið örlátara á litrófið en á þessu svæði. Líparítjöllin spanna nánast alla liti. Líparítið er að mestu komið upp við gos undir jökli á ísöld.

Þessi ferð er við allra hæfi og tekið verður fullt tillit til þeirra sem ekki treysta sér í miklar göngur. Hver ferðafélagi taki með sér nesti fyrir fyrsta daginn, heitt á brúsa, sundföt fyrir hugsanlegt fjallabað og bakpoka tilbúinn í gönguferð. Gengið er um jarðhitasvæði og því mikilvægt að vera sérlega vel skóaður.

Haustleiga orlofshúsa



Sjúkraliðafélag
Íslands

Félagsmenn Sjúkraliðafélags Íslands eiga kost á haustleigu í sex orlofshúsum innanlands, íbúðum á Akureyri og í Reykjavík og íbúð í Kaupmannahöfn. Nú þegar er opið á orlofsvefnum fyrir bókanir í Kaupmannahöfn út yfirstandandi ár, en frá 17. september kl. 13.00 verður hægt að bóka fyrir allt árið 2015. Þann 20. ágúst nk. kl. 13.00 verður opnað fyrir bókanir innanlands vegna leigu á tímabilinu 5. september til 2. janúar 2015.

Verð innanlands:

- Vikuleiga frá föstudegi til föstudags 20.000 krónur
- Helgarleiga frá föstudegi til mánudags 13.000 krónur
- Virkir dagar 3.000 krónur
- Jól frá 19. desember til 26. desember 20.000 krónur
- Áramót frá 26. desember til 2. janúar 20.000 krónur

Leiga um jól og áramót kostar 24 orlofsþykka.

Dagsleiga er á íbúðinni í Kaupmannahöfn (hámark 7 dagar) og kostar hver dagur 10.000 kr.

Bókanir

Félagsmenn bóka sjálfir og ganga frá greiðslu í gegnum orlofsvef slfi.is. Þegar því er lokið fá þeir kvittun og leigusamning sendan á það netfang sem skráð var við bókunina. Þeir sem einhverra hluta vegna hafa ekki tök á að bóka sjálfir geta haft samband við skrifstofu SLFÍ og fengið aðstoð. Símar á skrifstofunni eru 553 9493 og 553 9494.

Leiga á sængurfatnaði

Leigtökum íbúðanna í Reykjavík og á Akureyri býðst að leigja sængurfatnað og handklæði.



Hægt er að bóka á orlofsvef SLFÍ gistingu í Kaupmannahöfn út árið. Frá 17. september verður hægt að bóka fyrir allt árið 2015.



Frá og með 20. ágúst verður hægt að bóka haustleigu í bústöðum og íbúðum félagsins.